

TÍUND

FRÉTTABLAÐ RSK • NÓVEMBER 2014



Ráðstefna RSK um skattaskjól



Rafræn skilríki

Virðisaukaskattur í 25 ár

LEIÐRÉTTINGIN



Lagst á árarnar

Samfélagið á Íslandi hefur breyst mikið á undanförunum árum. Þjóðfélagsviðhorf, umræða, áherslur og almenn afstaða eru önnur en voru í upphafi þessarar aldar. Slíkar breytingar á samfélagsgerðinni hafa endurspeglast í stjórnsýslunni með nýrri löggjöf og breyttum áherslum þar sem leitast er við að gera stjórnsýsluákvæðanir gagnsærri og leysa fyrr úr álitamálum. Stjórnsýslulögin sem sett voru fyrir 20 árum mörkuðu nýtt upphaf þar sem ýmsar áður óskrýðar meginreglur stjórnsýsluréttarins voru þá lögfestar. Á sama tíma var sett ný löggjöf um ýmsar stjórnsýslustofnanir þar sem tillit var tekið til slíkra meginreglna. Skattyfirvöld höfðu þó um áratugaskeið búið við settar málsmeðferðarreglur þar sem meginreglur stjórnsýsluréttar höfðu verið lögfestar áður en slíkt varð almennt viðtekið.

Umbylting í tækniumhverfi hefur á svipuðum tíma haldið innreið sína með nýjum og breyttum áherslum og lagt stjórnsýslunni á margan hátt til aðrar forsendur til að starfa eftir. Breyttar þjóðfélagsaðstæður hafa jafnframt ekki boðið upp á að stjórnsýslustofnanir yrðu mosavaxin eyhlönd. Rótgróin embætti hafa verið stokkuð upp og þeim ýmist steipt saman eða sundrað, allt eftir því hvernig talið hefur verið að sem mestri skilvirkni yrði náð í hverjum málaflokki fyrir sig.

Stofnanir hins opinbera hafa margar hverjar – og vonandi sem flestar – leitast við að auka gæði almennrar þjónustu og samtímis lagt aukna áherslu á tækninýjungar í störfum sínum til þess að bæta stjórnsýsluna. Sameiningar stofnana, og breytingar á störfum í kjölfar þeirra, eru í eðli sínu erfiðar og taka á. Framfaraskrefin hafa því löngum verið háð aðstæðum og er þar afar þýðingarmikið hvert viðhorf og vilji til endurmats starfa og verkefna hefur verið, bæði hjá stjórnendum og almennum starfsmönnum. Þar skiptir öllu að stefnan á hverjum tíma sé skýr, stjórnendur þekki skyldur sínar og síðast en ekki síst hafi kraft og getu til að leiða samstarfsmenn sína inn í breyttar aðstæður.

Stjórnsýsla skattamála hérlandis hefur óneitanlega ekki farið varhluta af breytingum á liðnum áratug. Embætti nýu skattstjóra og ríkisskattstjóraembættið voru sameinuð, allt að því á einni nóttu, ári eftir hrun fjármálafyrirtækjanna í landinu. Undirbúningstíminn var afar skammur og allir lögðust á árarnar til að gera eins vel og unnt var við þessar aðstæður. Vel kann að vera að sú ráðstöfun hafi verið ein af meginástæðum vel heppnaðrar sameiningar þar sem starfsmönnum gafst í raun ekki ráðrúm til að kvíða breytingunum eða mikla þær fyrir sér. Mikið samráð stjórnenda við samstarfsmenn við mótn nýrrar stofnunar og hversu mjög menn stilltu sig saman strax við sameiningu gerði að verkum að sameiningin gekk eðlilega fram og árangur varð sýnilegur. Hagræðing og kostnaðarlækkun var einn þáttur en annar og veigameiri þáttur var betri og árangursríkari stjórnsýsla þar sem afgreiðslutími styttest og úrlausnir mála voru samræmdar á landsvísi.

Samtímis hefur ríkisskattstjóri lagt mikla áherslu á tækni-framfarir og þróun verkferla til aukinnar þjónustu og hagræðingar. Tæknibreytingar hafa smátt og smátt sett sinn svip á umgjörð stjórnsýslunnar og gjörbylt vinnu-umhverfinu, sem og öllu viðmóti gagnvart almenningi og fyrirtækjum með því að beina þjónustunni í rafrænan farveg. Framfarir í tækni hafa þannig breytt störfum í verulegum mæli. Rafræn stjórnsýsla ríkisskattstjóra, eins og almenningur þekkir hana, hófst fyrir hálfum öðrum áratug. Vefframtalið sem opnað var 1999 var afar merkilegt framfaraskref sem ruddi brautina að nútímalegum vinnubrögðum sem komu í stað ýmiss konar föndurs með pappírsgögn, biðraða og annarrar fornescju. Kynslóðir nútímans hvá þegar eldri vinnubrögð eru höfð á orði, svo sem fjallað hefur verið um í síðustu tölublöðum Tíundar um vinnulag í árdaga skattframkvæmdar. Öll þessi þróun hefur skilað þeim árangri að rafræn skil skattframtala einstaklinga eru nú orðin meira en 99% af öllum framtalsskilum.

TÍUND

NÓVEMBER 2014 - BLAÐ NR. 66

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarkalestur: Halldóra Viðarsdóttir.

© Ríkisskattstjóri

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.



Um miðjan þorra voru starfsmenn RSK í óða önn að undirbúa álagningu ársins og sinna öðrum hefðbundnum stjórnsýslustörfum sínum þegar óvænt kall kom úr fjármála- og efnahagsráðuneytinu um að háseta vantaði á bát. Ráðuneytið var að ýta úr vör nýju fleyi, Leiðréttingunni, þar sem áhöfnin var heldur liðfá. Hafði komið í ljós að verkefnið var um skör umfangsmeira en áður hafði verið talið og leitað var liðsinnis RSK. Fljótt kom í ljós að starfsmenn ráðuneytisins og RSK voru komnir með í fangið eitt stærsta upplýsingatækniverkefni sem hleypt hefur verið af stokkunum hérlandis. Stjórnsýslan lagðist í skipulagsvinnu með fjármálafyrirtækjum, lífeyrissjóðum og ýmsum hagsmunaaðilum. Vefsvæði voru sett upp og það stóð heima, þegar lögin um niðurfærslu höfuðstóls fasteignaveðlána og ráðstöfun séreignarsparnaðar höfðu verið birt, að þá var opnað fyrir umsóknir samdægurs.

Að baki þessu öllu lá frá fyrsta degi þrotlaus vinna verkefnisstjórnar fjármálaráðuneytisins ásamt starfsmönnum ríkisskattstjóra og fjölda tengiliða fjármálastofnana. Allan veturinn höfðu staðið yfir mikil fundahöld með öllum þeim aðilum sem einnig lögðu sitt ómælt af mörkum. Með þessum hætti var unnt að leysa þau úrlausnarefni sem verkefni af þessari stærðargráðu hafa í för með sér. Undirbúningsstarfið, undir stjórn verkefnastjórnar forsætis- og fjármálaráðuneytisins með nánú samráði við fjölda aðila, þ.m.t. fjármálastofnanir, hugbúnaðarhús, lífeyrissjóði auk fjölmargra sérfræðinga sem kallaðir hafa verið að samráðsborðinu, skilaði sameiginlegri ráðagerð um hvernig að verkefninu yrði staðið og því ýtt úr vör.

Samtímis þessu öllu þurftu starfsmenn ríkisskattstjóra að halda allri hefðbundinni starfsemi embættisins ótruflaðri með álagningu einstaklinga og lögaðila ásamt öðrum stjórnsýsluverkefnum. Enda þótt tímabundið hafi verið ráðnir nýir starfsmenn til RSK að sinna þessari framkvæmd, voru það hinir reyndari starfsmenn ríkisskattstjóra sem önnuðust skipulagningu og stjórnun undirbúnings og framkvæmdar þess hluta sem féll í skaut ríkisskattstjóra.

Stjórn verkefnisins af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur verið skýr og ákveðin en um leið falist í miklu og nánú



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri



Ingvar J. Rögnvaldsson
vararíkisskattstjóri

samráði allra sem í hlut hafa átt. Hefur sú samvinna, og þær niðurstöður sem þar réðust, bæði verið árangursrík og ánægjuleg. Þótt enn hylli ekki undir það að verkefnum þessum sé að fullu lokið hefur sá tími sem liðinn er gefið ríkisskattstjóra og starfsmönnum embættisins óvænt tækifæri til taka ný og áður óþekkt framfaraskref í tækniþjónustu með því að leysa óvenju ögrandi verkefni af slíkri stærðargráðu að engu er saman við að jafna.

Verkefnið er á hinn bóginn þannig að um það hafa verið skiptar skoðanir. Mismunandi sjónarmið hafa ríkt meðal stjórnmálaflokka um aðgerðina og margir eru ósammála þeim markmiðum sem höfuðstólsleiðréttingu var ætlað að ná. Loks er vitað að einhverjir munu ekki bera það úr býtum sem þeir sjálfir gerðu helst ráð fyrir. Ekkert af þessu breytir þeirri staðreynd að um var að ræða ákvörðun Alþingis þar sem RSK var falið að taka á móti umsóknum og vinna úr þeim undir stjórn verkefnisstjórnarinnar. Í því verkefni öllu hefur ríkisskattstjóri verið eitt hjól undir stórum vagni og hefur lagt sitt á vogarskálarnar til að sem fæstir hnökrar verði á framkvæmdinni frá viðtöku umsókna allt þar til niðurstöðum yrði skilað.

Leiðarinn	2
Leiðréttingin	4
Virðisaukaskattur í aldarfjórðung	10
Rafræn skilríki	15
Leiðin fram á við vörðuð	18
Upplýsingasamfélagið Eistland	22
Alþjóðleg ráðstefna um skattaskjól	26
Bindandi álit	28

Sjálfviljug málalok	30
Skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa	33
Ríkisskattstjóri fyrirmyndarstofnun	36
Niðurstöður álagningar einstaklinga 2014	38
Úrskurðir yfirséðanefndar	57
Dómareifanir	63
Lokaorðið	70
Upplýsingatafla RSK	72



Leiðrétting húsnæðislána og ráðstöfun séreignarsparnaðar

Á 143. löggjafarþingi, nánar tiltekið í byrjun apríl á þessu ári, mælti fjármála- og efnahagsráðherra fyrir tveimur lagafrumvörpum er á skyldu grundvallast þær aðgerðir ríkisstjórnarinnar til leiðréttingar skuldavanda íslenskra heimila sem áformaðar voru. Varðaði 484. þingmál ráðstöfun séreignarsparnaðar til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar en hitt frumvarpið, 485. þingmál, leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána. Með frumvörpunum var ríkisskattstjóra falin umsjón og framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirhuguð löggjöf myndi taka til og ljóst var að þau verkefni yrðu ærin.

Aðkoma ríkisskattstjóra að framangreindum ráðstöfunum hafði þó hafist mánuðum fyrr, en strax í upphafi árs skipaði forsætisráðherra tvo fulltrúa embættisins hvorn í sinn starfshópinn til undirbúnings fyrirhuguðum aðgerðum. Þessu til viðbótar fór fjármála- og efnahagsráðuneytið þann 5. febrúar 2014 fram á að ríkisskattstjóri yrði miðlægt stjórnvald sem tæki við umsóknum og frumvörp ráðuneytisins sem þá voru í samningu myndu byggja á því skipulagi. Jafnframt óskaði ráðuneytið eftir að ríkisskattstjóri myndi hefja þá þegar undirbúning að fyrirhuguðum breytingum enda lá fyrir að um leið og þinglegri meðferð væri lokið með samþykkt laganna, og þau fengið birtingu í Stjórnartíðindum, þyrfti ríkisskattstjóri að geta tekið á móti erindum frá borgurum sem hygðust byggja rétt sinn á þeim, og var því lítill tími til stefnu. Þegar lögin tóku loks gildi sem lög nr. 35/2014, um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána, þann 18. maí sl., og lög nr. 40/2014, um ráðstöfun séreignar-



Segja má að Leiðréttingin hafi haft áhrif á störf meirihluta starfsmanna ríkisskattstjóra með beinum eða óbeinum hætti.

sparnaðar til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar, þann 22. maí sl., höfðu starfsmenn ríkisskattstjóra rétt lokið fyrsta sprettinum og við tók næsti hluti þessarar ögrandi ferðar.

Skipulag aðlagað

Strax í upphafi blasti við að gera þyrfti tímabundnar breytingar á innra skipulagi embættisins til að takast á við þetta nýja verkefni. Stofnuð var sérstök skipulagseining höfuðstólsleiðréttingar og ákveðið að starfsmaður með víðtæka reynslu myndi gegna þar stöðu sviðsstjóra, og hafa á hendi verkstjórn og samhæfingu þeirra fjölmörgu starfsmanna sem að verkefninu kæmu með einum eða öðrum hætti. Ennfremur var Tryggvi Þór Herbertsson skipaður sérstakur verkefnisstjóri Leiðréttingarinnar af hálfu ríkisstjórnarinnar, sem færi með yfirumsjón framkvæmdarinnar og forsvar gagnvart almenningi, fjölmiðlum og þeim ýmsu aðilum sem að vinnunni myndu koma, þ.m.t. ríkisskattstjóra. Ásamt

honum myndi Guðrún Ögmundsdóttir sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu leiða stjórnun verkefnisins. Um samningu frumvarpanna og ákvarðanatöku um útfærslu lagalegra atriða sá fjármála- og efnahagsráðuneyti í góðu samstarfi við ríkisskattstjóra þegar fram komu ábendingar frá þeim síðarnefnda um hugsanlega hnökra eða álitamál í framkvæmdinni. Þá fól verkefnið einnig í sér samstarf við hugbúnaðarfyrirtækið Libra, sem falið var smíði umsjónarkerfis fyrir umsóknir um höfuðstólsleiðréttingu og ráðstöfun séreignarsparnaðar, og ennfremur við Advania sem tók að sér smíði og viðhald nýs umsóknarvefs. Þá annaðist verkefnisstjórnin víðtækt samráð við fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði sem leggja þurftu mikið af mörkum við miðlun upplýsinga um skuldabréf og greiðendur lána, og einnig við væntanlegar greiðslur inn á húsnæðislán, hvort heldur sem er leiðréttingarfjárhæð eða séreignarsparnað.

Undirbúningur hinna nýju verkefna ríkisskattstjóra, sem fyrirséð var að

lögbundin yrðu með samþykkt framangreindra frumvarpa, reyndist bæði tíma- og mannaflsfrekur. Taka varð til endurskoðunar verkaskiptingu starfsmanna, enda höfðu nú margir þeirra fengið ný forgangsverkefni á sitt borð, sem gerði það að verkum að hluti hefðbundinna verkefna þessara aðila færðist yfir til samstarfsfélaga þeirra, sem jafnvel þurftu að fela enn öðrum vinnufélögum hluta sinna verkefna. Um var að ræða viðbót við önnur lögbundin verkefni embættisins, þ.e. almenna skattframkvæmd, eftirlit og skráarhald, sem ekki mátti gefa neinn afslátt af, og þannig leiddu hin nýju verkefni fljótlega til umtalsverðrar aukavinnu fyrir stóran hluta starfsmanna ríkisskattstjóra. Í húfi voru miklir hagsmunir fyrir íslensk heimili og nauðsynlegt að sá tími og þeir fjármunir sem varið yrði í vinnu við höfuðstólsleiðréttingu og ráðstöfun séreignarsparnaðar yrðu til hagsbóta fyrir almenning. Innan skamms tíma mátti með sanni segja að embættið hafi á einn eða annan máta verið undirlagt af undirbúningi leiðréttingarinnar og hinum ýmsu afleiddu tæknilegu, lagalegu og skipulagslegu vandamálum sem henni fylgdu.

Nauðsynlegt reyndist að ráða tíma-bundið inn hóp nýrra starfsmanna sem sinnt gæti þjónustu við umsækjendur og úrvinnslu umsókna einvörðungu, og strax daginn eftir að fjármála- og efnahagsráðherra lagði fram frumvörp þau sem embætti ríkisskattstjóra var falið að hafa umsjón með fyrirhuguðum skuldalækkunarráðstöfunum þá auglýsti embættið laus til umsóknar störf sérfræðinga við svið höfuðstólsleiðréttingar. Nýju starfsmönnum var fyrst og fremst ætlað það hlutverk að annast þjónustu við umsækjendur og liðsinna þeim hópi. Reyndari starfsmenn embættisins störfuðu á hinn bóginn aðallega við undirbúninginn og skipulagninguna.

Við ráðningu nýrra starfsmanna var ekki gerð krafa um tiltekna sérfræðipækkingu heldur haldgóða háskólamenntun á hvaða sviði sem væri, og ennfremur mjög gott vald á rituðu máli, hæfni til að greina aðalatriði frá aukaatriðum og skýra forsendur ákvarðana, frumkvæði, skipu-

voru til stefnu fyrir þjálfun hinna nýráðnu starfsmanna og fræðslu um skipulag skattkerfisins, efni hinna nýsamþykktu laga og umsóknarferlið allt. Þá voru ennfremur þrír reyndir starfsmenn ríkisskattstjóra færðir tímabundið til í starfi og heyrðu nú undir hina nýstofnuðu skipulagseiningu.

”

Í upphafi máls var tekin ákvörðun um að umsóknarferlið og málsmeðferð öll yrðu eingöngu á rafrænu formi til að halda kostnaði í lágmarki og hámarka skilvirkni og öryggi í ferlinu öllu

lögð og sjálfstæð vinnubrögð, jákvæðni, lipurð í samskiptum og góða almenna tölvukunnáttu. Umsóknarfrestur var stuttur, eða 19 dagar, enda rík nauðsyn á að fá viðbótarmannafla sem allra fyrst til starfa, en engu að síður bárust alls 370 umsóknir. Langflestir umsækjenda uppfylltu skilyrði ríkisskattstjóra um menntun og átti starfsmannastjóri vandamt verk fyrir höndum. Í byrjun maímánaðar var svo átta einstaklingum boðið starf og ennfremur farið fram á að viðkomandi mættu til vinnu daginn eftir að ákvörðun var kynnt, eða í sumum tilfellanna samdægurs – svo mikið lá fyrir. Aðeins örfáir dagar

Staða húsnæðismála

Húsnæði ríkisskattstjóra á Laugavegi 166 hefur lengi verið yfirfullt og varð það mikill höfuðverkur hvernig koma mætti hinum nýju starfsmönnum fyrir. Vilyrði fyrir viðbótarhúsnæði fékkst hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti, enda ljóst að verkið væri öðrum kosti illframkvæmlegt. Hófust þá samningaviðræður við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem til húsa voru á Laugavegi 164 og í þeim hluta Laugavegar 166 sem ríkisskattstjóri hafði ekki til afnota. Ekkert húsnæði hafði þó fengist þegar hinn nýráðni hópur mætti til vinnu, og því var brugðið á það ráð

að loka kennslusal embættisins og einu fundarherbergi og setja upp tímabundna skrifstofuaðstöðu á þeim stöðum. Á Laugavegi starfa nú 155 starfsmenn á 12 sviðum auk aðalskrifstofu, og þessi skerðing á möguleikum þeirra til samráðs sín í milli og funda með utanaðkomandi var frá fyrsta degi þungbær og til þess fallin að valda miklum vandkvæðum. Með því að taka kennslusal embættisins undir hina nýju starfsmenn var horfinn mikilvægasti vettvangur embættisins til að miðla skipulega með fjarfundabúnaði fræðslu til starfsmanna sinna sem dreifðir eru á níu starfsstöðvar víðs vegar um landið. Eru þá ótalin þau áhrif sem skerðing á möguleikum til fjarfundahalds hlaut að hafa á reglubundin fundahöld, upplýsingamiðlun og samráð milli starfsmanna sem vinna náið saman en eru staðsettir á mismunandi starfsstöðvum.

Viðbótarhúsrými

Allt kapp var því lagt á að finna varanlega lausn á húsnæðisvandinum en ferlið tók sinn tíma. Að lokum varð þó lendingin sú að viðbótarhúsnæði í eigu ríkisins, sem Fasteignir ríkissjóðs hafa umsjón með, fékkst á vesturenda þriðju hæðar á Laugavegi 164, þar sem Skipulagsstofnun hefur verið með hluta af sinni starfsemi, og ennfremur í austurenda annarrar hæðar á Laugavegi 164, en það rými hefur verið í almennri útleigu. Húsnæðið á 3. hæð var afhent ríkisskattstjóra þann 1. september og húsnæðið á 2. hæð var afhent 7. október. Hinu nýja húsnæði var tekið fagnandi þó ekki væri hægt að koma öllum starfsmönnum sviðsins fyrir á sömu hæð, og að starfsmenn þurfi að nota sérstakan inngang og fara út og á milli húsa í hvert skipti sem þeir vilja komast í tæri við aðra samstarfsmenn sína, eða nýta sér mötuneytisþjónustu. Um leið og ríkisskattstjóri fékk viðbótarýmið á 3. hæð afhent réðust smiðir, rafvirkjar og starfsmenn tækni-sviðs ríkisskattstjóra í nauðsynlegar lagnir á tölvu- og símbúnaði svo unnt væri að hefja starfsemi þar. Þann 5. september var það húsnæði tilbúið og þar með var hægt að taka kennslusalinn aftur í hefðbundna notkun. Um miðjan október var ný starfsaðstaða tilbúin fyrir þá sem höfðu haft bráðabirgðaskrifstofuaðstöðu í einum fundarsalanna á Laugavegi 166 og var þá hægt að nýta hann aftur til fundahalda.

Líf G. Gunnlaugsdóttir starfar við höfuðstöðsleiðréttingar.



Kennslusalur ríkisskattstjóra á Laugavegi er notaður fyrir fjölmarga fræðslufundi, sviðsfundi og fjarfundi allt árið um kring. Grípa þurfti til þess ráðs að fresta fræðslustarfi þar svo hægt væri að koma upp átta tímabundnum starfsstöðvum fyrir starfsmenn höfuðstólsleiðréttingarinnar á því svæði þegar þéttast var setið.

Leiðrétting.is

Forsenda þess að almenningur gæti sótt þann rétt sem byggður væri á lögum um höfuðstólsleiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána og ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnaðislán eða til húsnaðissparnaðar var að mönnum yrði gert kleift að sækja um slík úrræði með aðgengilegum og óvefengjanlegum hætti. Í upphafi máls var tekin ákvörðun um að umsóknarferlið og málsmeðferð öll yrðu eingöngu á rafrænu formi til að halda kostnaði í lágmarki og hámarka skilvirkni og öryggi í ferlinu öllu.

Var lögfest í 4. gr. laga nr. 35/2014 og b-lið 1. gr. laga nr. 40/2014 að umsóknum skyldi beina rafrænt til ríkisskattstjóra á því formi sem hann ákveði. Rétt þótti að hannaður yrði sérstakur umsóknarvefur, leiðrétting.is, þar sem sækja mætti um úrræði á grundvelli framangreindra laga. Ennfremur gætu umsækjendur átt samskipti við ríkisskattstjóra vegna umsóknar sinnar í gegnum samskiptaþráð inni á heimasvæði sínu á umsóknarvefnum.

Vefurinn var, eins og áður sagði, hannaður í samvinnu við Advania og rétt eins og rsk.is er hann snjallvefur, þ.e. skynjar hvort notuð er tölva, spjaldtölva eða spjallsími og lagar sig að mismunandi skjástærð. Allur texti á vefnum er hvort tveggja á ensku og íslensku, og ennfremur voru textuð með bæði íslenskum og enskum texta leiðbeiningarmyndbönd sem sett voru inn á vefinn og inn á youtube.com. Leiðrétting.is samanstendur af tveimur hlutum, sinn fyrir hvora tegund úrræða, þ.e. annars vegar leiðréttingu á höfuðstól verðtryggðra fasteignaveðlána sem umsækjendur hefðu átt á árunum 1. janúar 2008 – 31. desember 2009, og hins vegar ráðstöfun séreignarsparnaðar til greiðslu húsnaðislána og húsnaðissparnaðar. Þar sem ljóst var að frumvörpin tvö myndu taka gildi sem lög á mismunandi tíma, og að frumvarp til laga um höfuðstólsleiðréttingu yrði afgreitt fyrr í þinginu, var lagt allt kapp á að fullgera þann hluta umsóknarvefsins áður en lögð yrði lokahönd á séreignarsparnaðarhlutann. Unnið var nótt sem nýtan dag við forritun, prófanir og lagfæringar og skilaði það mikla átak sér í því að höfuðstól-



slækkunarhluti vefsins opnaði þegar lög nr. 35/2014 tóku gildi, réttum sólarhring eftir birtingu þeirra í Stjórnartíðindum, eða um kl. 14:20 sunnudaginn 18. maí sl. Séreignarsparnaðarhluti umsóknarvefsins opnaði síðan þann 28. sama mánaðar kl. 05:00 við gildistöku laga nr. 40/2014, en lögin voru birt í Stjórnartíðindum daginn áður. Þrátt fyrir gífurlega hraða hönnun og smíði hefur leiðrétting.is staðist allar þær væntingar sem til vefsins voru gerðar og engin tilfinnanleg vandamál hafa komið upp við rekstur hans.

Umsóknarvefurinn er það viðmót leiðréttingarinnar sem við almenningi blasir en á bak við tjöldin er sjálft umsóknarkerfið þar sem umsóknir og gögn eru geymd og útreikningar munu fara fram. Um er að ræða nýtt kerfi sem hugbúnaðarfyrtækið Libra hannaði og smíðaði í

is, svo halda mætti þessari þjónustu aðskilinni frá þeirri hefðbundnu þjónustu við skattaðila sem ríkisskattstjóri veitir árið um kring. Jafnframt var opnað nýtt þjónustunúmer sérstaklega fyrir þjónustuvörðun vegna leiðréttingarinnar þar sem starfsmenn sviðs höfuðstólsleiðréttingar sitja fyrir svörum.

Í gegnum þá vinnu við leiðréttinguna sem á undan er gengin hjá ríkisskattstjóra liggja lagaleg álitamál eins og rauður þráður, enda hvílir allur undirbúningur og framkvæmd verkefnisins á lagabókstafnum sjálfum. Þær aðgerðir sem lögfestar voru með lögum nr. 35/2014 og 40/2014 eru fordæmislausar hér á landi og um flókið samspil við eldri löggjöf að ræða. Ýmis túlkunaratriði kröfðust athugunar og ígrundunar í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti og taka

”

Þrátt fyrir gífurlega hraða hönnun og smíði hefur leiðrétting.is staðist allar þær væntingar sem til vefsins voru gerðar og engin tilfinnanleg vandamál hafa komið upp við rekstur hans

samráði við ríkisskattstjóra, en ekki reyndist mögulegt að nýta við hið nýja verkefni þau kerfi sem embættið átti fyrir. Er umsóknarkerfið enn í þróun þrátt fyrir að umsóknarfrestur vegna höfuðstólslækkunar verðtryggðra lána á grundvelli laga nr. 35/2014 sé útrunninn, enda stendur undirbúningur útreiknings leiðréttingar nú sem hæst, auk þess sem séreignarsparnaðarúrræðið verður virkt til og með 30. júní 2019. Þá var ennfremur útbúið sérstakt pósthafn fyrir fyrirspurnir vegna leiðréttingarinnar, þ.e. adstod@leidretting.

Þurfti afstöðu til þess hvað þarfnaðist nánari skýringa í reglugerð. Þá ollu iðulega töfum á framleiðslu verkfæra á borð við umsóknarvefinn atriði þar sem sérlega flókið reyndist að finna tæknilegar lausnir sem uppfylltu skilyrði laganna. Var ómældum tíma margra reyndustu starfsmanna embættis ríkisskattstjóra varið í samráð til úrlausnar slíkum málum.

Oft á tíðum virtust verkefnin ótæmendi, og fyrir sum hver dugði hyggjuvit og útsjónarsemi ekki til heldur þurfti mikla undirbúningsvinnu. Það voru ófár

Unnar Freyr Jónsson og Thelma Þorbjörg Sigurðardóttir, starfsmenn við höfuðstólsleiðréttingar, í tímabundinni starfsaðstöðu í fundarsal á 5. hæð.

stundirnar sem starfsmenn af ýmsum sviðum embættisins sátu við að fullgera og prófa risastórar skrár, útbúa auglýsingar og kynningarefni, veita fræðslu, leita eftir svörum við álitamálum, kenna á gagnagrunna, funda með fjármálafyrirtækjum og samstarfsaðilum í ráðuneytinu, semja og þýða textaskrár inn á vefi, prófa vefsíður, keyra inn gögn, ræða túlkunaratriði, setja upp og flytja til vinnustöðvar, teikna verkferla o.s.frv. Er þá ótalin sú vinna sem lýtur að þjónustu við umsækjendur, svörun fyrirspurna í síma og með tölvupósti, móttaka viðskiptavina í nærþjónustu og afgreiðsla umsókna. Sat iðulega hópur starfsmanna við vinnu langt fram á kvöld, dag eftir dag vikum saman því tími til verkanna var af mjög svo skornum skammti.

Fyrirséð var frá upphafi að mikið álag yrði strax við opnun umsóknarvefsins þann 18. maí sl., en þann daginn bárust 8.338 umsóknir um höfuðstólsleiðréttingu fyrir 13.155 kennitölur. Á miðnætti daginn eftir, mánudaginn 19. maí, höfðu borist samtals 14.246 umsóknir fyrir 27.699 kennitölur. Alls bárust um 800 símtöl í hið nýja þjónustusímanúmer þennan mánudag sem var fyrsti virki dagur í umsóknarfresti, og fjölmörg fleiri símtöl bárust í hefðbundinn þjónustusíma ríkis-



skattstjóra. Þessa tvo daga, 18.-19. maí, bárust um 400 tölvupóstar á netfangið adstod@leidretting.is og 58 aðilar komu í móttöku á Laugavegi 166 og fengu þar aðstoð við umsóknir sínar. Þann 28. maí sl., daginn sem séreignarsparnaðarhluti leiðrétting.is opnaði, bárust 674 umsóknir fyrir jafnmargar kennitölur. Grannt var fylgst með fjölda umsókna næstu vikur og mánuði, enda byggðu fyrirhugaðar skuldalækkunaraðgerðir m.a. á því mati að líklegt væri að umsóknir yrðu um 69.000 umsóknir um höfuðstólsleiðréttingu myndu berast.

Um mitt sumar, eða 15. júlí sl. höfðu borist 45.420 umsóknir um höfuðstólsleiðréttingu fyrir 69.698 kennitölur, og

12.346 umsóknir um ráðstöfun séreignarsparnaðar fyrir jafnmargar kennitölur, en þá var u.þ.b. hálfnaður umsóknarfrestur um höfuðstólslækkun sem síðan rann út 1. sept. sl. Fjöldi umsókna um höfuðstólslækkun tók mikinn kipp undir lok umsóknarfrests og á stundum var allt eins búist við því að fjöldi umsókna færi umtalsvert fram úr því sem áætlað hafði verið. Sú varð þó ekki raunin, en við lokun höfuðstólslækkunarhluta umsóknarvefsins leiðrétting.is kl. 00:30 þann 2. september sl. höfðu borist um 69.000 umsóknir um höfuðstólslækkun. Á þeim tímapunkti höfðu enn fremur borist samtals 8.000 tölvupóstar á netfangið leiðrétting.is, og tekið hafði verið á móti 17.309 símtölum í þjónustusíma leiðréttingarinnar. Alls höfðu þá 1.916 einstaklingar sótt nærþjónustu á Laugaveg 166, að ótöldum þeim sem sóttust eftir aðstoð á öðrum starfsstöðvum ríkisskattstjóra víðsvegar um landið.

Allir leggjast á eitt

Í öllu þessu ferli hafa fjölmargir starfsmenn embættisins lagt sitt af mörkum við hina ýmsu þætti framkvæmdar verkefnisins, og samhæft átak iðulega gert það að verkum að tímafrestir hafa haldið og ríkisskattstjóri staðið við orð sín. Væntanlega hefur enginn einn þáttur þó reynst jafn þungur í vöfum og afgreiðsla þess gríðarlega fjölda skatterinda sem borist



*Magnús Bragi Ingólfsson
starfsmaður höfuðstólsleiðréttingar.*

hefur varðandi breytingar á framtölum ársins 2009 og 2010 sem liggja skyldu til grundvallar leiðréttingu á verðtryggðu fasteignaveðláni viðkomandi umsækjanda. Borist hafa 1.550 erindi sem krefjast þess að farið sé yfir viðeigandi framtöl, mögulega með hliðsjón af nýframkomnum gögnum, og tekin afstaða til þess hvort gera megi umbeðnar breytingar. Slíkur úrskurður er forsenda þess að reikna megi leiðréttingarfjárhæð viðkomandi aðila með réttum hætti, en vinnan að baki hverjum þessara úrskurða hefur reynst afar tímafrek, jafnvel fimm eða sex klst. við hvert mál, enda geta þau verið gríðarlega flókin og miklir hagsmunir undir. Til þess að vinna á þessum stafla erinda reyndist í ágúst mánuði nauðsynlegt að kalla til enn frekari liðsauka, og haft var samband við alla sviðsstjóra ríkisskattstjóra og þess óskað að þeir leggðu til verkefnisins allan þann mannafla sem þeir mögulega gætu séð af. Var brugðist skjótt og vel við þessari umleitan og starfsmenn af flestöllum sviðum embættisins lögðu til hliðar hefðbundin verkefni sín dögum saman og tóku til við afgreiðslu umræddra erinda, en þegar mest lét voru 49 starfsmenn við þau störf. Tók þá verkinu loks að miða nægilega hratt, og þó það sé ekki yfirstaðið enn liggur fyrir að afgreiðslu verður lokið innan viðeigandi tímamarka og þannig unnt að taka réttmæta afstöðu til viðkomandi umsókna um leiðréttingu.

Afleiðingar hafa þó vitanlega orðið nokkur töf á öðrum lögbundnum verkefnum, og segja má að hefðbundin starfsemi innan embættis ríkisskattstjóra hafi í reynd orðið að víkja fyrir þeim nýju skyldum sem lög nr. 35/2014 og 40/2014 lögðu ríkisskattstjóra á herðar. Ítrekað hefur þurft að fresta og fella niður fræðslufundi fyrir starfsmenn, eins og fram hefur komið, og ennfremur hefur árlegum haustfundi starfsmanna verið frestað. Mikilvægum þróunarverkefnum á borð við hönnun nýs VSK-kerfis og rafrænnar fyrirtækjaskrár og vefverslunar, og frekari þróun og endurskoðun rafræna framtalsins og rafrænna skattkorta hefur verið slegið á frest, auk þess sem ýmis fagleg verkefni og samræmingaraðgerðir hafa mátt bíða. Nokkuð hefur hægt á kæruafgreiðslu einstaklinga auk þess sem

stjórnendur embættisins hafa skorast undan því að sitja reglubundna fundi með erlendum starfsfélögum sínum. Þá hefur útgáfa Tíundar, fréttablaðs ríkisskattstjóra, sem þessi grein er skrifuð fyrir einnig tafist umtalsvert.

Starfsmenn ríkisskattstjóra hafa þannig unnið langa vinnutörn sem enn er alls ekki lokið, en eru þó afar stoltir af því

nr. 35/2014 og 40/2014, og leiðbeina þeim eftir allra fremsta megni.

Framundan er enn mikil vinna við útreikning og birtingu niðurstaðna höfuðstólslækkunar verðtryggðra fasteignaveðlána, og loks ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar inn á lán á fyrsta veðrétti, ellegar í formi sérstaks persónuafsláttar til þeirra aðila sem ekki eiga lengur


”

Starfsmenn af flestöllum sviðum embættisins lögðu til hliðar hefðbundin verkefni sín dögum saman og tóku til við afgreiðslu umræddra erinda, en þegar mest lét voru 49 starfsmenn við þau störf

sem afkastað hefur verið, þótt einhver bein séu lúin. Bæði forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra hafa lýst yfir ánægju sinni með þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd verkefnisins, og heimsóttu þeir hvor um sig af því tilefni höfuðstöðvar ríkisskattstjóra dagana 19. og 22. maí sl. Jákvað viðbrögð almennings við notandavænum umsóknarvef og góðri þjónustu í síma, tölvupósti og nærþjónustu er til vitnisburðar um að ríkisskattstjóri hafi náð helstu markmiðum sínum, sem er að gera landsmönnum hægt um vik að sækja þann rétt sem byggja má á lögum

fasteign með áhvílandi veðláni. Er þar af nægu af taka og álitamál, s.s. um form birtingar og auðkenningu við ráðstöfunina sjálfa, hafa reynst afar flókin. Ennfremur verður enn ólokið um tæplega fimm ára skeið þeim hluta verkefnisins er lýtur að ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á hús-næðislán eða til kaupa íbúðarhúsnæðis samkvæmt lögum nr. 40/2014, og því ljóst að einhver bið verður á því að starfsmenn ríkisskattstjóra, og aðrir sem að þessu umfangsmikla verkefni hafa komið, fái að kynnst því sem nú er gjarnan kallað „lífið eftir leiðréttingu“. ■

HVS



Ingunn Hilmarsdóttir starfar við höfuðstólsleiðréttingar.

Virðisaukaskattur í aldarfjórðung

Virðisaukaskattur hefur verið innheimtur á Íslandi í nær 25 ár. Hann er mikilvægasti tekjustofn ríkisins og hefur verið það allt frá því hann var tekinn upp. Þegar virðisaukaskattur leysti söluskatt af hólmi var sérstakt markmið að undanþágur frá honum yrðu fáar og skattstofninn væri breiður. Á þessari framkvæmd hafa talsverðar breytingar orðið á liðnum tveimur áratugum. Í greinarkorni þessu er gerð grein fyrir upptöku virðisaukaskattsins, undanfara upptökunnar og hvernig skattheimtan hefur próast á liðnum árum.

Söluskattur í stað tolla

Á árinu 1959 var mynduð ríkisstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks, Viðreisnarstjórnin svokallaða. Eitt af helstu stefnumálum hennar var að einfalda tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs, losa um innflutningshöft og lækka tolla. Víðtækum tollalækkunum var hrundið af stað og samhliða því var með lögum nr. 10/1960 tekinn upp söluskattur á seldar vörur og þjónustu. Tilgangur skattheimtunnar var einkum að vega á móti því tapi sem varð er tollar voru lækkaðir. Áður hafði verið innheimtur veltuskattur sem tekinn var upp við lok síðari heimsstyrjaldarinnar, með lögum nr. 62/1945, og var forveri söluskattsins.

”

Söluskatturinn, ásamt tilheyrandi sölugjöldum, var á þessum tíma orðinn langmikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs

miklar breytingar á innheimtu söluskatts og urðu miklar hækkunar á skatthlutfalliinu á þeim áratug, bæði vegna breytinga á skattheimtu en einnig vegna beinnar hækkunar sem kom m.a. til vegna náttúruhamfara í Vestmannaeyjum og mjög hækkandi heimsmarkaðsverðs olíu.

Miklar hækkunar söluskatts

Hækkun varð á innheimtuhlutfalli söluskatts á árinu 1970, fyrst upp í 11% sem þótti þá umtalsvert. Þremur árum síðar varð hækkun á söluskatti, einkum vegna eldgossins í Vestmannaeyjum, og við hann bætt 2% viðlagagjaldi frá 1. mars 1973. Í mars 1974 tóku gildi lög sem kváðu á um 11% söluskatt og 4%

faldast og nær tvöfaldast á tveimur árum. Aðstæður í samfélaginu kölluðu á aukna skattheimtu og hafði olíukreppan hin fyrri m.a. talsverð áhrif. Kom nú tímabil stöðugleika og sölugjald hélst óbreytt í fjögur ár þar til kom fram á árið 1979 en það ár var söluskattur enn hækkaður og samanlagt sölugjald varð 22%. Ári síðar var lagt á 1,5% orkujöfnunargjald og sölugjaldið þar af leiðandi 23,5%. Kom þá að nýju hlé í nær fjögur ár þar til á árinu 1985 er söluskattsauki var hækkaður í 2,5% og sölugjaldið varð þá 24% samtals. Stuttu síðar kom enn ein hækkunin er samanlagður söluskattur, sölugjald og önnur veltugjöld urðu samtals 25%. Um þær mundir var alvarlega farið að huga að upptöku virðisaukaskatts í stað sölugjalds.

Söluskatturinn, ásamt tilheyrandi sölugjöldum, var á þessum tíma orðinn langmikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs en hann hafði á aldarfjórðungi hækkað úr 3% í 25%. Samtímis höfðu vörugjöld og tollar verið lækkuð eða afnumin sem leiddi til þess að bein afleiðing á verðlag varð því minni. Á þessum árum voru vísbendingar um að undanskot í söluskatti hefðu farið vaxandi og skattheimtan og öryggi hennar var orðið brothætt.

Skattstofn söluskatts og sölugjalds

Í lögum um söluskatt sagði svo: „Hver sá, sem selur eða afhendir í atvinnuskyni vöru eða verðmæti, og hver sá, sem innir af höndum vinnu og þjónustu, skal með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í lögum þessum, innheimta söluskatt skv. 1. málsg. og standa skil á honum í ríkissjóð.“

Söluskatturinn var lagður á síðasta neyslustig viðskipta. Í upphafi var skatthlutfallið 3% eða mun lægra en það síðar varð. Skattheimtan hafði ekki afgerandi áhrif á verðlag meðan svo var. Líkt og títt er um skatta voru gerðar margar breytingar á söluskatti í tímans rás. Hann var fjórum árum síðar hækkaður upp í 5,5% og síðar 7,5% og var það innheimtuhlutfall söluskattsins um nokkurra ára skeið. Þegar kom fram á áttunda áratuginn urðu

söluskattsauka en fyrir voru ákvæði um 1% viðlagagjald og 1% olíugjald svo samanlagt var skattheimtan orðin 17%. Skatturinn var nú kallaður sölugjald, þ.e. samheiti söluskatts, söluskattsauka, viðlagagjalds og olíugjalds. Í september 1974 hækkaði söluskatturinn úr 11% í 13% og var sölugjaldið þá orðið 19% en hækkaði í 20% er viðlagasjóðsgjald hækkaði úr 1% í 2% árið 1975. Á hálfum áratug hafði skattprósentan þannig næstum þre-

Unnið að undirbúningi upptöku virðisaukaskatts.
Frá vinstri: Maríanna Jónasdóttir, frá
hagdeild fjármálaráðuneytisins, Jón
Guðmundsson forstöðumaður gjaldadeildar
ríkisskattstjóra, Sigmundur Stefánsson
skattstjóri Reykjanesumdæmis og Guðmundur
Guðbjarnason skattrannsóknarstjóri.
Ljósmyndin er frá árinu 1989.



Um söluskattsskyldu var tilgreint að:
„Söluskattsskylda af seldri vöru eða vinnu
skal almennt bundin við síðasta stig við-
skipta, það er sölu til neytanda, en neytandi
telst sá, sem ekki endurselur vöru eða vinnu í
atvinnuskyni, sbr. næstu málsg. hér á eftir. Sé
eigi annað fram tekið í lögum þessum, er sala
á vörum skattfrjáls til aðila, sem kaupir þær
til að selja aftur í atvinnuskyni eða sem efni
í vöru, er hann hefur atvinnu af að framleiða
eða selja, enda hafi hann tilkynnt starfsemi
sína skv. 11. gr. Með sama hætti og með sömu
skilyrðum er skattfrjáls sala á vinnu til aðila,
sem endurselur verðmæti hennar.“

Margar tegundir vara og þjónustu voru
þó undanþegin frá innheimtu söluskatts
og fór fjölgandi eftir því sem tímar liðu.
Má þar til dæmis nefna þjónustu ýmissa
sérfræðinga, vinnu iðnaðarmanna á bygg-
ingarstað og frá árinu 1978 voru matvörur
einnig undanþegnar.

Uppsöfnunaráhrif söluskatts

Þegar söluskattur og sölugjald hækk-
uðu jukust svokölluð uppsöfnunaráhrif.
Vörur voru keyptar með söluskatti, unnar
til aukinna verðmæta og söluskattur svo
aftur lagður ofaná endanlegt verðmæti
sem innihélt m.a. áður álagðan söluskatt.
Aðföngin sem þannig voru skattlögð voru

m.a. húsnæði, orka, skrifstofu-, rekstrar-
og viðhaldsvörur. Vörur báru því með sér
skattlagningu á öllum stigum frá frumfram-
leiðanda hræfnis til endanlegs kaupanda
fullunnar vöru. Afleiðingar þessa voru
hærra verðlag og margskattlagning vöru.
Uppsöfnunaráhrifin ullu ófyrirsjáanlegri
og, eftir atvikum, tilviljanakenndri mis-
munun í samkeppnisgreinum oft á tíðum.
Einkum var þetta bagalegt fyrir vöru sem
framleidd var á Íslandi úr hræfni til full-
unninnar vöru. Íslenska framleiðsluvaran
bar þannig með sér meiri skattlagningu
heldur en fullunnar vörur frá erlendum
framleiðendum. Brugðist var við þessu
með þeim hætti að vörur voru seldar
endursöluaðilum án söluskatts. Söluaðilar
þurftu þá að taka afstöðu til þess við sölu
á vörum hvort þær væru keyptar með
endursölu fyrir augum eða hvort um var
að ræða síðasta sölustig til neytanda. Mikil
hætta var fólgin í þessum viðskiptaháttum
og aukið svigrúm skapaðist til undanskota.

Virðisaukaskattur kynntur

Þegar uppsöfnunaráhrifa var farið að gæta
mikið á áttunda áratugnum þótti rétt að
kanna betur hvernig skattlagningu væri
háttað í öðrum Evrópulöndum, en þar
var víða lagður á VAT – Value Added Tax,
sem hér á landi kallast virðisaukaskattur.
Í Frakklandi var virðisaukaskattur tekinn
upp 1955 og árið 1967 var ákveðið innan
Efnahagsbandalags Evrópu að samræma
neysluskatta landanna með upptöku
virðisaukaskatts og hafði það einnig áhrif
utan bandalagsins. Sífellt hærri raddir
úr atvinnulífinu kölluðu á endurskoðun
skattheimtunnar og að leitað yrði leiða til

að koma í veg fyrir uppsöfnunaráhrifin.
Augljósasta leiðin var að taka frekar upp
virðisaukaskatt og hætta innheimtu
söluskatts.


Á árinu 1969 hófst fyrsta athugun á
framkvæmd virðisaukaskatts og tveimur
árum síðar, í apríl 1971, skilaði Jón Sigurðs-
son hagfræðingur við Efnahagsstofnunina,
með aðstoð Ólafs Davíðssonar hagfræð-
ings, af sér skýrslu til fjármálaráðherra.
Efni skýrslunnar fjallaði um kosti, galla og
helstu framkvæmdaatriði virðisaukaskatts
við íslenskar aðstæður, eins og segir um
heiti greinargerðarinnar á forsiðu hennar.
Helstu niðurstöður höfunda voru að með
upptöku virðisaukaskatts yrði annmörkum
söluskatts eytt og jafnframt yrði inn-
heimtuöryggi meira en í söluskattinum.
Skýrsluhöfundar drógu einnig fram ann-
markana og var þar bent á að kostnaður
við framkvæmd virðisaukaskatts væri
talsverður og ennfremur að líkur væru á
að nokkur verðlagsröskun gæti fylgt skatt-
heimtunni. Í lokaorðum skýrsluhöfunda
töldu þeir ekki útilokað að innheimta
virðisaukaskatts gæti hafist 1. janúar 1974.

Ný ríkisstjórn tók við völdum 14. júlí
1971. Í málefnsamningi þeirrar ríkis-
stjórnar voru ekki áform um að breyta
skattlagningu óbeinna skatta eins og fyrr
hafði verið stefnt að. Kom því nokkurt hlé
á umræður um hvort breytingar yrðu á
skattheimtu söluskatts.

Tæpum fjórum árum síðar, eða í maí
1975, skilaði nefnd sem kannaði hvaða
áhrif upptaka virðisaukaskatts myndi
hafa hér á landi af sér ítarlegri skýrslu. Í
nefndinni sátu Ólafur Nilsson löggiltur
endurskoðandi, Þorsteinn Geirsson



Geir H. Haarde, síðar forsætisráðherra, var
formaður starfshóps fjármálaráðuneytisins frá
1983-1987 þegar undirbúningur hófst fyrir alvöru.



Í apríl 1971 var lögð fram skýrsla um kosti, galla og helstu framkvæmdaatriði virðisaukaskatts við íslenskar aðstæður. Jón Sigurðsson þáverandi hagfræðingur við Efnahagsstofnunina var aðalhöfundur skýrslunnar.

lögfræðingur og síðar ráðuneytisstjóri og Gamalíel Sveinsson hagfræðingur. Nefndin fjallaði rækilega um kosti og galla innheimtu virðisaukaskatts en ekki síður hvernig slík skattheimta myndi falla að íslensku samfélagi. Með útgáfu skýrslunnar var einnig gott yfirlit um hvernig aðrar Evrópuþjóðir höguðu skattheimtu.

Mjög ítarlega var fjallað um hver væri helsti ávinningur virðisaukaskatts og þar skipti mestu hlutleysi skattheimtunnar því hann var ekki talinn hafa í för með sér

starfsemi og innsköttun rekstrarkostnaðar væri þannig líkleg til að meiri festa og nákvæmni yrði í viðskiptalífínu. Áhrifin á íslenskt samfélag voru talin umtalsverð en flest þó til góða. Nefndin benti einnig á, eins og gert hafði verið í fyrri athugunum, að kostnaður við rekstur virðisaukaskattskerfisins myndi verða hærri en söluskattskerfisins en um leið væru líkur á að kerfið í heild sinni myndi auka skilvirkni og bæta skattskil. Ekki voru lagðar fram ákveðnar hugmyndir um að

sem slík skattheimta kallaði á. Svo fór þó að gallar við framkvæmd söluskatts urðu stöðugt meira áberandi þegar liða tók á níunda áratuginn. Sérstakur 10% söluskattur var lagður á matvörur og þjónustu sérfræðinga á árinu 1987. Sá skattur hækkaði síðar í 12%. Þá skömmu áður, í apríl 1986, hafði verið birt skýrsla um líklegt tekjutap ríkis og sveitarfélaga vegna skattundanskota. Breytingarnar 1987 veiktu óumdeilanlega skattheimtu söluskattsins og voru þvert á ráðleggingar um mikilvægi einföldunar söluskattskerfisins. Ýmsir stjórnámálemenn tóku að tala skattheimtu söluskatts niður um leið og þeir mæltu með upptöku virðisaukaskatts. Að mati skattyfirvalda á þeim tíma var slík umræða óheppileg og varð trúverðugleiki skattheimtunnar minni þegar leið á áratuginn, m.a. af ummælum um að söluskattskerfið væri „ónýtt“.

Undirbúningur upptöku á virðisaukaskatti hófst árið 1982 með samningu frumvarps sem þó var ekki lagt fram fyrr en eftir að ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, sem tók við völdum í maí 1983, hafði verið mynduð. Í nóvember það ár var frumvarpið lagt fram til kynningar á Alþingi. Fjármálaráðuneytið stýrði frekari undirbúningi og skipaði starfshóp til að leiða verkið. Formaður hans var Geir H. Haarde sem var þá aðstoðarmaður fjármálaráðherra. Aðrir í hópnum voru Indriði H. Þorláksson þá skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Jón Guðmundsson forstöðumaður hjá RSK og Lárus Ögmundsson þá deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu. Starfshópurinn samdi nýtt frumvarp um upptöku virðisaukaskatts sem lagt var fram á Alþingi á árinu 1984 en hlaut ekki afgreiðslu. Starfshópurinn kynnti sér framkvæmd virðisaukaskatts í nágrannalöndunum og efndi m.a. til ferðar hagsmunadilla atvinnulífsins. Með þeim hætti tóku fulltrúar Alþýðusambands Íslands, nokkurra verkalýðsfélaga og fulltrúar atvinnulífsins og verslunarinnar þátt í undirbúningnum sem hófst fyrir alvöru á árinu 1986 og stóð linnulítið í fjögur ár þar til innheimta skattsins hófst. Seint á árinu 1986 var ákveðið að stefna að upptöku á staðgreiðslu 1. janúar 1988 og kom þá hlé í

”

Fyrstu árin var einungis eitt skattþrep í virðisaukaskatti og fáar afmarkaðar undanþágur frá skattskyldu. Það átti eftir að breytast áður en langur tími var liðinn

margsköttun þar sem hver liður í hinni virðisaukandi viðskiptakeðju myndi einungis skila skatti af þeim virðisauka sem verður á hverju viðskiptastigi, muninum á útskatti og innskatti. Þá myndu rekstraraðilar eiga þess kost að draga frá þann skatt sem þeir hefðu greitt af almennum rekstrarkostnaði en ekki aðeins af aðföngum. Virðisaukaskattur var einnig talinn mun öruggari og skilvirkari í framkvæmd en söluskattur og innra eftirlit í virðisaukaskattinum styrkti áreiðanleika hans. Helsti galli virðisaukaskatts var talinn vera að hann væri mun flóknari í framkvæmd en söluskattur og þar af leiðandi mannaflsfrekari. Skatturinn var talinn líklegur til þess að draga úr dulinni

taka bæri upp virðisaukaskatt, heldur benti nefndin á upptöku skattsins sem annan valkost af tveimur. Hinn möguleikinn væri að bæta söluskattskerfið. Engar hugmyndir um tímamörk voru í síðari skýrslunni.

Undirbúningur hefst

Þrátt fyrir þá framsýni sem stjórnvöld sýndu á þessum tíma með skipan nefndar um virðisaukaskatt og niðurstöður hennar var ekki mikil umræða um mögulega upptöku skattsins. 15 ár liðu frá útgáfu síðustu skýrslunnar um virðisaukaskatt og þar til innheimta hans hófst árið 1990. Talsverð andstaða myndaðist við virðisaukaskatt á þessum árum, einkum vegna flækjustigs skattheimtunnar og aukins mannafla

undirbúning virðisaukaskatts um nokkurra mánaða skeið en skattyfirvöld höfðu afdráttarlaust lýst því yfir að ekki væri unnt að taka bæði upp staðgreiðslu og virðisaukaskatt á sama tíma. Breytingar á innheimtu óbeinna skatta voru því lagðar til hliðar vegna anna við önnur verkefni sem talin voru mikilvægari m.a. vegna þrýstings frá Alþýðusambandi Íslands.

Upptaka virðisaukaskatts

Þegar undirbúningur að staðgreiðslu opinberra gjalda var langt kominn fór undirbúningur að upptöku virðisaukaskatts aftur á fulla ferð. Nefnd Geirs Haarde lauk störfum og frumvarpið sem lagt var fyrir Alþingi að nýju veturinn 1987 – 1988 hafði tekið talsverðum breytingum frá fyrra frumvarpi og var nú sniðið meira að danskri fyrirmynd.

Alþingi samþykkti á vormánuðum 1988 lög um virðisaukaskatt. Lögin voru birt 8. júní það ár og voru nr. 50/1988. Innheimta skattsins átti að hefjast 1. júlí 1989 en með lögum nr. 110/1988 var innheimtunni frestað til 1. janúar 1990. Í desember ári síðar voru sett lög, nr. 119/1989, sem kváðu á um breytingar á skattskyldusviði, skatthlutfalli, endurgreiðslum og innheimtu. Fyrstu árin var einungis eitt skattþrep í virðisaukaskatti og fáar afmarkaðar undanþágur frá skattskyldu. Það átti eftir að breytast áður en langur tími var liðinn.

Einfaldleikinn hverfur með tímanum

Við undirbúning á upptöku virðisaukaskatts var helst horft til norrænna fyrirmýnda, einkum danskra laga. Á grundvelli þeirra, og samkvæmt ráðleggingum færustu skattasérfræðinga á þessum tíma, var allt kapp lagt á að innheimta skattsins skyldi vera í einu þrepi sem ákveðið var 24,5%. Sérstakar niðurgreiðslur skyldu vera til framleiðslustöðva matvara en undantekningar voru fáar og afmarkaðar.

Óánægjuraddir heyrðust þó víða, einkum frá ýmsum hagsmunahópum. Á árinu 1990 samþykkti Alþingi að fella niður virðisaukaskatt á bækur frá og með 1. nóvember sama ár og á árinu 1992 var samþykkt að taka upp tveggja þrepa virðisaukaskatt sem tók gildi 1. janúar 1993. Þar var gert ráð fyrir að 14% virðisaukaskattur skyldi lagður á sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns. Undir þetta lægra skattþrep var einnig felld sala á tímaritum og bókum á íslensku, fólksflutningar, útleiga hótél- og gistiherbergja og önnur gisti-

þjónusta og afnotagjöld útvarpsstöðva og tóku breytingarnar ýmist gildi 1. júlí 1993 eða 1. janúar 1994. Fallið var frá því að skattleggja fólksflutninga áður en lögin komu til framkvæmda. Bækur á erlendra tungu voru ekki færðar í lægra skattþrepið fyrr en í júlí 2002.

Af þessari upptalningu má sjá að fljótlega eftir að lög um virðisaukaskatt tóku gildi, jukust undanþágur og stöðugt fleiri knúðu á um að færa skatthlutfallið neðar eða undanskilja þjónustu eða vörusölu skattheimtunni. Frá og með 1. júlí 1996 lækkaði endurgreiðsla virðisaukaskatts á vinnu við byggingu íbúðarhúsnæðis í 60% og vegna vinnu við endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis 1. janúar 1997. Á árinu 2006 var neðra þrep virðisaukaskatts lækkað með lögum nr. 175/2006 úr 14% í 7% og tók breytingin gildi 1. mars 2007. Við undanþágur frá efra skattþrepi bættust á þeim tíma geisladiskar, hljóm-

plötur, segulbönd og aðrir sambærilegir miðlar með tónlist. Þessari breytingu var ætlað að létta undir með heimilunum í landinu en breytingin var þó víða harðlega gagnrýnd eftir.

Ýmsar breytingar hafa orðið í gegnum tíðina þótt þær séu ekki tíundaðar í yfirlitsgreinarkorni þessu enda ekki tilgangurinn að rekja nákvæmlega allar breytingar. Það er þó ljóst af þeim breytingum sem orðið hafa og þeim frumvörpum sem lögð hafa verið fram að þrýstingur er oft á að taka tiltekna vörur eða þjónustu undan meginskattskyldu-sviðinu til að fá verð lækkað. Gallinn við slíkar breytingar er að heildarlöggjöfinni er þá oft raskað og undanþágur verða að lögum án þess að fyllsta samræmis sé gætt. Þá hefur það löngum verið tilhneiging að leggja fram tillögur til að lækka tekjur ríkissjóðs til að ívilna tilteknum þörfum, oft án samráðs við fjármálaráðuneyti.



Virðisaukaskattur

1. janúar

Hefur þú kynnt þér breytinguna?



Skattur af virðisauka. Innheimtunni dreift

Virðisaukaskattkerfi er innheimtu skattsins skipt niður á fleiri aðila en í sölskatti. Hvert fyrirtæki, hver hlekkur í framleiðslu- og sölukeðjunni, skilar aðeins skatti af þeirri verðmattaaukningu sem á sér stað í viðkomandi fyrirtæki.

Neytandinn greiðir ekki hærri upphæð vegna virðisaukaskatts en sölskatts.

Margir nýir aðilar taka þátt í innheimtunni

Innheimtu virðisaukaskatts er dreift á öll stig viðskipta og þjónustu en fer ekki aðeins fram á síðasta stigi eins og í sölskatti. Þess vegna koma margir nýir aðilar til sögunnar, t.d. innheimta bændur nú sjálfir virðisaukaskatt af framleiðslu sinni í stað þess að öll innheimtan fer fram á síðasta stigi í sölskatti. Með dreifingu innheimtu aðila fæst betra eftirlit með innheimtunni.

Af öðrum nýjum aðilum má nefna iðnaðarmenn, útgæbarabíla, fiskverkendur, iðnfyrirtæki, heildisala og vörutýgjendur.

Innskattur - útskattur

Virðisaukaskattur sem fyrirtæki greiðir af vöru og þjónustu sem það kaupir til að nota í rekstrinum er nefndur innskattur.

Virðisaukaskattur sem fyrirtæki innheimtir af sölu sinni er hins vegar nefndur útskattur.

Þegar fyrirtæki skilar útskatti til ríkissjóðs er þeim að draga frá innskattinn sem það hefur greitt til ríkissjóðs. Þetta á við um hráefni, rekstrarvörur og þjónustu sem notað er í rekstri við skattskylda fyrirtæki. Innskattur af hlunnindagreiðsum, risnu og öðrum efnum er ekki frádráttarber. Sama gildir almennt um önnur af fólksbæturum.

Með fradrættinum eiga fyrirtækin að losna við neysluskatt sem þau í mörgum tilfellum greiða nú og notað er í veg fyrir margsköttun.

Ath. Einungis fyrirtæki sem eru með skattskylda starfsmenn eiga rétt á fradrætti.

Uppgjörstímabilin verða mislöng

Afmennt uppgjörstímabil virðisaukaskatts verður veir mánuður. Ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur þannig að fyrirtæki á yfirleitt rétt á endurgreiðslu getur það lengið heimild skattstjóra fyrir skemmda uppgjörstímabili. Uppgjörstímabil bændna verða sex mánuðir.


Endurgreiðsla ef innskattur er hærri en útskattur

Innskattur á ákveðnu uppgjörstímabili kann að verða hærri en útskattur sama tímabils. Þetta getur t.d. gerst vegna fjárfestingar (bygging eða viðhald fasteignar fyrir reksturinn eða kaup á dýrum tækjum) eða ef fyrirtækið samfar birgðum. Einnig ef fyrirtæki selur vöru eða þjónustu sem eru undanþegin skatti (t.d. útlutningur).

Í þessum tilvikum endurgreiðir ríkissjóður mismun innskatts og útskatts á hverju uppgjörstímabili.

Upplýsingasími RSK
vegna virðisaukaskatts er
91-62 44 22





Í maí 1975 skilaði nefnd, sem Þorsteinn Geirsson var í forsvari fyrir, af sér ítarlegri skýrslu um könnun á hvaða áhrif upptaka virðisaukaskatts myndi hafa hér á landi.

Virðisaukaskattur hækkar

Eftir hrun fjármálastofnana á árinu 2008 varð fjárþörf íslenska ríkisins meiri en áður hafði verið. Kom þá fljótlega til tals að hækka efra þrep virðisaukaskattsins sem hafði verið óbreytt í nærfellt tvo áratugi. Niðurstaðan varð sú að Alþingi samþykkti að hækka efra þrep virðisaukaskattsins. Voru þá rétt 20 ár liðin frá upptöku skattsins og skatthlutfallið, og síðar skatthlutfall efra þrepsins, hafði verið óbreytt allan þann tíma. Lög nr. 130/2009 kváðu á um að skattþrepið skyldi verða 25,5% frá og með 1. janúar 2010. Er það með allra hæsta skatthlutfalli virðisaukaskatts í Evrópulöndum og hæsti virðisaukaskattur sem álagður er á Norðurlöndunum.

aukaskatt hefur orðið þróun í sömu átt, þ.e. til þess að flækja kerfið.

Fjármálaráðuneytið stóð fyrir viðamikilli úttekt á virðisaukaskattskerfinu á árunum 1999 og 2000. Stýrði Árni Kolbeinsson, þá ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, því starfi. Tilgangur nefndarstarfsins var að kanna hvort sú reynsla sem fengist hafði af innheimtu skattsins væri þess eðlis að efni stæðu til breytinga á löggjöf eða einhverjum framkvæmdaratriðum. Áður hafði ríkisendurskoðun gert athugun á tölvukerfum sem notuð voru við framkvæmd á virðisaukaskattinum. Nefndina skipuðu, auk Árna, þau Indriði H. Þorláksson, Maríanna Jónasdóttir, Skúli Eggert Þórðarson, Bolli

”

Virðisaukaskatturinn hefur staðið undir drjúgum rekstrarþörfum ríkissjóðs á liðnum árum. Ljóst er að framundan er ný vinna við að einfalda skattheimtuna og laga löggjöfina að því sem upphaflega var lagt upp með þegar lög nr. 50/1988 voru samþykkt

Nú stendur vilji til að breikka gjaldstofn virðisaukaskatts með því að fækka undanþágum frá lögum sem um hann gilda. Með þeirri þróun sem orðið hefur á skattinum hefur framkvæmdin og útfærslan orðið gríðarlega flókin, sem er þveröfugt við það sem að var stefnt á sínum tíma. Í ýmsum öðrum löndum sem nota virðis-

þór Bollason, Gestur Steinþórsson og með nefndinni starfaði Jón Guðmundsson.

Nefndin stóð fyrir umfangsmiklum athugunum á áreiðanleika virðisaukaskattsins og bjó til reiknilíkan til að geta lagt mat á áreiðanleika skattheimtunnar. Það varð síðan skoðun nefndarinnar, eftir þær viðamiklu athuganir, að skattheimtan

hefði staðið undir þeim væntingum sem til skattsins hefðu verið gerðar. Tekjur af virðisaukaskattinum hefðu verið í samræmi við allar megintekjuáætlanir, framkvæmdin var ekki talin íþyngja aðilum óeðlilega og það sem mestu máli skipti var að undanskot voru talin fara minnkandi. Á hinn bóginn benti nefndin á að alvarleg skattsvikamál hefðu komið upp og því væri mikilvægt að skattyfirvöld hefðu viðeigandi verkfæri og mannafla til að stemma stigu við slíku.

Stefnt að einföldun á ný

Í febrúar 2014 skipaði fjármála- og efnahagsráðherra þriggja manna stýrihóp sem ætlað var að vinna tillögur að einfaldara virðisaukaskatts- og vörugjaldskerfi. Í erindisbréfi stýrihópsins segir m.a. að virðisaukaskattur og vörugjöld séu mikilvægir tekjustofnar fyrir ríkissjóð og því sé brýnt að huga reglubundið að endurskoðun á lagaumhverfi þessara skatta til samræmis við viðskiptaumhverfið á hverjum tíma. Skattyfirvöld hafa löngum hvatt til einföldunar við alla skattalöggjöf. Reynslan hefur sýnt að einfaldar og skýrar reglur eru líklegri til að bæta skattskil. Þeim skilaboðum hafa skattamenn löngum komið á framfæri við ráðandi stjórnvöld á hverjum tíma en orðið misjafnlega ágengt.

Virðisaukaskatturinn hefur staðið undir drjúgum rekstrarþörfum ríkissjóðs á liðnum árum. Ljóst er að framundan er ný vinna við að einfalda skattheimtuna og laga löggjöfina að því sem upphaflega var lagt upp með þegar lög nr. 50/1988 voru samþykkt. Slíkt getur ekki gerst nema með víðtækum skilningi atvinnulífs og almennings á að óbeinir skattar eins og virðisaukaskatturinn eru ekki heppileg tekjujöfnunartæki. Virðisaukaskatturinn var innleiddur sem tekjuöflunartæki og mikilvægt er því að hann fái svigrúm til þess að vinna áfram sem slíkur án mikilla undanþága eða flækjustigs. Með þeim hætti getur mikilvægasti tekjustofn íslenska ríkisins haldið áfram að svara þeim þörfum. ■

Skúli Eggert Þórðarson
Jón Guðmundsson

Árni Sigfússon verkefnisstjóri innleiðingar rafrænna skilríkja



Rafræn skilríki

Í júnímánuði sl. undirrituðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samtök fjármálafyrirtækja viljayfirlýsingu um stórauðna notkun rafrænna skilríkja á næstu árum með það að markmiði að þau verði meginauðkenningarleið fólks vegna ýmiss konar rafrænnar þjónustu og viðskipta á netinu. Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra og Steinn Pálsson stjórnarformaður Samtaka fjármálafyrirtækja undirrituðu viljayfirlýsinguna með rafrænum skilríkjum í síma, hvor á sinni skrifstofu.

Verkefnisstjórn um innleiðingu rafrænna skilríkja

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur skipað verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að fylgja eftir sameiginlegri viljayfirlýsingu ráðuneytisins og Samtaka fjármálafyrirtækja um að stuðla að útbreiðslu og notkun rafrænna skilríkja. Formaður verkefnisstjórnarinnar er Hugu Ósp Reynisdóttir sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu en auk hennar sitja í stjórninni Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og Yngvi Örn Kristinsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja. Verkefnisstjórnin réð greinarhöfund sem verkefnisstjóra innleiðingar rafrænna skilríkja á haustmánuðum.

Rafræn skilríki veita nú þegar aðgang að vel á annað hundrað síðum á netinu. Stefnt er að stóruauðna notkun þeirra og að þau verði meginauðkenningarleið vegna ýmiss konar rafrænnar þjónustu og viðskipta á netinu.

Heilsuvera.is er vefsvæði þar sem notandi getur átt í samskiptum við heilbrigðisþjónustuna og nálgast gögn sem skráð eru um hann í heilbrigðiskerfið á Íslandi. Eina leiðin til auðkenningar inn á vefinn er með rafrænum skilríkjum.

Byggt á öryggi


Íslenska ríkið hefur undanfarinn áratug unnið að því að búa til trausta grunngerð um rafræna þjónustu sem er tvímælalaust hagkvæmt til lengri tíma litið. Hluti af því er markviss uppbygging á grunngerð fyrir rafræn skilríki sem hófst hér á landi eftir að lög um rafrænar undirskriftir voru samþykkt um síðustu aldamót.

Rafræn skilríki eru einu rafrænu auðkennin sem hægt er að nýta til fullgildrar rafrænnar undirritunar. Með tilliti til netöryggis veita þau, samkvæmt úttekt sérfræðinga, mesta öryggi sem í boði er og er það meðal annars vegna þess að lykilorð eru hvergi geymd miðlægt.

Rafræn skilríki byggja á Íslandsrót sem er alfarið í eigu ríkisins og lýtur stjórn þess.



Um Veru Innskráning



Vera hjálpar þér að hlúa að heilsu þinni. Heilsan er það dýrmætasta sem þú átt.



Af fundi verkefnisstjórnar um innleiðingu rafræna skilríkja. Hugufrún Ösp Reynisdóttir formaður nefndarinnar frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Gunnar Steinn Pálsson almannatengill, Árni Sigfússon verkefnisstjóri innleiðingar rafræna skilríkja og Yngvi Örn Kristinsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja.

Ströng skilyrði eru fyrir útgáfu rafræna skilríkja til einstaklinga og er hún undir opinberu eftirliti Neytendastofu. Öll skilríki sækja heimild sína til Íslands-rótar. Ríkið getur gert samninga við fleiri

Innleiðingin

Meðal þess sem stefnt er að er að með innleiðingu rafræna skilríkja geti fólk átt öll algengustu viðskipti sín við fjármálafyrirtæki með rafrænum skilríkjum.

”

Ákveðið hefur verið að nýta rafræn skilríki til undirritunar á ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar í tengslum við aðgerðir stjórnvalda um leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána.

fyrirtæki um að verða milliliðir við útgáfu rafræna skilríkja.

Vefsíður sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar, s.s. heilsufarsupplýsingar einstaklinga, gera ófrávikjanlega kröfu um að innskráning á þær sé með rafrænum skilríkjum svo auðkenning sé trygg. Má þar sem dæmi nefna nýjan vef Landlæknis, heilsuvera.is.

Á næstu tveimur árum er stefnt að notkun rafræna skilríkja við rafrænar þinglýsingar veðskuldabréfa, að fyrirtækjaskrá verði rafræn og að rafræn skilríki verði grundvöllur samskipta fjármálafyrirtækja og ríkisskattstjóra vegna neytendalána. Stefnt er á að rafræn skilríki verði notuð í samskiptum ríkisskattstjóra við framteljendur þegar ágreiningur skapast um

skattskyldur eða þegar framteljendur vilja senda inn erindi til breytingar á framtölum, að heilbrigðisstarfsmenn nýti þau í auknum mæli m.a. við útgáfu vottorða og lyfseðla og aðgangur einstaklinga að eigin heilbrigðisupplýsingum og lyfjagagnagrunni verði opnaður með rafrænum hætti í áföngum á næstu árum. Þá verði opnað fyrir ýmsar umsóknir, t.d. í háskóla, með rafrænum skilríkjum.

Samtök fjármálafyrirtækja stefna á að á næstu tveimur árum geti viðskiptavinir sótt um lán, keypt tryggingar og undirritað helstu skjöl með rafrænum skilríkjum. Rafræn skilríki verði hagkvæmasta auðkenningarleið viðskiptavina fjármálafyrirtækja að heimabönkum og þjónustuvefjum, hægt verði að stofna til viðskipta við fjármálafyrirtæki með rafrænum skilríkjum og staðfesta rafræn viðskiptaskjöl, s.s. rafrænan reikning, með rafrænum skilríkjum.

Mikilvægt er að ríki og fjármálafyrirtæki starfi saman að því að auka útbreiðslu og notkun rafræna skilríkja, en samstarfið stuðlar að nauðsynlegri samræmingu í gerð og notkun skilríkjanna og skapar grundvöll fyrir öflugt rafrænt viðskiptalíf. Ennfremur er ljóst að umtalsverð

Í októbermánuði var
auglýsingaherferð um rafræn
skilríki hleypt af stokkunum undir
kjörorðunum „Þetta ert þú“.

hagræðing og sparnaður næst fram með
rafrænum viðskiptum og því hagar beggja
aðila að útbreiðsla rafrænna skilríkja sé
sem víðtækust og notkunarmöguleikar
sem flestir.

Leiðréttingin

Rík áhersla er lögð á að allt ferlið, sem
lýtur að lækun höfuðstóls verðtryggðra
skulda, sé rafrænt, en afgreiða þarf 69
þúsund umsóknir frá 105 þúsund ein-
staklingum. Mikilvægt er að samþykki
fyrir ráðstöfun inn á lán sé óhrekjanlegt,
en í þúsundum tilvika hafa orðið breyt-
ingar á hjúskaparstöðu og lánnum þeirra
einstaklinga sem í hlut eiga.

Í þeirri aðgerð sem Leiðréttingin er
felst að ríkissjóður verður greiðandi að
hluta fasteignaveðlana umsækjenda. Fjár-
hæðinni er ráðstafað inn á lán sem hvílir
á fyrsta veðrétti á heimili umsækjanda.
Ekki er tryggt að hann sé skráður skuldari
þess láns. Því er þess krafist að samþykki
fyrir ráðstöfuninni sé staðfest með sann-
anlegum hætti.

Ákveðið hefur verið að nýta rafræn
skilríki til undirritunar á ráðstöfun leið-
réttingarfjárhæðar í tengslum við aðgerðir
stjórnvalda um leiðréttingu verðtryggðra
fasteignalána. Ákvörðun um nýtingu
rafrænna skilríkja er tekin til að tryggja
öryggi umsækjenda og efla örugg rafræn
viðskipti á Íslandi.

Skilríkin sjálf

Skilríki verða brátt fánleg hjá öllum stóru
farsímafyrirtækjunum eða sem einka-
skilríki sem veitt eru ókeypis í gegnum
leiðrétting.is. Þau er einnig hægt að nota
á fjölmörgum debetkortum sem hafa verið
gefin út. Þessi skilríki eru þægileg og ein-
föld í notkun, einungis þarf eitt 4-8 stafa
númer. Það þýðir að ekki þarf lengur að
muna mörg notandanöfn og misflókin
lykilorð, sem eykur þægindi notenda. ■

Steinþór Pálsson og Bjarni
Benediktsson undirrituðu
viljayfirlýsinguna með
rafrænum skilríkjum í farsíma
hvor frá sinni skrifstofu.



Þetta ert þú

Fáir efast um að það hafi verið rétt ákvörðun að skipta yfir
í hægri umferð á Íslandi enda þótt sú vinstri hafi gengið
þokkalega fyrir sig. Við færdum okkur nær nútímanum og
tókum samstíga skref í átt til umferðarmenningar sem víðast
gilti í heiminum.

Á sama hátt er innleiðing rafrænna skilríkja mikið fram-
faraskref í íslensku samfélagi. Hún eykur öryggi okkar í raf-
rænum heimi, opnar fjölmargar nýjar og fjötvirkari leiðir
að persónulegum upplýsingum á netinu, gerir okkur kleift

að undirrita skjöl með rafrænum hætti og sparar bæði okkur
og umhverfinu sporin á margvíslegan máta.

Rafræn skilríki leysa gömlu notandanöfnin þín og lykíl-
orðin, auðkennislykla, veflykla og flest aðgangsorð af
hólmi. Í staðinn býrðu til eitt nýtt númer, leggur það á
minnið og gerir að ferðafélaga hvert sem leiðin liggur.
Skilríkin einfalda þér lífið, auka öryggi til muna og greiða
þér leið í netheiminum með því að sanna það á augabragði
að þetta sért þú - og enginn annar.



Nánari upplýsingar fást á www.skilríki.is og einnig m.a. á vefsíðum banka og símfyrirtækja og vefjum ýmissa opinberra aðila sem opna upplýsingasvæði
sín fyrir handhafa rafrænna skilríkja.



Leiðin fram á við vörðað

Frá árinu 2010 hafa allir stjórnendur ríkisskattstjóra hist árlega og stillt saman strengi sína á sérstökum haustfundi. Að þessu sinni var stjórnendafundurinn haldinn á Icelandair hótél Héraði dagana 8. – 10. september og var ánægjulegt að öll þau sem til fundarins voru boðuð höfðu tök á að vera þar, enda til hans boðað með góðum fyrirvara. Þau sem flugu austur að morgni fyrsta fundardags fengu tækifæri til að sjá eldsumbrotin í Holuhrauni úr fjarska og höfðu mörg aldrei séð slíkt áður berum augum.



Þjálfun stjórnenda

Síðastliðið ár hefur rík áhersla verið lögð á eflingu stjórnenda embættisins. Fyrirlestrar hafa verið haldnir auk þess sem hver og einn hefur hlotið einstaklingsmiðaða stjórnendaþjálfun. Eðli verkefna stjórnandans er þannig að sífellt er hægt að bæta þekkingu og færni í þeim. Stór hluti þeirra stjórnenda sem eru á vinnustaðnum þróaðist úr starfi sérfræðings í stjórnunarstörf á sínu sérsviði og hefur því ekki formlega menntun og jafnvel ekki mikla reynslu til að byggja á í stjórnun þrátt fyrir að vera með framúrskarandi þekkingu á þeim verkefnum sem einingu hans er ætlað að leysa af hendi. Skúli Eggert Þórðarson rifjaði upp þá punkta sem farið var yfir á sambærilegum fundi

2013 og lagði það línurnar að því að haldið væri áfram þar sem frá var horfið.

Frá haustmánuðum 2013 hafa stjórnendur hjá ríkisskattstjóra notið liðsinnis Öldu Sigurðardóttur, stjórnendaþjálfara hjá Vendum, en hún hefur hitt þá alla einslega í nokkur skipti og hjálpað þeim á einstaklingsmiðaðan hátt að bæta árangur sinn í starfi. Alda var þátttakandi í fundarhöldunum og miðlaði að þessu sinni almennari þekkingu um stjórnun til hópsins alls í fyrirlestrar- og umræðuformi. Einnig leystu fundarmenn hópverkefni og kynntu niðurstöður þeirra. Svo vel viðraði á Egilsstöðum að hluti fyrirlestrar Öldu var fluttur út fyrir vegg og því gott loft og hlýir sólargeislar sem fylgdu fróðlegu umfjöllunarefni.

Fyrirmyndarstofnun

Árlega gera SFR - stéttarfélag í almannajónustu og fjármála- og efnahagsráðuneyti könnun á starfsumhverfi og líðan starfsfólks undir heitinu Stofnun ársins. Öllum starfsmönnum ríkisskattstjóra stendur þátttaka í könnuninni til boða og fá þeir hana senda í febrúar ár hvert. Eftir að niðurstöður könnunarinnar voru kunngjörðar sl. vor var kallað eftir ítarlegri greiningu niðurstaðnanna til að unnt væri að greina betur þau sóknarfæri sem embættið hefði í starfsmannatengdum málefnum. Ásgeir Heimir Guðmundsson sviðsstjóri fjármálasviðs kynnti þessa greiningu fyrir fundarmönnum og rakti einnig hvernig útkoma ríkisskattstjóra hefur þróast síð-



ustu ár, bæði fyrir og eftir sameiningu við skattstjóraembættin sem áður voru.

Sí- og endurmenntun

Fræðslu starfsmanna hefur ávallt verið sinnt mjög vel innan embættis ríkisskattstjóra. Hins vegar hefur form fræðslunnar tekið miklum breytingum í áranna rás. Á sjöunda áratugnum var starfsfræðslan í formi sex vikna nám-

skeiðs sem síðar var styttn í eina viku, því næst þrjá daga, einn dag og svo þrjá klukkutíma. Eftir sameiningu heyrðust sterkar raddir frá starfsmönnum þar

sem óskað var eftir að námskeið væru enn styttri og hnitmiðaðri, jafnvel stundum í málstofuformi. Brugðist var við því og hafa tugir slíkra verið haldin

Stjórnendur á einstaklingssviði funduðu á starfsstöðinni að Skjólvangi 2. Frá vinstri: Gunnar Karlsson sviðsstjóri, Helga Erlingsdóttir, Grétar Þór Kristinsson, Esther Sigurðardóttir, Hanna Björnsdóttir, Hrefna Björnsdóttir, Fanney Steinsdóttir, Kolbrún Þórisdóttir, Helgi Guðnason, Ingi Tómas Björnsson og Elín Alma Arthursdóttir sviðsstjóri fagsviðs sem einnig sat fundinn.





Svanhildur Hólm Valsdóttir og Bjarni Benediktsson voru sérstakir gestir fundarins.

”

Á hverju hausti gera allir sviðsstjórar verkefnaáætlun sem leggur grunn að heildaráætlun ríkisskattstjóra í verkefnum komandi árs og er kynnt fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti

árlega síðan, en þau hafa verið vel sótt bæði á þeim stað sem þau hafa verið haldin hverju sinni auk þess sem fjarfundabúnaður er mikið notaður til að miðla þekkingu til sem flestra. Nú þegar er mikið fræðslustarf í gangi sem nýtist til sí- og endurmenntunar starfsmanna og verður framvegis kynnt með þeim formerkjum.

Talsverð umræða var um fræðslumál á fundinum og þær hugmyndir ræddar hvort gera ætti formlega starfsþróunaráætlun fyrir hvern og einn starfsmann, mögulega samhliða árlegum starfsmannasamtölum. Fundarmönnum kom á óvart hversu slök útkoma sí- og endurmenntunar var í Stofnun ársins í ljósi þess gríðarmikla námskeiðahalds sem er í gangi yfir vetrarmánuðina og hyggjast leita leiða til að skýra sýn starfsmanna á mikilvægi þess að sækja sér þessa þekkingu.

Vinnuaðstaða

Einn þeirra þátta sem stjórnendur hjá embættinu telja að gera þyrfti betur í, og mátti greina úr Stofnun ársins, tengist vinnuaðstöðu starfsmanna. Með öllu er óásættanlegt að sú aðstaða sem notuð er til daglegra starfa sé ekki með þeim hætti að starfsmanni líði nægjanlega vel við störf sín. Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri og Helga Valborg

Steinarsdóttir fóru yfir mál tengd vinnuaðstöðu starfsmanna í kjölfar kynningar niðurstaðna á þeim þáttum í Stofnun ársins og veltu upp hugmyndum um leiðir sem unnt væri að fara til að komast að því hvar vandinn liggur og hvernig bregðast skuli við. Kostir og gallar hvernar þeirra leiða voru skoðaðir og fundarmenn tóku allir þátt í að móta og útfæra leiðir að markmiðinu. Sú leið varð fyrir valinu að spyrja hvern og einn starfsmann um vinnuaðstöðu hans í árlegu starfsmannasamtali vetrarins og tryggja að viðeigandi úrbætur ættu sér stað í kjölfarið. Drögum að formi starfsmannasamtala ársins var dreift til allra svo þeir hefðu tækifæri til að koma fram ábendingum um hvað betur mætti fara áður en endanleg útgáfa samtalsformsins sem stuðst verður við lítur dagsins ljós.

Verkefnaáætlun

Á hverju hausti gera allir sviðsstjórar verkefnaáætlun sem leggur grunn að heildaráætlun ríkisskattstjóra í verkefnum komandi árs og er kynnt fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Sviðsstjórar flestra sviða fóru yfir hvernig áætlun sem gerð var á haustdögum 2013 gekk eftir og jafnframt hvað yrði helst á döfinni næsta árið. Sökum tímahraks náðist ekki að fara yfir verkefni fámennustu sviða embættisins.

Fjármál

Ásgeir Heimir Guðmundsson sviðsstjóri fjármálasviðs greindi frá stöðu fjármála embættisins í ljósi þeirra fjárheimilda sem því eru úthlutaðar, niðurskurðar og niðurfellingar tímabundinna fjárveitinga. Hann fór jafnframt yfir þau áhrif sem ný verkefni tengd Leiðréttingunni hafa haft á stjórn fjármála ríkisskattstjóra.

Sviðsfundir

Ómetanlegt er fyrir sviðsstjóra stærri sviða embættisins að hafa gott ráðrúm til að funda án nokkurra utanaðkomandi truflana með stjórnendum viðkomandi sviðs sem starfa víða um landið. Á fundinum var sérstakur tími nýttur til þessa og gafst þá gott færi til að fara yfir verkefni vetrarins á sviðinu, verkaskiptingu, verklag og tímamörk.

Starfsstöð RSK á Egilsstöðum

Fundarmenn heimsóttu hina vel búnu starfsstöð sem ríkisskattstjóri hefur á Egilsstöðum og Hrefna Björnsdóttir sér um daglega stjórnun á. Húsnæðið var tekið í notkun stuttu áður en ákveðið var að skattstofan, sem þá var, yrði sameinuð ríkisskattstjóra. Við sameiningu urðu ákveðnar breytingar sem gerðu að verkum að ekki var lengur þörf fyrir svo stórt húsnæði sem starfsemin er í við Skjólvang 2, en vegna ákvæða í leigusamningi er ekki unnt að fara í hentugra rými. Því er rúmt um þá sjö starfsmenn sem starfa á Egilsstöðum.

Góðir gestir

Hefð er fyrir því að bjóða til hátíðarkvöldverðar seinna fundarkvöldið og heiðruðu Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra og Svanhildur Hólm Valsdóttir aðstoðarmaður ráðherra fundargesti með nærveru sinni. Í ræðu sinni fór ráðherra yfir hin ýmsu verkefni sem ríkisskattstjóra hafa verið falin fyrr og nú, þó með sérstakri áherslu á Leiðréttinguna sem hefur reynst sérlega viðamikil verkefni þetta árið. Hafði hann mjög hlýleg orð um starfsmenn embættisins og samskipti þeirra bæði við almenning og ráðuneyti. ■

IHG



Alda Sigurðardóttir stjórnendabjálfi og Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.



Helga Valborg Steinarsdóttir og Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri báru hitann og þungann af skipulagningu fundarins.



Veðurguðirnir voru fundarmönnum hliðhollir og var því unnt að færa hluta fundarhaldanna út undir beran himin.



Upplýsingasamfélagið Eistland: Rafræn stjórnsýsla byggist á rafrænum skilríkjum

Þann 11. september sl. tók ríkisskattstjóri á móti sendinefnd frá eistneska fjármálaráðuneytinu sem komin var hingað til lands í þeim tilgangi að fræðast um opinberan rekstur og stjórnsýslu á Íslandi, og enn fremur að deila reynslu Eista af slíku með Íslendingum. Sendinefndin heimsótti nokkrar opinberar stofnanir í Reykjavík og kynnti ýmsa þætti opinbers rekstrar í Eistlandi, m.a. stofnanakerfið, stefnumótun og áætlanagerð, mannauðsmál og hinar ýmsu stoðþjónustur. Síðast en ekki síst fjölluðu nefndarmenn um þróun upplýsingatækni og rafræna stjórnsýslu í Eistlandi, og var það einmitt meginefni heimsóknar þeirra til ríkisskattstjóra.

Með hópnum í för var Hugrún Ösp Reynisdóttir, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, og reið hún á vaðið með umfjöllun sinni um rafræna stjórnsýslu á Íslandi og sögu rafrænna skilríkja hérlandis. Þá flutti Jóhannes Jónsson, sviðsstjóri skipulagssviðs, kynningu á því hvernig ríkisskattstjóri hefur nýtt sér rafræna

rænar lausnir við útfærslu verkefna á borð við leiðréttingu höfuðstóls verðtryggðora húsnæðislána og innleiðingu embættisins á notkun rafrænna skilríkja við auðkenningu og rafræna undirritun. Enn fremur ræddi hann um þróun rafrænna framtalskila á Íslandi. Skúli Jónsson, sviðsstjóri á skráasviði, ræddi því næst um rafræna

fyrirtækjaskrá sem nú er í framleiðslu og mun gera mönnum kleift að stofna íslensk hlutafélög, einkahlutafélög, sameignarfélag og sjálfseignarstofnanir í gegnum þjónustusíðu ríkisskattstjóra og útvega og samþykka stofngögn með rafrænum hætti.

Þá tók við Evelin Kasenömm, upplýsingaráðgjafi hjá eistneska fjármálaráðuneytinu, og flutti greinargóðan fyrirlestur um þróun upplýsingatækni-stefnu eistneskra stjórnvalda og sögu og uppbyggingu rafrænnar þjónustu í eistnesku samfélagi. Eistar hafa lagt ríka áherslu á upplýsingatæknimál frá því þeir öðluðust sjálfstæði á ný við fall Sovétríkja árið 1991. Hugtakið „e-Estonia“ vísar til þess hvernig Eistland hefur skapað sér stöðu sem eitt þróaðasta ríki heims á sviði upplýsingatæknimála, en þann árangur má þakka framsýnni stjórnsýslu, frumkvæði af hálfu innlendra upplýs-



Fulltrúar ríkisskattstjóra og fjármála- og efnahagsráðuneytis á fundi með sendinefnd eistneska fjármálaráðuneytisins. Hugufrún Ösp Reynisdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu hafði umsjón með heimsókn Eistlendinga og stýrði fundahöldum.

Árið 2001 var kynnt til sögunnar „x-Road“-umhverfið, en í gegnum það er veittur aðgangur að yfir 170 gagnagrunnum og eru á þessum vettvangi nýttar meira en 2000 mismunandi tegundir vefþjónustu. Gagnagrunnunum er ekki stýrt miðlægt og enginn einn eigandi er að „x-Road“, en ríkisstofnanir og ýmis fyrirtæki nýta sér möguleikana sem þar eru í boði með þeim hætti sem hentar best hverjum og einum. Yfir 900 opinberar eistneskar stofnanir og einka-fyrirtæki nota „x-Road“ dagsdaglega, þ.m.t. þjóðskrá, sjúkratryggingaskrá, ökutækjaskrá, menntastofnanir, fjar-skiptafyrirtæki, fjármálastofnanir og eistneska þingið. Yfir 50% Eista sækja sér þjónustu sem þar er boðið upp á. Þá taka notendaviðmót mið af því hvort viðkomandi notandi hverju sinni er

”

Eistar hafa lagt ríka áherslu á upplýsingatæknimál frá því þeir öðluðust sjálfstæði á ný við fall Sovétríkjanna árið 1991

ingataknifyrirtækja og því hvernig tekist hefur að kveikja áhuga eistnesku þjóðarinnar á tæknimálum. Helstu hindranirnar á þeirri vegferð voru í upphafi máls skortur á tölvulæsi hjá Eistum almennt sem fór illa saman við þá staðreynd að rafræn þjónusta hefur óhjákvæmilega tiltekið flækjustig. Samhliða aukinni fræðslu og ákveðinni vitundarvakningu um mikilvægi upplýsingatæknimála þurfti að finna lausnir á auðkenningarmálum, auka samstarfshæfni upplýsingakerfa og ennfremur þarfnaðist löggjöfin endurskoðunar og umbóta. Að þessu hafa eistnesk stjórnvöld unnið stöðugt undanfarin tæp 20 ár í virku og uppbyggilegu samstarfi við einkageirann, og er árangurinn einkar eftirtektarverður.

Tígrisstökkið

Ferlið hófst árið 1996 með „the Tiger Leap“, sem var þjóðaráttak í þróun og útbreiðslu tölvubúnaðar og uppbyggingu innri tæknilegra kerfa landsins. Sérstök áhersla var lögð á menntakerfið og fengu allir eistneskir skólar internetaðgang, auk þess sem komið var upp töluverum í flestum skólanna.

Árið 2000 var tekin upp svokölluð „rafræn ríkisstjórn“, eða „e-Cabinet“, með því að ríkisstjórnarfundir urðu alfarið pappírslausir. Undirbúningur allrar

ákvarðanatöku sem og atkvæðagreiðslur urðu þess í stað rafrænar. Ennfremur var komið í gagnið kerfi fyrir rafræn skattskil, „e-Tax“, sem stórlækkaði rekstrarkostnað eistneskra skattyfirvalda, en nú árið 2014 eru 95% allra skattskila rafræn. Þetta sama ár var tekið upp „m-Parking“ sem gerir ökumönnum kleift að greiða fyrir notkun á bílastæðum í gegnum farsímann sinn, en þannig spara sveitarfélögin umtalsverðan kostnað við rekstur og eftirlit með gjaldskyldum bílastæðum.

borgari, ríkisstarfsmaður við störf eða lögaðili. Árið 2001 var ennfremur hleypt af stokkunum áttakinu „Look@World“, sem fól í sér upplýsingatæknifræðslu fyrir fullorðna og herferðir sem miðuðu að vitundarvakningu almennings í upplýsingatæknimálum. Þá var tölvuaðstaða fyrir almenning sett upp víðsvegar um landið svo þeir sem ekki ættu sjálfir tölvu gætu farið á internetið. Árið 2002 höfðu 100 þúsund eistneskir borgarar fengið þjálfun á vegum „Look@World“.

Sýnishorn af útliti rafrænna skilríkja í Eistlandi



Rafræn skilríki

Árið 2002 markaði upphaf notkunar rafræna skilríkja, eða „e-ID“, og rafrænna undirskrifa, þ.e. „DigiDoc“, í Eistlandi. Rafrænu skilríkin eru löggild skilríki með ljósmynd og örflögu, gefin út af eistneska ríkinu til fimm ára í senn og eru skyldueign fyrir alla borgara 15 ára og eldri.

innan Schengen. Þá nýttist það einnig sem ökuskírteini. Með rafrænum skilríkjum má framkvæma rafræna undirritun sem er jafngild hefðbundinni undirritun og styðst við rauntíma sannreyningu auðkennis (OCSP). Frá því að löggjöf um rafrænar undirritanir tók gildi í mars 2000 og fram í nóvember 2012 voru

borgarar hafa á einum og sama stað aðgang að 99% af allri vefþjónustu ríkisins. Með því að snertipunktur borgaranna og þjónustuveitenda þeirra sé aðeins einn eykst skilvirkni í upplýsingamiðlun ríkisstofnana sem geta með einföldum hætti kynnt breytingar og umbætur á þjónustu sinni í gegnum ríkisvefgáttina.

Árið 2005 var komið á fót rafrænu kosningakerfi, eða „i-Voting“, sem gerir kjósendum í eistneskum kosningum kleift að greiða atkvæði sitt í gegnum hvaða nettengdu tölvu sem er, hvaðan sem er í heiminum. Í þingkosningunum 2011 greiddu 24% kjósenda atkvæði sitt rafrænt og sparaði rafræna lausnin 11.000 vinnudaga og þar með launakostnað sem nemur 504.000 evrum, eða um 77.061.600 kr.

Árið 2007 hófu eistnesk lögreglufyrirvöld að nota kerfið „e-Police“ sem felur í sér að færanlegri vinnustöð er komið fyrir í hverjum lögreglubíl og geta lögreglumenn við eftirlit flett upp í gagnagrunnum á borð við þjóðskrá og ökutækjaskrá á grundvelli rafræna skilríkja sem borgari framvísar, og fundið þar t.d. upplýsingar um ökuréttindi og ökuferil viðkomandi. Daglega eru um 17.000 fyrirsurnir sendar inn í kerfið og teljast lögreglustörf nú 50 sinnum skilvirkari en áður. Ennfremur er í vinnustöðinni staðsetningarbúnaður svo höfuðstöðvar lögreglu geta fylgst með staðsetningu hverrar bifreiðar og þannig brugðist hraðar og betur við þegar senda þarf lögreglumenn á vettvang. Þetta sama ár var tekin í gagnid

”

Í dag er 1,1 milljón virkra rafræna skilríkja í Eistlandi en það nemur því að næstum 90% Eista, sem eru 1,3 milljónir, eigi slíkt skilríki

Auk þess að vera sjónræn auðkenning veita rafrænu skilríkin aðgang að öllum öruggum vefþjónustum Eistlands þar sem rafrænnar auðkenningar er þörf, hvort heldur sem er á vegum hins opinbera eða einkafyrirtækja. Í dag er 1,1 milljón virkra rafræna skilríkja í Eistlandi en það nemur því að næstum 90% Eista, sem eru 1,3 milljónir, eigi slíkt skilríki. Tengt við örflöguna á skilríkinu er persónulegt netfang viðkomandi einstaklings sem hann notar í rafrænum samskiptum sínum við yfirvöld og aðra þjónustuveitendur Ennfremur er á kortinu sama auðkennisrönd og á vegabréfi viðkomandi þannig að rafræna skilríkið telst gilt ferðaskilríki

framkvæmdar 100 milljónir rafræna undirskrifa, en 25. apríl sl. voru þær orðnar 156.282.260.


Rafrænn gagnagrunnur lagafrumvarpa

Árið 2003 var tekinn í notkun rafrænn gagnagrunnur fyrir lagafrumvörp, sem gefur almenningi kost á að kynna sér lagafrumvörp og lögskýringargögn á rafrænu formi. „e-Law“ eykur gagnsæi lagasetningarferlisins, sparar tíma og dregur úr þeirri ómældu pappírseyðslu sem annars fylgir löggjafarstarfsemi á hefðbundnu formi. Sama ár var ennfremur opnuð ríkisvefgáttin eesti.ee þar sem eistneskir

Þróunin frá 1996

1996	Tígrisstökkið (Tiger-Leap) til stuðnings upplýsingatækni í skólum; rafræn bankþjónusta (e-banking)
2000	Rafræn ríkisstjórn (e-Cabinet); rafræn skattskil (e-Tax); rafræn greiðsla í bílastæðasjóð (m-Parking)
2001	„X-Road“ umhverfið; „Look@World“ verkefnið til fræðslu og vitundarvakningar í upplýsingatæknimálum
2002	Rafræn auðkenniskort; rafræn undirritun
2003	Rafrænt lagasetningarferli (e-Law); ríkisvefgátt
2005	Rafrænar kosningar (i-Voting)
2007	Rafræn skilríki á farsíma; rafræn löggæsla (e-Police); rafræn fyrirtækjaskrá (e-Business)
2008	Rafrænn heilbrigðisgagnagrunnur (e-Health)
2009	Upplýsingatæknikennsluáttak fyrir fullorðna (Come Along)
2010	Rafrænt lyfseðilkerfi (e-Prescription)
2014	4.000 tegundir rafrænnar þjónustu í boði hjá stjórnvöldum og einkaaðilum

Skipulag eistneska upplýsingakerfisins



rafræn fyrirtækjaskrá, eða „e-Business“, sem gerir athafnamönnum mögulegt að stofna fyrirtæki og skrá þau með rafrænum hætti. Með rafrænni fyrirtækjaskrá tekur það einungis tvær klst. að stofna fyrirtæki en það tók um fimm daga með gamla laginu. Umsýslukostnaður lækkaði með þessu umtalsvert en árið 2011 voru 98,2% allra fyrirtækjaskráninga framkvæmdar í gegnum rafræna fyrirtækjaskrá.

Sjúkraskrár rafvæddar

Árið 2008 var hleypt af stokkunum „e-Health“ sem er heilbrigðisgagna-grunnur þar sem safnað er saman gögnum frá öllum heilbrigðisþjónustuaðilum Eistlands. Dregur kerfið mjög úr skriffinnsku og umstangi fyrir lækna, auk þess sem sjúkraskrár og önnur heilbrigðisgögn einstakra sjúklinga eru nú aðgengilegar hverjum þeim lækni sem sinnir viðkomandi á hverjum tíma. Árangurinn er skilvirkari og notendavænni heilbrigðisþjónusta og jafnframt bætt utanumhald gagna um heilsufar þjóðarinnar.

Árið 2009 markaði upphaf átaksins „Come Along“ sem veitti yfir 10% fullorðinna Eista ókeypis þjálfun í notkun tölvu og internets. Var átakið fjármagnað af fjármála- og fjarskiptafyrirtækjum og

skilaði þeim árangri að árið 2011 voru 76,5% Eista virkir netnotendur, en árið 2001 var hlutfallið aðeins 32%.

Árið 2010 var tekið í notkun rafrænt lyfseðlakerfi, eða „e-Prescription“, og eru lyf afhent sjúklingum gegn framvísun rafrænna skilríkja. Árið 2013 voru 95% allra lyfseðla í Eistlandi gefin út rafrænt með þessum hætti.

Árið 2013 var gerð könnun á kostum og ókostum þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í Eistlandi undanfarin ár og snýr að rafrænni þjónustu og upplýsingatæknisamfélaginu. Helstu ókostir töldust vera greinilegur skortur á einhvers konar yfirstjórn og –umsjón og þ.a.l. einnig á markmiðum með þeim aðgerðum sem farið er af stað með. Þá væri rík þörf á nákvæmri greiningu á kostnaði fyrir hlutaðeigandi aðila. Kostirnir þóttu vera hversu notendavæn rafræn þjónusta hefði reynst fyrir hinn almenna borgara, auk þess sem ómældur tími og fjármagn hafði sparast fyrir ríkissjóð og einkafyrirtæki. Upplýsingamiðlun í samfélaginu hefur aukist og batnað, meiri sveigjanleiki og hraði er í kerfinu, og enn fremur eru gæði gagna meiri og minna um mistök. Almenn þykir sú leið sem farin hefur verið liggja í átt til farsællar framtíðar fyrir Eistland.

Útlendingar og Eistland

Samkvæmt Áætlun um eistneskt upplýsingasamfélag 2020 er stefnan nú tekin á „e-Residency“ sem felur í sér að Eistland mun gera hinar öruggu og hagkvæmu rafrænu þjónustuleiðir sínar aðgengilegar borgurum annarra landa. Þeim sem hyggjast nýta sér þá þjónustu verður úthlutað rafrænum skilríkjum. Standa vonir Eista til þess að þeir nái að skapa sér sterka stöðu á alþjóðlegum vettvangi hvað framboð og gæði rafrænnar þjónustu og stjórnsýslu varðar, og að þeir verði leiðandi á þessu sviði. Markmiðið er að styrkja eistneskan efnahag og samfélag í hnattvæðingarferlinu og gera Eistland að aðlaðandi viðskiptaumhverfi innan ESB. Markhópurinn er erlendir fjárfestar, hluthafar og stjórnarmenn í eistneskum fyrirtækjum, svo og erlendir starfsmenn eistneskra fyrirtækja og fjölskyldur þeirra, lítill og meðalstór fyrirtæki í Evrópu og annars staðar, menntageirinn þ.e. erlendir vísindamenn, fyrirlesarar og nemendur, fulltrúar erlendra ríkja og alþjóðasamtaka í Eistlandi svo og allir þeir sem áhuga hafa á rafrænum lausnum og þjónustu. ■

HVS

Alþjóðleg ráðstefna ríkisskattstjóra um skattaskjól

Að þessu sinni var árleg samnorræn ráðstefna um skattaskjól haldin á Akureyri dagana 1. og 2. apríl 2014. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar frá skattyfirvöldum í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Noregi og Svíþjóð ásamt fulltrúum frá ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Á ráðstefnunni voru fluttir fyrirlestrar um þær áherslur sem skattyfirvöld á Norðurlöndunum hafa lagt í baráttunni gegn skattaskjólum og skattundanskotum þeim tengdum. Jafnframt var gerð grein fyrir vinnu alþjóðasamtaka eins og OECD á þessu sviði. Þá var starf NAIS vinnuhópsins kynnt en það er samnorrænn vinnuhópur sem á að stuðla að aukinni notkun upplýsingaskiptasamninga, en starf hópsins hefur vakið athygli á alþjóðavettvangi. Í kjölfarið fór svo fram kynning á sameiginlegu vefsvæði sem fyrirhugað er að opna síðar á þessu ári þar sem hægt verður að finna margvíslegan fróðleik um þau ríki sem Norðurlöndin hafa gert upplýsingaskiptasamninga við. Vefsvæðið er einkum ætlað skatteftirlits- og skattrannsóknarmönnum og er

tilgangurinn að gera þeim auðveldara fyrir með ýmis konar upplýsingaöflun. Fulltrúar hvers lands gerðu svo grein fyrir helstu skatteftirlits- og skattrannsóknarmálum á árinu 2014.

Áður en ráðstefnan hófst höfðu þátttakendur fengið send fjögur raunhæf dæmi sem þeir áttu að leysa í hópastarfi. Þátttakendum var skipt upp í fimm hópa og þar átti að ræða dæmin og lýsa því hvernig best væri að takast á við þær spurningar sem vöknuðu. Þau dæmi sem hóparnir unnu með að þessu sinni voru frá Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð og fjölluðu öll með einum eða öðrum hætti um undanskot frá skatti þar sem reynt var að fela slóðina með því að koma fyrirtækjum og/eða fjármunum fyrir í skattaskjólum.

Þá flutti fulltrúi frá skattrannsóknarstjóra ríkisins erindi um eitt af svokölluðum kreditkortamálum sem embættið hefur haft til rannsóknar en í þessu tiltekna máli var m.a. farið í húsleit heima hjá viðkomandi skattaðila.

Guðrún Jenný Jónsdóttir sviðsstjóri hjá RSK stýrði ráðstefnunni. Umsjón með skipulagningu var í höndum Helgu Valborgar Steinarsdóttur.

Í lok ráðstefnunnar var þátttakendum boðið í útsýnisferð að Goðafossi þar sem leiðsögumaður leiddi ferðafólk í allan sannleik um fornar sagnir frá þessum slóðum. Í ferðinni var að sjálfsögðu boðið upp á íslenskt góðgæti eins og rúgbrauð með kæfu og pönnukökur. Um kvöldið var hátíðarkvöldverður í boði ríkisskattstjóra.



Ráðstefnugestum var skipt upp í fimm hópa sem hver um sig samanstóð af fulltrúum frá hverju og einu Norðurlandanna.



Mynd að ofan: Fulltrúar norræna skattyfirvalda saman komnir til hátíðarkvöldverðar.

Mynd til hægri: Leyst var úr raunhæfum verkefnum í hópastarfi.



Þátttakendur í hópastarfi byggðu úrlausnir sínar á þekkingu úr sameiginlegum reynslubrunni.

Farið var í útsýnisferð að náttúruperlum í nágrenni Akureyrar.





Bindandi álit

Með lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, var lögfest úrræði fyrir skattaðila til að óska eftir bindandi álini frá ríkisskattstjóra. Þannig geti skattaðilar óskað eftir því fyrirfram að ríkisskattstjóri veiti bindandi álit um skattalegar afleiðingar fyrirhugaðra ráðstafana. Í athugasemdum með lagafrumvarpi því sem varð að framangreindum lögum kemur fram að meginmarkmið frumvarpsins sé að auka réttaröryggi skattaðila með því að tryggja þeim leið til að fá skorið úr því fyrirfram hvernig skattlagningu verði háttað. Á þeim grundvelli geti þeir svo tekið ákvörðun um hvort ráðist verði í þær ráðstafanir sem spurt var um og gert ráðstafanir á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í bindandi álini.

Í lögum um bindandi álit eru gerðar ríkar form- og efniskröfur. Þannig gera lögin ráð fyrir því að fyrirspurn beinist að tiltekinni fyrirætlun skattaðila sem ekki hefur nú þegar verið ráðist í. Bindandi álini ríkisskattstjóra er þannig ætlað að vera einn af þeim þáttum sem hafa áhrif á ákvörðunartökuna. Þá verður álitaefnið að snerta verulega fjárhagslega hagsmuni skattaðilans sjálfs. Það er því ekki hægt að óska eftir bindandi álini um ráðstafanir sem einhver annar hefur í hyggju að ráðast í og þá má álitaefnið ekki lúta að skattalegum hagsmunum annars en þess sem óskar eftir bindandi álini.

Hér er gerð grein fyrir bindandi álitum og frávísunum sem ríkisskattstjóri hefur gefið út frá því í desember 2013 og það sem af er árinu 2014.

Álit 12/13

Málavextir eru í stuttu máli þeir að álitsbeiðandi óskaði eftir bindandi álini ríkisskattstjóra í ársbyrjun 2013 og af því tilefni gaf ríkisskattstjóri út álit nr. 03/13. Í kjölfarið fór álitsbeiðandi fram á að tekin yrði afstaða til álitaefnanna með meira afgerandi hætti en gert hafði verið í álitinu og setti fram frekari skýringar á þeim álitaefnum sem hann óskaði eftir bindandi álini um. Ríkisskattstjóri afturkallaði því bindandi álit sitt nr. 03/13 og gaf út nýtt bindandi álit.

Álitsbeiðandi er fjármálafyrirtæki í sérstakri slitameðferð og taldi þörf á að fá bindandi álit ríkisskattstjóra á því hvaða reglur ættu að gilda um skattskil og reikningsskil sín. Álitaefnin sem sett

voru fram voru fjögur. Í fyrsta lagi hvort lög um skattskyldu lánastofnana ættu við um starfsemi hans í dag og ef ekki hvenær þau hefðu hætt að gilda um hann. Í öðru lagi hvort honum sé heimilt að miða sérstök framlög á afskriftarreikning útlána í skattskilum að öllu leyti við gjaldfærslur í rekstrarreikningi skv. lögum um skattskyldu lánastofnana og hvort honum sé heimilt að miða niðurfærslu á skráðum hlutabréfum í föllnum íslenskum banka við reikningsskil. Í þriðja lagi hvort honum væri heimilt að nýta rekstratap sem orðið hefði til eftir að slitameðferð hófst m.a. á móti tekjum sem kunna að myndast vegna eftirgjafa skulda og framtíðartekjum eftir að nauðasamningur við kröfuhafa hefur komist á. Í fjórða lagi

hvort unnt sé að staðfesta að ekki komi til tekjufærslu hjá álitsbeiðanda við að kröfuhafar breyti kröfum í nýtt hlutafé.

Í álini sínu komst ríkisskattstjóri að þeirri niðurstöðu að lög um skattskyldu lánastofnana gætu ekki gilt um álitsbeiðanda eftir að bankaleyfi hans var afturkallað enda væri starfsleyfi skilyrði fyrir því að geta talist lánastofnun. Þá hefði tilgangi skv. samþykktum álitsbeiðanda í kjölfar afturköllunar starfsleyfis verið breytt. Þá væri álitsbeiðanda ekki heimilt frá og með afturköllun bankaleyfis að miða sérstök framlög á afskriftarreikning útlána við gjaldfærslur á rekstrarreikning og að við gjaldfærslu á hlutafé í föllnum íslenskum banka sé óheimilt að miða við annað tímamark en lok gjaldprotaskipta enda gilda tekjuskattlög um skattskil hans en ekki lög um skattskyldu lánastofnana.

Ríkisskattstjóri féllst á að álitsbeiðanda væri heimilt að nýta rekstrartap félagsins sem myndaðist í slitameðferð á móti tekjum vegna eftirgjafa skulda. Þá féllst ríkisskattstjóri enn fremur á að nýting á eftirstöðvum rekstrartaps eftir gerð nauðasamninga væri heimil svo fremi að rekstrartekjur væru í beinum tengslum við uppgjör og slitameðferð álitsbeiðanda og eðlilegan rekstrartilgang í því samhengi.

Að síðustu tók ríkisskattstjóri fram að breyting á kröfum í hlutafé færi eftir bráðabirgðaákvæði XXXVI í tekjuskattslögum. Ef verðmæti kröfu og hlutafjár er jafnt þá kæmi hvorki til tekjufærslu né gjaldfærslu hjá aðilum við þau skipti ein og sér.

Álit 13/13

Málavextir eru þeir að álitsbeiðandi er eignarhaldsfélag og hefur þann tilgang að fara með eignarhluti eigenda sinna í lögaðilum sem þeir hafa eignast í kjölfar fullnustuaðgerða eða annars konar skulda-skila en álitsbeiðandi var upphaflega stofnaður í tengslum við endurskipu-

lagningu á A á árinu 2010 og að eini tilgangur félagsins hafi verið að yfirtaka eignir og skuldir A. Eigendur álitsbeiðanda eiga kröfur á hendur honum vegna skulda sem fylgdu yfirteknum eignum A og í tengslum við endurskipulagningu hafi verið skoðað hvort unnt sé að fella kröfurnar niður í heild eða að hluta. Álitsbeiðandi þurfi af þessum sökum að fá bindandi álit um skattalegar afleiðingar af slíkri niðurfellingu.

Álitaefnið var svohljóðandi:

„Er álitsbeiðanda heimilt að beita takmarkaðri tekjufærslu vegna skulda eftirgjafar umfram rekstrartöp sbr. bráðabirgðaákvæði nr. XXXVI í lögum um tekjuskatt þegar eigendur álitsbeiðanda fella niður skuldir hans í heild eða að hluta?“

Þá óskaði álitsbeiðandi eftir því að ef ríkisskattstjóri myndi svara ofangreindu álitaefni neitandi að veitt yrði bindandi álit á því hvort að

„heimilt væri að beita takmarkaðri tekjufærslu skv. áður greindu bráðabirgðaákvæði í kjölfar þess að hlutfé B í álitsbeiðanda væru framseld til X-banka, móðurfélags álitsbeiðanda. Miða yrði við að raunvirði álitsbeiðanda væri kr. 0 þar sem skuldir hans eru langt umfram undirliggjandi eignir.“

Í álitinu sýni rakti ríkisskattstjóri ákvæði bráðabirgðaákvæðis XXXVI í tekjuskattlögum þar sem fram kemur að skilyrði fyrir takmarkaðri tekjufærslu skv. ákvæðinu er að rekstrartap ársins og yfirfæranlegt rekstratap hafi verið jafnað og enn fremur kemur fram að ákvæðið gildi ekki um eftirgjöf skulda milli móður- og dótturfélaga að því undanskildu þegar fjármálafyrirtæki yfirtaka félög til að tryggja fullnustu kröfu skv. lögum um fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt því sem upplýst var í álitsbeiðni eru eigendur álitsbeiðanda tveir, D með 28,95% eignarhlutdeild og E með 71,1% eignarhlutdeild. Þá var jafnframt upplýst að eigandi E væri að fullu í eigu X-banka. Að þessu virtu taldi ríkisskattstjóri ljóst að álitsbeiðandi teldist ótvírætt vera dótturfélag E og að E væri ekki fjármálafyrirtæki. Þegar af þeirri ástæðu væri álitsbeiðanda ekki heimilt að beita takmarkaðri tekjufærslu vegna skuldaeftirgjafar ef E fellir niður skuldir álitsbeiðanda í heild eða að hluta. Öðru máli gegndi ef D felldi niður skuldir álitsbeiðanda enda væri D fjármálafyrirtæki skv. lögum um fjármálafyrirtæki.

Hvað varðar mögulegt framsal E á hlutfé í álitsbeiðanda til X-banka benti ríkisskattstjóri á að ekki væri tekin afstaða til mögulegrar skattskyldu sem myndast gæti við slíkt framsal enda lyti það ekki að skattalegum hagsmunum álitsbeiðanda. Ríkisskattstjóri benti aftur á móti á að X-banki væri fjármálafyrirtæki og ef hann myndi fella niður skuldir álitsbeiðanda væri heimilt að beita takmarkaðri tekjufærslu.

Álit 01/14

Álitsbeiðandi A hugðist kaupa söfnunarlíftryggingu frá álitsbeiðanda B og af þeim sökum var óskað eftir bindandi álitu ríkisskattstjóra á því hvort að „útgreiðsla söfnunarlíftrygginga frá [B], sem sætt hefur skattlagningu í [X-landi] til aðila með skattalega heimilisfesti á Íslandi, falla undir að vera tekjur sem greiddar eru út úr fjárvörslustofnunum í skilningi [...] [tvísköttunarsamnings sem Ísland er aðili að].“

Í álitsbeiðni var rakið að líftryggingafélög í X-landi séu skattlögð af hagnaði, þ.e. tekjum sem falla til að frádregnum kostnaði. Hagnaðinum sé svo skipt upp í tvo stofna, annars vegar hagnað af fjárfestingum og hins vegar arð á hlutdeild váttryggingaskírteinishafa. Þessi stofnar eru svo skattlagðir með sitthvoru skatt-hlutfallinu. Álitsbeiðendur héldu því fram að þessi mismunandi skatt-hlutföll endurspegluðu að í raun væri verið að skattleggja líftryggingafélögin annars vegar og skírteinishafa hins vegar. Þannig hafi skírteinishafinn í raun og veru greitt skatt af umræddum tekjum í X-landi.

Ríkisskattstjóri féllst á að álitsbeiðandi A ætti skattalega hagsmuni af því að fá bindandi álit ríkisskattstjóra á framan-greindu álitaefni en ekki væri séð hvaða hagsmuni álitsbeiðandi B hefði af því að fá bindandi álit þrátt fyrir að á honum hvíldi upplýsingaskylda samkvæmt lögum um váttryggingasamninga að upplýsa um hvernig skattlagningu váttryggingabóta væri háttað.

Í bindandi álitu ríkisskattstjóra kom fram að álitsbeiðandi A bæri fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi og bæri honum því að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum sama hvar þær eiga uppruna sinn, þ.m.t. vexti af söfnunartryggingum. Ef hann þyrfti jafnframt að greiða skatt í X-landi af sömu tekjum væri um tvískattlagningu að ræða en með tvísköttun í þessu samhengi væri átt við að sami skattaðilinn greiddi skatt af sömu tekjum oftast en einu sinni.

Þá rakti ríkisskattstjóri að samkvæmt upplýsingum frá skattyfirvöldum í X-landi þá litu þau ekki svo á að líftryggingafélög væru að inna af hendi skattgreiðslu fyrir hönd sinna skírteinishafa. Af þeim sökum væri í raun um að ræða efnahagslega tvísköttun (sömu tekjur skattlagðar tvisvar í hendi tveggja mismunandi skattaðila) að ræða sem tvísköttunarsamningum væri ekki ætlað að taka á. Ekki reyndi því á ákvæði tvísköttunarsamnings milli Íslands og X-lands.

Álit 02/14

Málavextir eru þeir að álitsbeiðandi hugðist annað hvort (eða bæði) auka við hlutfé sitt eða selja rekstrareignir til að greiða niður skuldir. Ríkisskattstjóri hafði áður kveðið upp úrskurð þess efnis að hluti skulda álitsbeiðanda tengdist ekki rekstri hans enda hefðu umræddar skuldir flust yfir á hann við öfugan samruna. Álitsbeiðandi hafði nú hug á að greiða upp þann hluta skuldanna sem ríkisskattstjóri taldi ekki viðkomandi rekstrinum og fór fram á að ríkisskattstjóri staðfesti að eftir að þessi hluti lánanna væri greiddur væri álitsbeiðanda heimilt að draga frá í skattskilum sínum vaxtagjöld af þeim hluta lánanna sem eftir stæði.

Í bindandi álitu ríkisskattstjóra kemur fram að almennt hafi verið litið svo á að innborgun á lán ráðstafist óskert til lækkunar á höfuðstól eða eftir atvikum til lækkunar á höfuðstól og verðbótum. Þannig hafi ekki verið fallist á að innborgun á lán sé valkvæð að einhverju leyti hvað varðar einstaka hluta lánsins. Hafi láni á hinn bóginn verið skipt niður í upphafi t.d. hvað varðar rekstrarþætti eða, eins og í tilviki álitsbeiðanda, í þágu rekstrar og annarrar ráðstöfunar óviðkomandi rekstri, þá er hlutföllun og skipting fjármagnskostnaðar ljós.

Ríkisskattstjóri taldi að við þær aðstæður sem uppi voru, þ.e. að óskað væri eftir fyrirfram álitu ríkisskattstjóra, væri unnt að fallast á með álitsbeiðanda að líta mætti svo á að með innborgun inn á höfuðstól láns með einni greiðslu sem samsvari ófrádráttarbærum hluta þess, þá myndi sá hluti sem eftir stendur teljast tilheyra rekstrinum. Bein vaxtagjöld af þannig eftirstæðum höfuðstól myndu því teljast til rekstrarkostnaðar skv. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga. Í þessu sambandi tók ríkisskattstjóri fram að þetta ætti eingöngu við um innborgun á lánið sem væri umfram almennar afborganir samkvæmt lánaskilmálum. ■

Sjálfviljug málalok

Offshore Voluntary Disclosure

Færst hefur í vöxt meðal ríkja að falla frá ákæru á hendur skattaðila sem sjálfviljugur upplýsir skattyfirvöld um erlendar tekjur og eignir sem ekki hafa verið taldar fram til skatts.



Guðrún Jenný Jónsdóttir
sviðsstjóri alþjóðasamskipta

Á árinu 2010 gaf OECD út skýrslu um Offshore Voluntary Disclosure þar sem borin eru saman mismunandi lagaákvæði sem ríki hafa sett um þetta efni. Fyrst er e.t.v. rétt að skýra út hvað átt er við með hugtakinu Offshore Voluntary Disclosure, en það nær til þess þegar í gildi eru sérstakar reglur um hvernig meðhöndla skuli þá skattaðila sem sjálfviljugir stíga fram og upplýsa skattyfirvöld um erlendar tekjur og/eða eignir erlendis sem ekki hafa verið taldar rétt fram til skatts.

Á síðustu árum hefur samvinna milli skattyfirvalda aukist mikið og flest ríki hafa unnið að því að auka gagnsæi og upplýsingaskipti á sviði skattamála. Allt miðar þetta að því að koma í veg fyrir skattasniðgöngu og skattsvik. Fjöldinn allur af samningum hefur verið gerður á milli ríkja sem heimila upplýsingaskipti samkvæmt beiðni við tiltekna aðstæður

og á síðustu mánuðum hefur athyglin beinst að reglulegum upplýsingaskiptum og hvernig þau gætu orðið til þess að vinna enn frekar að því markmiði sem stefnt er að. Þessi þróun hefur ekki farið framhjá Íslandi og frá árinu 2007 hefur Ísland undirritað 41 upplýsingaskiptasamning á sviði skattamála og eru yfir 30 komnir til framkvæmda.

Þessir samningar og aukin upplýsingaskipti á milli ríkja hafa leitt til þess að margir skattaðilar sem ekki hafa haft hreint mjöl í pokahorninu sjá nú þann kost vænstan að gefa sig fram við skattyfirvöld og óska eftir að leiðrétta fyrri skattskil sín. Af þessu tilefni hafa mörg ríki lögfest sérstakar reglur um hvernig með slík mál skuli fara. Oftar en ekki eru umræddar friðhelgisreglur tímabundnar og háðar ákveðnum skilyrðum. Tilgangur reglnanna er þá að gera skattaðilum kleift að stíga fram og leiðrétta að eigin frumkvæði röng skattskil og afla um leið ríkissjóði tekna sem gera má ráð fyrir að hefðu að öðrum kosti tapast, eða hefðu verið innheimtar með miklum tilkostnaði, s.s. eftirlits- og rannsóknaraðgerðum.

Aðdragandinn að setningu reglna sem þessara er yfirleitt háþólitískur þáttur í því að bregðast við efnahagslegum vanda. Reglunum er hægt að skipta í fernt:

- 1) Upplýsingagjöf af eigin hvötum (e. voluntary disclosure programme) – skattaðilar upplýsa um óframtaldar eða rangframtaldar tekjur og/eða eignir. Skattaðilanum er gert að greiða skatt af því sem var vanframtalið, sem og vexti og e.t.v. sektir, en skattaðilinn sleppur við refsimeðferð.
- 2) Skattaleg friðhelgi (e. Tax Amnesty Programme) – skattaðilum býðst að upplýsa um óframtaldar eða rangframtaldar tekjur og/eða eignir gegn því að fá hagstæða skattmeðferð.

- 3) Heimfærsla eigna (e. Asset Repatriation Programme) – skattaðilum er boðið að flytja eignir frá útlöndum til heimaríkis gegn því að fá skattmeðferð sem getur falið í sér fullt eða takmarkað skattfrelsi og/eða friðhelgi frá refsimeðferð.

- 4) Sambland af öllu ofanrituðu.

Hvað þarf að hafa í huga?

Í áðurnefndri OECD skýrslu er tiltekið hvaða atriði þurfi að vera til staðar í lögum svo að markmiðunum verði náð. Til að ná árangri þarf þannig að þræða þann millveg sem hvetur skattaðila sem hafa ekki talið rétt fram og styggir ekki þá skattaðila sem hingað til hafa verið heiðarlegir og talið rétt fram. OECD bendir á að yfirvöld verði því að móta sér heildstæða stefnu á þessu sviði þar sem samhljómur er á milli reglna sem lúta að peningaþvætti. Helstu atriðin sem OECD leggur áherslu á eru eftirfarandi:

A. Skýr markmið og skilyrði

Tilgangurinn með reglunum er oftast sá að skila ríkissjóði tímabundið auknum tekjum með tiltölulega lágum tilkostnaði og tryggja réttari skattskil. Stundum er tilgangurinn einnig að fá upplýsingar um eignir erlendis og færa eignarhaldið frá skattleyndarríkjum til heimilisfestarríkis skattaðilans.

Yfirleitt er um að ræða reglur sem hafa takmarkaðan gildistíma. Skattaðilar hafa þannig oft tiltekinn tíma til að gefa sig fram og njóta þeirra refsifríðinda sem reglurnar hafa að geyma. Skilyrðin geta einnig lotið að ákveðnum lágmarks- eða hámarksfjárhæðum skatts sem ekki hefur verið greiddur, og tímabili sem vanframtöldu tekjurnar/eignirnar taka til.



B. Sýnileg og hagkvæm aukning á skammtímatekjum ríkissjóðs

Svo þetta markmið náist þarf að gera ítarlega greiningu á þeim aðferðum sem beita á og þeim skilyrðum sem sett eru. Þá verður að færa trúverðugt bókhald yfir þær tekjur sem skilast og þann kostnað sem fylgir átakinu.

C. Samræmi við almennar reglur um viðurlög og málsmeðferð

Í reglunum eiga að vegast á tvö sjónarmið, annars vegar eiga þær að hvetja til og styðja við að skattaðilar gefi sig fram og hins vegar að berjast gegn undanskotum. Ef nýjar reglur þar sem veittur er afsláttur af sektum og refsingum eru almennt úr takti við þær reglur sem fyrir eru getur það raskað þessu jafnvægi. Það gerist ef þeir sem gefa sig fram fá ekki eingöngu afslátt af sektum og refsingum heldur jafnvel einnig afslátt af þeim skatti sem skila hefði átt af vanfram-töldum tekjum.

D. Í kjölfar nýrra reglna komi átak beint að þeim sem ekki gefa sig fram

OECD bendir á að ekki sé nóg að lög-festa reglur um afslátt af sektum og refsingum fyrir þá sem gefa sig fram með óframtalдар tekjur og/eða eignir heldur verði einnig að fylgja sérstakt átak beint að þeim sem enn þráast við. Þannig verða þeir sem gefa sig fram og gera bragarbót á sínum skattskilum að sjá sér hag í því að hafa gefið sig fram. Í sumum ríkjum hefur þannig verið ráðist í viðamiklar eftirlitsaðgerðir sem beinast að tekjum og eignum í aflandsríkjum og sum staðar jafnvel verið kveðið á um hærri sektir og refsingar fyrir þá sem hefðu getað fallið undir reglurnar en ákváðu að gefa sig ekki fram.

Leiðbeiningar

Í skýrslu OECD er lögð áhersla á að stjórn-völd gefi skýrar og góðar leiðbeiningar um þær „amnesty“ reglur sem settar hafa

verið. Leiðbeiningarnar eiga að veita skattaðilum ákveðna innsýn inn í hvernig farið yrði með mál þeirra og hvers þeir geti vænst. Þannig bendir OECD á að umræddar leiðbeiningar verði að hafa upplýsingar um eftirfarandi atriði:

A. Ferlið

Leiðbeiningar ættu að hafa upp-lýsingar um allt ferlið, þ.e. frá því að skattaðili gefur sig fram og þar til skattyfirvöld hafa lokið yfirferð á máli hans. Þá þarf að veita upp-lýsingar um hvert skattaðilar eiga að snúa sér og hvaða skjöl þarf að leggja fram. Þá ættu yfirvöld að íhuga aug-lýsingaherferð til að vekja athygli á þessum möguleika fyrir skattaðila.

B. Ófullnægjandi gögn

Skattyfirvöld eiga að gefa leið-beiningar um hvernig litið verði á ófullnægjandi upplýsingar eða gögn í þeim tilvikum t.d. þegar skattaðili sjálfur hefur ekki allar upplýsingar

og getur ekki aflað þeirra. Þetta á sérstaklega við um eignir erlendis sem hafa gengið í arf.

C. Þagnarskylda

Koma verður skýrt fram hvaða starfsmenn skattýfirvalda hafa aðgang að þeim upplýsingum sem um ræðir og hvernig þagnarskylda er almennt hattað.

D. Framtíðarhlít

Skattaðilar hafa oft á tíðum áhyggjur af því að þær upplýsingar sem þeir sjálfviljugir komi fram með verði til þess að skattýfirvöld sjái ástæðu til að taka skattskil þeirra frekar til skoðunar en annarra skattaðila. Í mörgum tilvikum eru fyrir hendi verklagsreglur um þetta atriði en ef svo er ekki hvetur OECD til að þær verði settar og kynntar.

E. Upplýsingar frá þriðja aðila

Leiðbeiningar ættu að hafa upplýsingar um hvenær skattýfirvöld telja nauðsynlegt að fá staðfestingu á framlögðum gögnum hjá þriðja aðila, s.s. viðskiptafélögum, bönkum og fjármálastofnunum eða öðrum aðilum.

F. Sektir og vextir

Í leiðbeiningum ætti að koma skýrt fram hvenær sektum og vöxtum er beitt og hver reiknigrundvöllurinn

er. Þá ættu einnig að vera fyrir hendi upplýsingar um hvenær hægt sé að taka tillit til aðstæðna og lækka sektir og/eða vexti.

G. Refsimeðferð

Leiðbeiningar ættu að hafa að geyma upplýsingar um í hvaða tilvikum refsimeðferðar væri ekki krafist. Í þessu felst að bæði skuli birta upplýsingar um meginreglurnar og svo raunhæf dæmi sem sýna hvernig þeim er beitt.

H. Nafnlaus samtöl

Skattýfirvöld ættu að velja því fyrir sér hvort ástæða sé til að koma upp leiðum fyrir skattaðila til að afla sér upplýsinga um reglurnar án þess að þurfa að gefa upp nafn og auðkenni.

Norðurlöndin

Danmörk, Noregur og Svíþjóð eru meðal þeirra ríkja sem sett hafa sérstakar friðhelgisreglur.

Í Noregi hafa slíkar reglur verið í gildi frá árinu 1987. Reglurnar kveða á um að skattýfirvöldum er heimilt að fella niður sektir ef skattaðili sjálfur hefur komið fram með upplýsingarnar. Skattaðilinn greiðir skatt af þeirri fjárhæð sem var óframtalin ásamt vöxtum allt að tíu ár aftur í tímann. Almenna reglan er sú að sekt getur verið allt að 60% af þeirri fjárhæð sem var vanframtalin.

Í Danmörku voru friðhelgisreglur í

gildi tímabundið á árinu 2013. Uppfylla þurfti eftirtalin skilyrði til að geta fallið undir reglurnar: a) lágmarksfjárhæð vanframtalinna tekna var DKK 100.000, b) skattaðili þurfti að gefa sig fram áður en skattýfirvöld uppgötvuðu að hann ætti óframtaldar tekjur eða eignir, c) skattaðilinn þarf að lýsa því yfir að hann gefi allt upp og haldi engu leyndu lengur, d) greiða þarf vangoldna skatta og sektir innan 15 daga frá úrskurði skattýfirvalda. Falli skattaðilinn undir þessar reglur þá er heimilt að lækka álagða sekt í 60% af vanframtöldum tekjum.

Svíar hafa haft almennar friðhelgisreglur í gildi í mjög langan tíma - þeirra reglum er ekki markaður ákveðinn gildistími. Skattaðilinn þarf aðeins að greiða vangoldin skatt og vexti og sleppur þannig við sektir og hugsanlega refsimeðferð.

Óhætt er að segja að árangurinn í Svíþjóð og Noregi sé eftirtektarverður. Í Noregi hafa um það bil 1.100 skattaðilar stigið fram og í Svíþjóð eru þeir um 5.200. Samtals hafa innheimst í Svíþjóð SEK 1.500 milljónir hjá skattaðilum sem stigið hafa fram og talið fram áður óframtaldar eignir og/eða tekjur í aflandsríkjum. Góðan árangur Svía má rekja til þess að þeir hafa á undanförunum árum farið í mjög árangursríkar eftirlitsaðgerðir gegn skattaðilum sem geyma tekjur og eignir í aflandsríkjum.

Önnur ríki

Í Þýskalandi voru friðhelgisreglur lögfestar tímabundið á árinu 2003. Vanframtaldar tekjur eru skattlagðar í einu flötu skatthlutfalli og fá skattaðilar tryggingu fyrir því að mál þeirra verði ekki send í refsimeðferð.

Bretland hefur lögfest sértækar reglur fyrir þá skattaðila sem stíga fram og telja fram tekjur og/eða eignir í lágs kattarríkjum. Reglurnar voru settar til að gefa skattaðilum tækifæri til að gera hreint fyrir sínum dyrum áður en sérstakt eftirlitsátak breskra skattýfirvalda gegn undanskotum tengdu lágs kattarríkjum hófst. Skattaðilanum var gert að greiða vangoldinn skatt ásamt vöxtum. Sektir voru lækkaðar í 10% af álagðum skatti og hvert og eitt mál var svo metið með tilliti til refsimeðferðar.

Bandaríki Norður-Ameríku lögfestu tímabundnar friðhelgisreglur. Þeir skattaðilar sem stíga fram á tímabilinu 23. mars 2009 til og með 15. október sama ár fengu sektir lækkaðar og sluppu við refsimeðferð en greiddu vangoldinn skatt, vexti og álag. ■



Skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa

Greinargerð starfshóps um skattívilnanir til einstaklinga vegna kaupa á hlutabréfum í litlum fyrirtækjum í vexti.

Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði í ágúst 2013 starfshóp um skattívilnanir til einstaklinga vegna hlutabréfakaupa í litlum fyrirtækjum í vexti. Verkefni starfshópsins var að meta efnahagslegar forsendur fyrir slíku ríkisstyrkjakerfi, jafnframt því að skoða þær reglur sem gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins um slíkar frádráttarheimildir. Starfshópurinn skilaði síðan greinargerð til ráðherra í desember sl. Þar er lagt til skattafsláttarkerfi sem hefði það að markmiði að stuðla að vexti lítilla nýsköpunarfyrirtækja.



Jón Ásgeir Tryggvason
skrifstofustjóri á fagsviði

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa 1985 til 2003

Eins og margir þekkja þá er skattaleg hvatning til einstaklinga til kaupa á hlutabréfum ekki ný hugmynd. Hvata til einstaklinga til fjárfestingar í hlutabréfum var að finna í lögum um tekjuskatt og eignarskatt á árunum 1984 til 2002 og nýttu margir framteljendur þessa heimild til að færa fjárfestingu í hlutabréfum til lækkunar á tekjuskattstofni. Frádrátturinn kom inn með lögum nr. 9/1984 um frádrátt frá skattskyldum tekjum

fjárfestingu í hlutabréfum. Þannig keyptu um tuttugu þúsund manns hlutabréf á hverju ári frá 1996 til 1999 og færðu til frádráttar tekjum á framtölum 1997 til 2000. Verulegur hluti landsmanna var þannig orðinn beinn eigandi í hlutafélögum. Lögin frá 1984 voru síðan afnumin með lögum nr. 154/1998 en samkvæmt þeim var frádráttur vegna hlutabréfakaupa síðast veittur á árinu 2002 og kom því til lækkunar á tekjuskatti við álagningu 2003. Frádráttarheimildin hafði þá verið í gildi í 19 ár samfellt. Frádráttur var bundinn skilyrði um ákveðið lágmarkshlutafé hjá því félagi sem fjárfest var í, fjöldi hluthafa skyldi að lágmarki vera 25, engar hömlur mátti leggja á viðskipti með hlutabréf félagsins og ársreikningar þess skyldu vera öllum aðgengilegir. Ríkisskattstjóri veitti síðan hlutafélögum árlega staðfestingu á að skilyrðum hafi verið fullnægt.

Gildandi lög um beinan stuðning til nýsköpunarfyrirtækja í formi frádráttar frá tekjuskatti

Lög nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, fela í sér að fyrirtæki, sem eru eigendur að rannsóknar- eða þróunarverkefnum, sem fengið hafa staðfestingu Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís), eiga rétt á sérstökum frádrætti

”

Það var mat starfshópsins að skattívilnanir komi einkum að gagni á vaxtarskeiði fyrirtækja og þá sérstaklega í tengslum við rannsóknar- og vöruþróunarstarfsemi hvers konar

vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Tiltölulega fáir nýttu sér þennan frádrátt fyrstu árin en síðar fór verulegur fjöldi framteljenda að nýta sér þennan möguleika til tekjuskattslækkunar með

Niðurstöðutölur álagningar árin 2011, 2012 og 2013

	2011		2012		2013	
	Fjöldi	m.kr.	Fjöldi	m.kr.	Fjöldi	m.kr.
Skattfrádráttur alls	54	486	78	834	91	1.025
Þar af frádráttur frá tekjuskatti	8	45	12	70	14	127
Þar af endurgreiðsla	46	441	66	764	77	898

frá álöögðum tekjuskatti sem nemur 20% af útlögðum kostnaði vegna sömu verk-efna enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi tekjuskattslaga. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hjá hverju fyrirtæki er 100.000.000 kr. á rekstrarári (hámark skattfrádráttar er því 20.000.000 kr.). Ef um er að ræða aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu er hámark kostnaðar samtals 150.000.000 kr. (hámark skattfrádráttar þá 30.000.000 kr.). Þannig reiknaður skattfrádráttur kemur til lækkunar á álöögðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda fyrirtækjanna ár hvert. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur eða ef ekki er ákvarðaður tekjuskattur skal frádrátturinn greiddur út.

Þessi skattfrádráttur var ákvarðaður í þriðja sinn við álagningu 2013. Í töflunni hér að ofan er að finna niðurstöðutölur álagningar árin 2011, 2012 og 2013. Frá álagningu hafa þessar tölur hækkað í gegnum kærur og innsend erindi. Skattfrádráttur vegna ársins 2011 hefur þannig hækkað um meira en þriðjung.

Lögin falla úr gildi í lok árs 2014 sem felur í sér að skattfrádrættinum verður síðast beitt, að óbreyttum lögum, við álagningu opinberra gjalda á árinu 2015.

Í frumvarpi því sem varð síðar að lögum nr. 152/2009 var einnig gert ráð fyrir að einstaklingar og fyrirtæki sem fjárfestu í hlutabréfum nýsköpunarfyrirtækja gætu dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum. Samhliða var lagt fram frumvarp að lögum nr. 137/2009, um breytingu á lögum um tekjuskatt, þar sem lagt var til að einstaklingum sem ekki stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi yrði heimilt að draga frá skattskyldum tekjum verðmæti keypta hlutabréfa í nýsköpunarfyrirtækjum.

Lagt var til að einstaklingum yrði heimilt að draga frá skattskyldum tekjum verðmæti keypta hlutabréfa í nýsköpunarfyrirtækjum.

hlutabréfa í nýsköpunarfyrirtækjum umfram seld bréf í sams konar félögum. Frádráttur hjá einstaklingum yrði að hámarki 300.000 kr. og 600.000 kr. hjá hjónum á ári. Lögaðilum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi yrði heimilt að draga frá tekjuskattsstofni sínum kaup á hlutabréfum allt að 15 milljónum króna. Þessi hluti laganna kom þó aldrei til framkvæmda og voru ákvæðin felld niður með lögum nr. 165/2010 þar sem þau voru ekki talin standast reglur um ríkisaðstoð í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Niðurstaða starfshópsins

Í niðurstöðum starfshópsins kom fram að rannsóknar- og þróunarstarfsemi hér á landi er mikil í alþjóðlegum samanburði og mikilvægt fyrir Ísland að nýta það forskot til aukinnar samkeppnishæfni landsins. Ein af forsendum vaxtar hjá nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sé góður aðgangur að fjármagni. Þar var á það bent að Samtök sprotafyrirtækja, Samtök

iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins og fleiri innlendir aðilar hafi um nokkurra ára skeið kallað eftir því að betur verði hugað að hvötum til fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. Það var mat starfshópsins að skattvæðing komi einkum að gagni á vaxtarskeiði fyrirtækja og þá sérstaklega í tengslum við rannsóknar- og vöruþróunarstarfsemi hvers konar. Sem dæmi um slíkt var nefnd vöruþróun á sviði upplýsinga-, tölvuleikja- og samskiptatækni, heilsu- og snyrtivöruframleiðslu, lyfja- og líftækni, og á öðrum fjölbreyttum sviðum matvæla- og iðnaðarframleiðslu, sjálfvirkni, hönnunar og skapandi greina, auk hvers konar þjónustu á því sviði. Það var mat starfshópsins að kerfi sem felst í skattafslætti að ýmsum skilyrðum uppfylltum sé nokkuð mannaflsfrétt og hefði í för með sér aukinn kostnað fyrir skattyfirvöld. Tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga gætu þó fljótlega orðið meiri en útgjöld. Til lengri tíma litði ætti vöxtur fyrirtækjanna að leiða til aukinna tekna fyrir ríkissjóð og sveitarfélög.



Tillögur starfshópsins að skattafsláttarkerfi

Í greinargerð sinni lagði starfshópurinn fram tillögu að skattafsláttarkerfi sem hefði það að markmiði að stuðla að vexti lítilla nýsköpunarfyrirtækja. Samkvæmt tillögunum fengju einstaklingar sem fjárfesta í litlum nýsköpunarfyrirtækjum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði skattafslátt við álagningu árið eftir með sambærilegum hætti og var gefinn þegar einstaklingar gátu fjárfest í hlutabréfum á árunum 1984 til 2002. Þau félög sem veittu rétt til lækkunar á tekjuskattstofni yrðu þó annars konar. Að mati starfshópsins mundi fyrirkomulagið falla að ríkisstyrkjareglum EES-samningsins. Starfshópurinn lagði til að eftirfarandi skilyrði fyrir frádrætti yrðu sett:

Fyrirtæki/félag

Kerfið nái til hlutafélags/einkahlutafélags sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

1. Er á vaxtarskeiði.
2. Hefur 50 starfsmenn eða færri eða er með veltu undir 10 milljónum evra á ári eða efnahagsreikning að hámarki 10 milljónir evra.
3. Er stofnað á Íslandi, á EES svæðinu eða í Færeyjum.
4. Stundar starfsemi á Íslandi.
5. Er ekki skráð á hlutabréfamarkað.
6. Á ekki í fjárhagsvandræðum.
7. Stundar ekki einvörðungu inn- og útflutning á vörum sem framleiddar eru af öðrum. (Nýsköpunar- og hönnunarfyrirtæki sem sjálf þróa vöru en láta framleiða fyrir sig erlendis til alþjóðlegrar markaðssetningar falla þó innan rammans)
8. Stundar ekki starfsemi á sviði skipasmíða, kola- og stáliðnaðar.

Fjárfesting

1. Heildarfjárfesting í hverju félagi á þriggja ára tímabili verði bundin ákveðnu hámarki (Hámarkið skv. gildandi reglum ESA er 2,5 milljónir evra á tólf mánaða tímabili)
2. Allt það hlutafé sem fellur innan kerfisins verður að vera nýtt hlutafé og það má ekki veita forgangsrétt af neinu tagi.
3. Allt það hlutafé sem fellur innan kerfisins verður að vera að fullu greitt í reiðufé og innan viðkomandi rekstrarárs (ekki framtalsárs).
4. Allt það hlutafé sem fellur innan kerfisins verður að vera nýtt í þágu



atvinnurekstrarins og til að viðhalda eða fjölga störfum.

Einstaklingar

Einstaklingur geti öðlast rétt til skattafsláttar ef hann uppfyllir eftirtalin skilyrði:

1. Ber ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi á því ári sem hann gerir kröfu um skattafsláttinn (framtalsári).
2. Skráir sig fyrir hlutafé í einkahlutafélagi/hlutafélagi sem uppfyllir skilyrði kerfisins og greiðir fyrir hlutaféð að fullu með reiðufé.
3. Er ekki tengdur félaginu á þeim tíma sem sótt er um skattafsláttinn (þau framtalsár sem eignarhaldstíminn spannar).

Skattafsláttur

Einstaklingur sem skráir sig fyrir hlutafé öðlast rétt til frádráttar frá tekjuskattstofni enda séu öll framangreind skilyrði uppfyllt. Frekari skilyrði skattfrádráttar eru þessi:

1. Fjárfestingin er að lágmarki kr. 100.000 og að tilteknu hámarki (getur verið í fleiri en einu félagi).
2. Afslátturinn er í formi frádráttar frá tekjuskattstofni.
3. Hámarksfrádráttur hvers einstaklings er ákveðið hlutfall af fjárfestingu hvers skattárs.

Reglur EES

Í niðurstöðum starfshópsins var á það bent að kerfi sem felst í óbeinum stuðningi við lítil fyrirtæki verði að samræmast ákvæðum EES samningsins og þeim reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli hans um ríkisstyrki. Var það mat starfshópsins að framangreindar tillögur um skattafsláttarkerfi væru líklegar til að hljóta samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA. Síðan

starfshópurinn skilaði af sér hefur orðið enn líklegra að svo geti orðið. Í svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Vigdísí Hauksdóttur þar sem meðal annars var spurt hvort ráðherra hefði kannað möguleika þess að breyta lögum um tekjuskatt til að heimila sérstakan frádrátt frá tekjuskatti vegna fjárfestinga í hlutabréfum í viðurkenndum nýsköpunarfyrirtækjum sagði m.a.:

„Frá því að starfshópurinn skilaði greinargerð sinni hefur átt sér stað ákveðin þróun á regluverki Evrópusambandsins að því er varðar heimila ríkisaðstoð á þessu sviði auk þess sem enn frekari breytingar á gildandi reglum eru fyrirhugaðar nú á vörðunum. Hinn 15. janúar sl. samþykkti Evrópusambandið nýjar leiðbeiningar um ríkisaðstoð sem veitt er til að örva áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum og taka þær gildi innan Evrópusambandsins 1. júlí nk. Þá stendur yfir endurskoðun á gildandi reglugerð um almenna hópundanþágu á sviði ríkisstyrkja. Þessar nýju leiðbeiningar og reglur munu að öllum líkindum hafa þau áhrif að skilyrði fyrir því að heimilt verði að veita einstaklingum sérstakan skattafslátt vegna áhættufjárfestinga verði rýmkuð. Ísland hefur innleitt ríkisstyrkjareglur Evrópusambandsins í gegnum EES-samninginn og koma nýjar leiðbeiningar og reglur á þessu sviði til með að verða hluti af EES-rétti eftir að þær hafa tekið gildi innan sambandsins.“

Möguleikar Íslands á að lögfesta svona reglur sem hafa það að markmiði að hvetja til fjárfestingar í fyrirtækjum í vexti virðast því hafa aukist á síðustu mánuðum. ■



Ríkisskattstjóri fyrirmyndarstofnun 2014

Tilkynnt var um val á Stofnun ársins 2014 þann 22. maí sl. og var ríkisskattstjóri í 2. sæti af 79 í flokki stofnana með 50 starfsmenn eða fleiri, og hlaut því sæmdarheitið fyrirmyndarstofnun.

Þetta er níunda árið sem SFR stendur fyrir vali á Stofnun ársins í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og VR sem velur fyrirtæki ársins. Hefur ríkisskattstjóri frá upphafi tekið þátt og sjö sinnum vermt eitt af fimm efstu sætum:

2014 - 2. sæti
2013 - 4. sæti
2012 - 3. sæti
2011 - 2. sæti
2010 - 5. sæti
2009 - 2. sæti
2008 - 1. sæti
2007 - 56. sæti
2006 - 45. sæti

Að þessu sinni töldust auk ríkisskattstjóra til Fyrirmyndarstofnananna fimm í flokki stærstu stofnana

Sjálfsbjargarheimilið, Sérstakur saksóknari, Fjölbrautarskóli Suðurlands og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, en Sjálfsbjargarheimilið hlaut enn fremur titilinn Stofnun ársins 2014.

Um er að ræða stærstu vinnu- markaðskönnun landsins og byggja niðurstöðurnar á svörum um 10.000 opinberra starfsmanna. Tekur könnunin til allra starfsmanna ríkisstofnana, óháð því hvaða stéttarfélagi þeir tilheyra, og eru niðurstöðurnar mikilvægur grundvöllur samanburðar milli stofnana og veita stjórnendum aðhald í því skyni að bæta hag starfsfólks.

Svarhlutfall fyrir könnunina í heild var um 50% en svarhlutfall hjá starfsmönnum RSK var með því allra besta sem gerist, eða á bilinu 80-100%. Voru starfsmenn RSK 249 þegar könnunin var gerð og gefa niðurstöðurnar því raunsanna mynd af afstöðu hópsins í heild



til þeirra þátta sem til skoðunar voru.

148 stofnanir fullnægðu lágmarkskröfum um svarhlutfall, þ.e. 35%, og var meðaleinkunn þeirra 3,88 af 5,0 mögulegum. Mældir voru átta þættir; trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt. Þátttakandi svaraði nokkrum spurningum fyrir hvern þátt á fimm punkta kvarða (1-5) og niðurstaðan byggði á heildareinkunn.



Það var ekki aðeins ánægjulegt fyrir ríkisskattstjóra að ná þeim árangri að fara upp um tvö sæti milli ára, eða úr 4. sæti 2013 upp í 2. sæti 2014, heldur enn fremur að sjá hversu mjög stofnunin bætti heildareinkunn sína sem nú var 4,359 en var 4,261 árið 2013. Sé horft til stigagjafar er þetta besti árangur ríkisskattstjóra í könnuninni hingað til, og er þá einnig tekið tillit til niðurstaðna kannana fyrir sameiningu embætta skattstjóra við ríkisskattstjóra árið 2010.

Starfsmenn ríkisskattstjóra hafa að leiðarljósi í störfum sínum gildin fagmennsku, jákvæðni og samvinnu og munu áfram leitast við að vera framarlega í flokki og stuðla að því að embætti ríkisskattstjóra teljist til frambúðar vera eftirsóknarverður og góður vinnustaður. ■

HVS

Margrét Högnadóttir, Árni Stefán Jónsson formaður SFR, Magnea Bjarnadóttir, Hrafnhildur Hauksdóttir, Ásgeir Heimir Guðmundsson, Skúli Eggert Þórðarson, Ingvar J. Rögnvaldsson, Inga Hanna Guðmundsdóttir, Halldóra Viðarsdóttir, Elín Alma Arthursdóttir, Guðrún Jenný Jónsdóttir, Skúli Jónsson, Helga Valborg Steinarsdóttir, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, Jóhannes Jónsson og Ingibjörg Þóra Arnarsdóttir.

Niðurstöður álagningar einstaklinga 2014



Páll Kolbeins
rekstrarhagfræðingur sér um
birtingu og vinnslu skattatölfræði
á vef ríkisskattstjóra og úrvinnslu
tölfræðilegra upplýsinga til
birtingar í Tíund.

”

Mikla fjölgun á skattgrunnskrá á fyrsta áratugi
21. aldarinnar má aðallega rekja til aðflutnings
fólks frá útlöndum

Í júlí síðastliðnum lagði ríkisskattstjóri skatta og gjöld á tekjur sem einstaklingar öfluðu árið 2013 og eignir þeirra í árslok. Í fyrra voru ákveðin merki um að efnahagslíf landsins væri aftur komið á réttan kjöl eftir þá ágjöf sem það hafði orðið fyrir. Nú ber ekki á öðru en að atvinnulíf landsins sé aftur að ná upp dampi og sigla upp úr öldudalnum, launagreiðslur hafa aukist, fleiri telja fram laun og á sama tíma dregur úr greiðslum úr séreignarsjóðum. Matsverð eigna hefur hækkað, skuldir lækkað og eigið fé einstaklinga hefur aftur aukist. Skattstofnar hafa almennt vaxið og skatttekjur aukist. Fyrirtækin í landinu skila skattframtali undir lok september ár hvert og verður þá fróðlegt að skoða niðurstöður álagningar í ljósi þess hvernig atvinnulífinu reiddi af árið 2013.

Skattgrunnskrá

Á skattgrunnskrá eru allir sem höfðu lögheimili hér á landi í árslok, þeir sem hafa fengið greidd laun auk þeirra sem óska sérstaklega eftir því að vera settir á skattgrunnskrá. Á tíunda áratugnum og í upphafi fyrsta áratugar þessarar aldar fjölgaði framteljendum mikið. Árið 1990 voru 193.918 framteljendur á skattgrunnskrá en tíu árum síðar voru þeir orðnir 221.514. Þeim hafði því fjölgað um 27.596, eða 14,5%. Oft hefur verið miðað við að náttúrulegur vöxtur sé um og yfir eitt prósent á ári en meðalvöxtur á þessum tíma var um 1,3%.

að hrannast upp við sjóndeildarhringinn hélt framteljendum enn áfram að fjölga. Þeim fjölgaði um 1% á milli árunna 2007 og 2008. Samtals fjölgaði einstaklingum á skattgrunnskrá um 33.057 á árunum 2004 til 2008, eða 14,1% á fjórum árum. Árið 2008 voru framteljendur á skattgrunnskrá orðnir 267.494, eða 73.576 fleiri en þeir höfðu verið í upphafi tíunda áratugarins. Þeim hafði því fjölgað um 37,9%.

Landsmenn á skattgrunnskrá voru nú 4.258 fleiri en árið áður og hafa aldrei verið jafn margir framteljendur á skattgrunnskrá og nú. Þetta er merkilegt í ljósi þess að eftir að efnahagslegt ofviðri skall á landinu og feykta fjármálakerfi þess á hliðina fækkaði fólki hér á landi umtalsvert. Framtjelendur á skattgrunnskrá voru 6.730 færri árið 2010 en árið 2008, en síðan þá hefur aftur fjölgað á skránni.

Mikla fjölgun á skattgrunnskrá á fyrsta áratugi 21. aldarinnar má aðallega rekja til aðflutnings fólks frá útlöndum. Árið 1992 voru 4.149 erlendir ríkisborgarar á skattgrunnskrá, sem var þá um 2,1% einstaklinga á grunnskrá. Þeim fjölgaði nokkuð fram til ársins 2003 og voru þá orðnir 7.965, eða 3,5% af framteljendum á skattgrunnskrá. Árið 2008 voru erlendir ríkisborgarar orðnir 31.123 og hafði þá fjölgað um 23.158 á fimm árum. Á sama tíma fjölgaði íslenskum ríkisborgurum á skattgrunnskrá um 14.667, aðeins meira en Pólverjum sem hafði fjölgað hér á landi um 14.169. Erlendir ríkisborgarar voru orðnir 11,6% framteljenda á skatt-

Upp úr aldamótum tók framteljendum að fjölga mjög hratt en þeim fjölgaði um 2,1% á milli árunna 2003 og 2004, 2,9% á milli árunna 2004 og 2005, 5,2% á milli árunna 2005 og 2006 og 4,3% á milli árunna 2006 og 2007.

Jafnvel eftir að blikur voru farnar að sjást á lofti og efnahagslegir kólubakkar

grunnskrá, eða hátt í sex sinnum fleiri að tiltölu en þeir höfðu verið í byrjun tíunda áratugarins.

Í kjölfar falls bankanna harðnaði á dalnum og fjöldi fólks flutti af landi brott. Þar munaði aftur mest um erlenda ríkisborgara. Þeim fækkaði um 10.675 frá árinu 2008 til 2011. Þrátt fyrir að fjöldi Íslendinga flytti úr landi þá fjölgaði þeim samt um 4.951 á þessum tíma.

Það varð hins vegar fæst á grunnskrá árið 2010. Þá lítur út fyrir að hafi botni öldudalsins verið náð. Árið 2010 voru 260.764 framteljendur á grunnskrá, 6.730 færri en þegar mest var árið 2008. Síðan þá hefur fjölgað, Íslendingum um 5.273 en erlendum ríkisborgurum um 2.414. Erlendum ríkisborgurum fjölgaði um 683 árið 2012 og 2.097 árið 2013, eða samtals um 2.780 á tveimur árum. Pólverjum fjölgaði mest á milli árunna 2012 og 2013, eða um 702. Spænskum ríkisborgurum fjölgaði hér á landi um 137. Þeir voru næstum því helmingi fleiri hér á landi árið 2013 en árið áður. Þjóðverjum fjölgaði um 132 og Bandaríkjamönnum um 107. Íslendingum fjölgaði um 2.161.


Handreiknaðir

Skattar framteljenda sem eru skattskyldir hér á landi hluta úr ári, eða hafa komið til landsins á árinu en aflað tekna í útlöndum, eru handreiknaðir af starfsmönnum ríkisskattstjóra. Skattar þessara framteljenda eru reiknaðir af tilbúnum skattstofni sem tekur mið af dvalartíma þeirra í landinu. Af þessum sökum er þessum framteljendum sleppt í samtölum úr skattframtölum, en þeir eru hins vegar taldir með í tölum sem sýna álögð gjöld á einstaklinga.

Fyrir margt löngu, áður en Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, var fremur fátítt að handreikna þyrfti skatta framteljenda. Árið 1992 voru skattar 4.474 framteljenda handreiknaðir sem var þá um 2,3% framteljenda á skattgrunnskrá. Eftir að íslenskum atvinnurekendum var gert kleift að ráða til sína erlenda starfsmenn þyrfti að handreikna skatta sífellt fleiri framteljenda þar sem þessir aðilar komu margir hverjir til landsins á miðju ári. Skattar 23.397 framteljenda voru handreiknaðir árið 2008, sem var þá 8,7% framteljenda. Eftir að landið varð fyrir ágjöf fækkaði útlendingum, og um leið handreiknuðum, en nú þegar aftur er farið að rofa til er aftur orðið meira um að handreikna þurfi skatta fólks sem flytur til landsins.

Milljarðar kr.


Tekjuskatts- og útsvarsstofn



Allt frá miðjum tíunda áratugnum og fram til ársins 2007 jókst raungildi tekna einstaklinga samfellt. Frá árinu 2004 og fram til ársins 2007 jókst raungildi tekjuskatts- og útsvarsstofns samfellt um 20,4%. Fram til ársins 2010 lækkaði tekjuskattsstofn um 16,5%. Laun lækkuðu um rúm 19,8%. Lífeyrir og atvinnuleysisbætur bættu upp hluta tekjutapsins. Síðan þá hefur tekjuskatts- og útsvarsstofn hækkað um tæpa 60 milljarða, eða 6,5%.

Milljarðar kr.

Fjármagnstekjur



Fjármagnstekjur jukust mikið eftir að fjármagnstekjuskattur var tekinn upp á árunum 1996 og 1997. Þær jukust strax um 78,2% á milli árunna 1996 og 1997. Þær héldu svo áfram að vaxa með auknum hraða fram til ársins 2007 og voru þá orðnar 363,1 milljarðar. Þær höfðu farið úr 31,7 milljörðum árið 1997 og höfðu því rúmlega elleufaldast á tíu árum. Fjármagnstekjur hrundu fram til ársins 2011. Þá voru þær 64,1 milljarðar, tæpum fjórum milljörðum eða 5,8% lægri en þær höfðu verið árið 2000. Síðan hafa þær hækkað aftur um 14,3 milljarða. Þær voru 287 milljónum lægri árið 2001.


Nefskattar

Nefskattar eru lagðir á alla framteljendur. Um er að ræða fasta upphæð en ekki hlutfall af tekjum eins og raunin er um flesta aðra skatta. Tekjur af nefskatti ráðast því af fjölda einstaklinga á skattgrunnskrá og upphæðinni sem hverjum og einum er gert að greiða. Gjald í framkvæmda-

sjóð aldraðra og útvarpsgjald eru dæmi um nefskatta. Reyndar eru þessi gjöld aðeins lögð á þá sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum þannig að ekki er um alveg hreina nefskatta að ræða. Þeir sem fæddir voru 1944 og síðar, eða með öðrum orðum urðu 70 ára á álagningarárinu, voru undanþegnir gjöldunum.

Milljarðar kr.

Laun, starfstengdar greiðslur o.fl.



Eins og gefur að skilja eru laun, starfstengdar greiðslur o.fl. stærsti einstaki tekjuliðurinn á skattframtali einstaklinga. Launagreiðslur hafa í gegnum tíðina verið um og yfir 80% tekjuskattsstofns. Laun og starfstengdar greiðslur jukust mikið á tíunda áratugnum og framan af þeim fyrsta. Laun jukust um 173,6 milljarða á árunum 2004 til 2007, eða 23,7%. Þau lækkuðu svo aftur um 179,5 milljarða fram til ársins 2010, eða 19,8%. Síðan þá hafa launagreiðslur hækkað ár frá ári um 57 milljarða, eða 7,9%.

Árið 2014 voru lagðir rúmir 1,8 milljarðar á landsmenn í gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, sem var átta milljónum meira en lagt var á árið 2013. Framkvæmdasjóði aldraðra er ætlað að stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu um allt land, byggingu stofnana fyrir aldraða, þjónustumiðstöðva og dagvista, auk annarra verkefna sem stuðla að eflingu öldrunarþjónustu. Gjaldið var 9.911 krónur og var það lagt á 185.522 einstaklinga sem voru yfir skattleysismörkum, sem voru 1.559.003 krónur árið 2013. Gjaldið hækkaði úr 9.604 á milli ára sem dugði ekki til því það lækkaði um 92 kr. að raunvirði. Á móti vegur að fleiri framteljendur voru með tekjur yfir skattleysismörkum og greiddu skattinn.

Ríkisskattstjóri lagði tæpa 3,6 milljarða á sama hóp í útvarpsgjald, eða 19.400 krónur á nef. Samkvæmt lögum um Ríkisútvarp er útvarpsgjaldi ætlað að standa undir rekstri fjölmiðlaþjónustu í almannagágu sem á m.a. að stuðla að lýðræðislegri umræðu og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi. Þá á Ríkisútvarpið að leggja sérstaka rækt við íslenska tungu, menningu, sögu og arfleifð þjóðarinnar.

Útvarpsgjald hækkað að raungildi um 16 milljónir á milli ára. Sömu sögu er að segja hér. Það hélt ekki í við verðlag. Það var 18.800 kr. árið 2013, sem þýðir að það lækkaði að raungildi um 181 kr.

Á móti vegur aftur að framteljendum á skattgrunnskrá fjölgaði og fleiri voru með tekjur yfir skattleysismörkum, sem hækkuðu um rúmar 1500 krónur á árinu. Aðeins fleiri greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra en útvarpsgjald en það orsakast af því að þeir sem falla frá á árinu þurfa að greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra en sleppa við að greiða útvarpsgjald.

Tekjur og frádráttur

Laun og launatengdar greiðslur

Með vinnu sinni skapar fólk verðmæti sem standa undir velferðinni í landinu. Hátt í helmingur þess arðs sem fyrirtæki í landinu skapa á hverju ári er greiddur út sem laun til starfsmanna. Landsmenn töldu fram rúma 783,3 milljarða í laun og starfstengd hlunnindi, bifreiðahlunnindi og önnur hlunnindi. Þessar greiðslur hækkuðu um 23,8 milljarða að raungildi á milli árána 2012 og 2013, eða um 3,1%. Þetta er svipuð aukning að tiltölu og í fyrra en þá jukust laun og launatengdar greiðslur um tæpa 23,2 milljarða, sem var þá 3,2% aukning.

Þó að launagreiðslur hafi nú hækkað þrjú ár í röð eru þær þó enn tæpum 122,4 milljörðum lægri en þær voru árið 2007. Það árið fengu launþegar 905,8 milljarða

greidda í laun. Raungildi launa lækkaði svo þrjú ár í röð um tæpa 179,5 milljarða, eða 19,8% fram til ársins 2010, en þá lítur út fyrir að botninum hafi verið náð. Frá þeim tíma hafa laun aftur hækkað um tæpan 57,1 milljarð, eða um tæp 7,9%. Nú vantar lítið upp á að laun og hlunnindi í þjóðfélaginu séu að verða jafn há og árið 2005.

Það vekur nokkra athygli að önnur hlunnindi, s.s. fæði, ökutæki önnur en bifreiðar, húsnæði, fríar ferðir, áskriftir fjölmiðla, tryggingar, sími, tölvur, svo og framlög og gjafir aukast um 37,2% að nafnvirði á milli ára.

Það hlýtur að teljast góðs viti að fleiri öfluðu launa í landinu árið 2013 en árið áður. Engu að síður var þriðjungur framteljenda ekki með nein laun árið 2013. Þetta er svipað hlutfall og undanfarin ár. Nú töldu 179.320 af 268.451 framteljenda á skattgrunnskrá fram einhver laun. Það fjölgaði um 4.258 á skattgrunnskrá á milli ára en 2.379 fleiri töldu fram laun heldur en árið áður. Þeim fjölgaði meira að tiltölu á skattgrunnskrá en þeim sem töldu fram laun. Það hafa ekki jafn margir talið fram laun síðan árið 2008 en þá töldu 181.682 framteljendur fram laun. Allir sem verða 16 ára á árinu skila skattframtali og því er fjöldi ungmenna á skattgrunnskrá sem ekki aflar neinna launa. Þá er fjöldi fólks ekki á vinnumarkaði vegna elli eða örorku.

Ökutækjastyrkur

Landsmenn fengu tæpa 10,3 milljarða greidda í ökutækjastyrk á árinu 2013. Ökutækjastyrkur er styrkur frá vinnuveitanda til að nota eigin bifreið í þágu vinnuveitandans. Hér getur verið um að ræða fastar greiðslur eða greiðslur fyrir ekna kílómetra skv. akstursbók. Leyfilegt er að draga kostnað frá ökutækjastyrk ef bifreið launþega hefur sannanlega verið notuð í þágu vinnuveitanda. Ferðir til og frá vinnu teljast ekki til slíkra nota. Um 70% ökutækjastyrks eru dregin frá vegna kostnaðar sem fellur til við rekstur ökutækis, þ.e. afskrifta. Árið 2013 voru þetta 7,2 milljarðar. Tekjuskattur og útsvar eru lögð á mismuninn. Meira er nú dregið frá ökutækjastyrk að tiltölu en fyrr. Árin 2006 og 2007 voru ekki nema riflega 60% af styrknum dregin frá í kostnað. Ökutækjastyrkur umfram kostnað var nær óbreyttur á milli árána 2012 og 2013. Ef akstur í þágu launagreiðanda er minni en 3.000 km. á ári þarf ekki að sundurliða kostnað vegna ökutækjastyrks. Engu að síður þurfa menn að halda aksturisdagbók eða akstursskýrslu, eða hafa gert skriflegan afnotasamning við launagreiðandann

þar sem aksturserindum er lýst. Ekki þarf að greiða móttframlag í lífeyrissjóð af ökutækjastyrk.

Það dró mikið úr ökutækjastyrk eftir að allt fór á verri veg í efnahagslífinu árið 2008. Það árið töldu 38.293 framteljendur fram ökutækjastyrk. Árið 2010 fengu 33.932 greiddan ökutækjastyrk, 4.361 færri en árið 2008. Síðan þá hafa slíkar greiðslur orðið algengari.

Það er alltaf nokkur hópur framteljenda sem fær greiddan ökutækjastyrk án þess að draga frá kostnað á móti styrknum en þeim hefur þó fækkað nokkuð frá því sem var í byrjun aldarinnar. Árið 2008 fengu 38.293 einstaklingar greiddan ökutækjastyrk en 32.207 drógu frá kostnað á móti styrknum. Það voru því 6.086 sem ekki drógu frá kostnað á móti styrknum. Nú drógu 3.727 framteljendur ekki frá kostnað á móti ökutækjastyrk og greiða þeir því fullan skatt af honum öllum.

Ökutækjastyrkur undir 3.000 km. er nú áritaður á skattframtal einstaklinga. Þeim sem gleyma að draga frá kostnað vegna ökutækjastyrks er bent á það þegar framtali er skilað rafrænt. Ætla má að þessar breytingar hafi sparað mörgum skattgreiðandanum nokkurt fé.

Dagpeningar

Landsmenn fengu tæpa 11,3 milljarða greidda í dagpeninga vegna ferðalaga á vegum vinnuveitanda. Þetta er 128 milljónum meira en var greitt í dagpeninga árið 2012. Það er athyglisvert að ólíkt launagreiðslum sem eru enn umtalsvert lægri en þær voru árið 2007, þegar þær voru hæstar, þá hafa dagpeningar aldrei verið hærri en nú. Þá er einnig athyglisvert að dagpeningagreiðslur voru hærri árið 2006, eða tæpir 11,2 milljarðar, en árið 2007 voru tæpir 10,5 milljarðar greiddir í dagpeninga. Allt frá árinu 2009 hafa dagpeningar hækkað ár frá ári og hafa sífellt fleiri fengið greidda dagpeninga á þessum tíma. Árið 2009 fengu 20.205 framteljendur greidda dagpeninga, árið 2013 voru þeir 24.977 en árið 2007 fengu 28.703 manns greidda dagpeninga.

Á móti dagpeningum má færa ferða- og dvalarkostnað sem launþegi hefur sannanlega greitt vegna ferða á vegum launagreiðanda. Frádráttur getur þó ekki orðið hærri fyrir hvern ferðadag en leyft er skv. skattmati. Þá þarf að liggja fyrir í bókhalði launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferðar, fjölda dvalardaga og fjárhæð dagpeninga. Aðeins lítið brot dagpeninga er greitt umfram kostnað og skattlagt. Frádráttur vegna dagpeninga var

11 milljarðar árið 2013 þannig að aðeins 218 milljónir voru skattlagðar. Hér hefur orðið nokkur breyting á. Sífellt minna af dagpeningum er skattlagt. Árið 2006 var frádráttur vegna dagpeninga rúmir tíu milljarðar og því voru um 1,1 milljarður skattlagðar, sem voru um 10% dagpeninganna. Síðan hefur þetta hlutfall lækkað ár frá ári. Nú voru tæp tvö prósent dagpeninga skattlögð. Að öllum líkindum má þakka bættri þjónustu skattfyrvalda það að meira er dregið frá stofni. Dagpeningar eru nú áritaðir á skattframtalið. Ef dagpeningar eru undir ákveðnu marki þá þarf ekki að gera grein fyrir kostnaði á framtali heldur er hann dreginn frá sjálfkrafa.



Stór hluti endurgjalds fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur sé nú greiddur eigendum einkahlutafélaga í laun og hlunnindi í stað reiknaðs endurgjalds

Nú drógu 24.892 kostnað vegna ferðalaga frá dagpeningum. Það voru ekki nema 85 sem töldu fram dagpeninga án þess að fá kostnað dreginn frá. Hefur hér orðið veruleg breyting á. Árið 2007 fengu 3.963 fleiri greidda dagpeninga en drógu frá kostnað.

Reiknað endurgjald

Í byrjun tíunda áratugarins var ekki óalengt að rekstur fyrirtækja væri á ábyrgð og í nafni eigandans. Þeir sem vildu setja á stofn félag þurftu að uppfylla skilyrði um fjölda hluthafa og eigið fé sem voru talsvert strangari en síðar varð, þegar einkahlutafélögin komu til sögunnar. Á tíunda áratugi síðustu aldar, og allt fram að hrúni, reiknuðu sífellt færri sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, atvinnurekstur maka eða í sameignarfélagi sem ekki er sjálfstæður skattaðili, á hverju ári. Á þessum tíma var stofnaður fjöldi einkahlutafélaga. Ekki þarf að fara í neinar grafgötur um að margir fluttu rekstur sem hafði verið rekinn í eigin nafni yfir í einkahlutafélag, enda voru

skattar á hagnað fyrirtækja og arðgreiðslur lækkaðir sem gat þýtt að skattalegt hagræði væri af slíkum breytingum. Þá geta menn aukið væntan ágóða með því að takmarka ábyrgð eiganda og þar með tap ef illa fer. Á síðustu árum hefur hins vegar orðið breyting á. Skattar á hagnað fyrirtækja og arð hafa verið hækkaðir umtalsvert. Fleiri reikna sér endurgjald og hagnaður af rekstri einstaklinga hefur aukist. Árið 1996 reiknuðu 27.057 einstaklingar sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur. Þeim fækkaði svo ár frá ári fram til ársins 2010 en þá reiknuðu 15.815 manns sér endurgjald. Síðan þá hefur þeim heldur fjölgað þangað til nú að þeim fækkar aftur lítillega. Árið 1990 reiknuðu 24.645 framteljendur sér rúma 40,4 milljarða í reiknað endurgjald, sem var þá um 7,2% af tekjuskatts- og útsvarsstofni. Árið 2010 reiknuðu 15.815 manns sér rúman 17,1 milljarð í endurgjald, sem var 1,8% af tekjuskatts- og útsvarsstofni.

Þeim sem hafa flutt rekstur yfir í einkahlutafélag ber að greiða sér laun fyrir vinnu sem þeir inna af hendi fyrir félagið. Það má því ætla að stór hluti endurgjalds fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur sé nú greiddur eigendum einkahlutafélaga í laun og hlunnindi í stað reiknaðs endurgjalds. Ef reiknað er með því að launagreiðslur af starfsemi einyrkja sem ráku fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð árið 1990 vegi jafn mikið í tekjuskattsstofni nú og þá var raunin þá mætti ætla að þessar greiðslur hafi verið rúmir 70 milljarðar árið 2013. Framteljendur reiknuðu sér tæpa 18,7 milljarða í endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur árið 2013 sem var tæpum 293 milljónum, eða 1,6%, meira en árið 2012. Árið 2013 reiknuðu 16.911 manns sér endurgjald, sem var 27 færri en árið áður.

Hreinn hagnaður einstaklinga með rekstur

Einstaklingar sem eru með rekstur á eigin nafni þurfa að gera reksturinn upp sérstaklega í rekstrarskýrslu sem fylgir skattframtalinu. Ef rekstrartekjur eru undir einni milljón er rekstraryfirliti skilað. Ef rekstrartekjur eru á milli einnar og 20 milljóna ber mönnum að skila rekstrarskýrslu og ef rekstrartekjur fara yfir 20 milljónir þarf að skila skattframtali rekstraraðila. Bændur skila landbúnaðarskýrslu. Niðurstaða af rekstrinum er svo færð yfir á skattframtal einstaklingsins og skattlögð eins og hverjar aðrar tekjuskattsskyldar tekjur, laun, lífeyrir og tryggingabætur.

Tekjur einstaklinga										Fjöldi framteljenda									
Tekjuár	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	
Tekjuskatts- og útsvarstofn																			
Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.																			
Laun, starfst.gr. o.fl.	794,3	842,5	905,8	833,4	730,5	726,3	736,3	759,5	783,3	167.240	171.247	176.414	181.682	177.284	176.149	174.256	176.941	179.320	
Bífréðahlunnindi	4,8	5,1	5,8	5,5	5,0	4,6	3,8	3,9	3,9	5.043	5.528	6.095	6.035	5.544	4.746	4.230	4.095	4.144	
Önnur hlunnindi	4,5	3,3	10,0	1,4	1,7	1,1	1,2	1,1	1,5	14.917	15.262	14.443	13.487	11.621	11.317	11.774	12.281	11.610	
Ökutækjastýrkur	10,6	11,1	11,1	10,9	9,5	9,4	9,7	10,2	10,3	34.776	36.507	37.700	38.293	34.264	33.932	34.987	35.704	36.648	
Dagpeningar	10,4	11,2	10,5	10,2	9,6	10,2	10,6	11,1	11,3	25.376	27.003	28.703	26.835	20.205	21.461	23.220	24.431	24.977	
Reiknað endurgjald	25,5	24,8	24,6	20,4	17,8	17,1	17,3	18,4	18,7	17.188	16.751	16.527	16.579	16.145	15.815	16.268	16.938	16.911	
Greiðslur frá Tryggingastofnun	53,8	53,7	57,5	55,1	56,9	57,5	61,9	62,8	66,1	46.866	47.324	47.580	48.149	47.086	44.804	46.052	47.889	52.112	
Greiðslur úr lífeyrissjóðum	57,5	62,5	68,8	67,5	107,4	91,2	99,2	95,0	93,8	40.596	41.500	42.728	43.195	42.613	42.960	43.721	45.617	47.157	
Séreignarlífeyrissjóðir	0,0	0,0	0,0	2,7	17,5	6,4	7,1	7,5	8,0				2.061	10.254	6.162	6.359	7.849	8.964	
Sérstök útborgun séreignarsparnaðar	0,0	0,0	0,0	0,0	24,5	18,1	24,6	14,2	8,1					39.184	29.221	24.602	16.996	12.087	
Aðrar tekjur	5,9	7,2	9,0	6,9	7,7	7,7	7,8	8,4	8,3	34.745	36.664	37.083	42.109	44.364	47.689	48.602	53.743	55.543	
Husaleigubætur, aðstoð og styrkir	1,6	1,6	1,5	1,5	2,1	2,7	3,0	3,2	3,6	3.413	3.478	3.090	3.639	4.278	5.158	5.495	5.436	5.742	
Atvinnuleysisbætur	4,1	2,9	2,6	4,7	24,0	22,1	20,3	16,8	12,3	8.363	5.809	4.560	10.370	27.638	25.118	22.352	19.896	15.607	
Styrkir vegna náms, vísindstarfa o.fl.	1,6	1,7	1,9	1,7	1,7	1,6	1,9	2,0	2,0	16.630	18.179	18.694	18.375	20.552	16.414	19.631	22.285	22.070	
Tekjur erlendis frá	0,2	0,4	0,3	0,4	0,7	0,6	0,6	0,5	0,6	150	177	204	218	265	247	248	227	275	
Tekjur látnis maka	-	-	-	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	-	-	-	17	5	7	1	1	4	
Samtals:	965,5	1.019,5	1.093,5	1.012,8	968,0	946,2	969,3	988,8	1.011,2	208.805	213.685	218.666	225.123	226.946	227.259	225.933	229.351	232.115	
Hreinar tekjur af atvinnurekstri										13.415	13.243	12.927	12.893	12.467	12.435	13.098	13.933	14.228	
Áætlun																			
Áætlaður tekjuskattstofn viðbót	65,7	70,2	76,7	57,9	40,3	38,0	38,6	33,6	30,1	13.626	14.490	16.231	12.615	8.992	10.190	11.608	10.239	8.318	
Áætlað álag á tekjuskattstofn	4,9	5,1	5,2	4,1	3,3	3,1	2,8	2,5	2,3	12.634	14.443	16.206	12.553	8.947	10.184	11.611	9.341	7.890	
Samtals:	70,7	75,4	82,0	62,0	43,5	41,1	41,4	36,1	32,4	13.637	14.499	16.233	12.619	9.071	10.190	11.614	10.240	8.318	
Frádráttur frá launum o.fl.																			
Kostnaður á móti ökutækjastýrk	6,7	6,7	6,9	6,9	6,4	6,6	6,9	7,2	7,2	29.115	30.641	32.004	32.207	29.272	30.799	31.573	32.204	32.921	
Frádráttur vegna dagpeninga	9,6	10,1	9,5	9,8	9,3	10,0	10,4	10,9	11,0	22.599	23.459	24.740	26.577	20.007	21.361	23.138	24.360	24.892	
Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð	31,2	33,5	35,8	33,2	29,9	29,7	30,1	30,8	31,6	170.010	173.687	178.101	182.862	182.585	181.927	180.473	182.789	183.827	
Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð, 4%	16,0	17,6	19,2	17,9	14,8	14,6	14,8	9,3	9,6	94.752	98.995	102.847	104.915	95.497	89.462	89.101	109.406	111.897	
Frádráttur vegna náms og vísindastýrkja	1,0	1,1	1,2	1,0	1,0	1,0	1,3	1,3	1,3	10.981	11.552	11.835	11.010	10.861	9.697	11.460	12.763	12.596	
Frádráttur vegna annarra styrkja	0,5	0,6	0,7	0,7	0,6	0,9	1,0	1,5	1,5	5.503	4.849	5.355	5.455	4.796	9.697	11.722	24.806	30.379	
Frádráttur vegna viðhalds fasteigna	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,8	1,6	0,0	0,0						18.116	18.737			
Samtals:	65,0	69,6	73,8	69,6	62,0	64,6	66,1	60,9	62,3	170.915	174.723	179.232	184.103	183.746	187.876	187.022	184.127	185.285	
Lækkun skv. 66. gr.	1,8	1,7	1,7	1,8	1,9	2,0	2,1	2,5	2,5	10.144	9.346	8.763	9.980	11.306	11.267	12.455	15.872	15.385	
Tekjuskatts- og útsvarstofn	980,0	1.034,7	1.111,9	1.012,2	955,5	928,1	950,8	970,4	988,1	222.486	228.191	234.927	237.686	235.976	237.450	237.586	239.631	240.439	
Neikvæður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	25	28	36	50	39	167	150	48	71	
Fjármagnstekjur *																			
Arður og vextir af stofnsjóðsinneign																			
Arður af hlutabréfum	41,5	54,0	62,2	61,5	40,6	13,5	13,4	16,1	17,8	40.912	43.359	42.631	37.317	5.725	5.408	6.884	9.895	12.350	
Arður af erlendum hlutabréfum	2,3	4,9	3,2	4,5	7,6	0,4	0,7	1,4	1,4	492	531	580	891	256	166	241	205	283	
Samtals:	43,8	58,9	65,3	66,0	48,2	13,9	14,1	17,4	19,2	*	*	*	*	*	*	*	*	*	
Vaxtatekjur																			
Vextir af innstæðum barna	0,1	0,2	0,2	2,8	2,2	1,0	1,1	0,9	0,8	3.821	3.441	3.285	35.879	35.549	34.722	35.900	35.510	35.378	
Vextir af innstæðum í bönkum	18,8	28,8	37,1	93,4	78,2	31,8	19,6	18,5	17,3	60.663	67.214	72.434	168.989	171.247	171.769	169.602	172.787	175.216	
Vextir af innlendum og erl. verðbréfum	21,5	26,4	29,0	41,5	11,7	13,5	12,1	12,3	13,0	13.207	15.810	19.052	15.985	11.051	41.970	52.807	46.014	44.661	
Samtals:	40,4	55,3	66,4	137,7	92,2	46,2	32,9	31,7	31,1	*	*	*	*	*	*	*	*	*	
Leigutekjur										5.643	5.944	6.464	7.061	6.491	6.963	7.797	7.553	7.889	
Söluhagnaður																			
Hagnaður af sölu hlutabréfa	105,6	120,6	211,8	29,1	12,6	6,2	6,7	7,3	17,5	9.079	9.717	11.512	4.985	1.347	823	990	1.737	3.514	
Annar söluhagnaður	7,0	10,8	13,2	5,2	2,9	2,0	2,2	1,6	1,7	1.122	1.286	1.375	913	670	467	374	442	435	
Samtals:	112,6	131,4	224,9	34,3	15,5	8,2	9,0	8,9	19,2	*	*	*	*	*	*	*	*	*	
Fjármagnstekjur samtals										84.680	93.078	98.738	184.626	182.699	46.768	39.066	41.675	44.990	
Greiðendur fjármagnstekjuskatts										227.187	233.522	240.817	244.097	243.522	245.424	244.720	246.621	247.849	
Skattskyldar tekjur samtals										1.181,9	1.285,9	1.475,0	1.256,9	1.118,5	1.003,8	1.014,9	1.038,0	1.066,6	
Fjöldi reiknaðir í álagningarkerfi										14.157	20.389	23.949	23.397	17.914	15.340	17.044	17.572	20.602	
Handreiknaðir										241.344	253.911	264.766	267.494	261.436	260.764	261.764	264.193	268.451	
Fjöldi framteljenda á grunnskrá																			

Skattar 17.572 framteljenda voru handreiknaðir í álagningu árið 2013 og eru ekki meðtaldir. Upplýsingar byggja á skattframtölum eintaklinga og miðast þær við stöðu álagningar strax að loknum framtalsskilum í júlí, fyrir breytingar sem gerðar hafa verið vegna síðbúinna framtala og kærumæðferðar.

* Fjármagnstekjur eru taldar fram af því hjóna sem hefur hærri tekjur og því vísa tölur um fjölda framteljenda með fjármagnstekjur til fjölda fjölskyldna en ekki einstaklinga.

Eignir og skuldir einstaklinga

Upphæðir í milljörðum króna á verðlagi í árslok 2013

Eignir og skuldir										Fjöldi fjölskyldna									
Álagningarár	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	
Hrein eign skv. efnahagsreikningi	63,7	60,1	61,5	46,9	41,9	41,1	41,6	42,8	42,5	8.049	7.746	7.599	7.181	7.060	7.016	7.119	7.086	6.98	
Innlend og erlend verðbréf	332,9	393,9	553,9	265,1	315,9	329,0	302,5	298,3	283,4	26.657	30.238	36.000	23.992	33.184	47.334	48.477	45.090	45.075	
Ökutæki	235,4	248,8	274,7	246,7	216,9	201,9	189,4	187,8	187,4	98.266	98.387	102.831	106.097	105.525	104.357	104.518	105.972	108.413	
Hlutabréf	84,5	110,5	122,3	98,1	79,8	57,8	54,0	50,9	48,5	51.439	54.498	56.288	51.722	50.644	40.817	39.996	48.795	50.054	
Hlutabréf í erl. félögum	8,1	24,3	34,8	20,8	14,8	14,7	13,8	10,4	9,0	5.397	3.949	5.403	4.891	4.743	4.563	4.370	4.239	4.112	
Innlendar innstæður	309,9	341,3	394,4	799,1	721,1	609,0	527,8	481,9	467,3	61.617	67.374	72.396	168.693	171.003	171.697	169.561	172.540	174.961	
Innstæður í erlendum bönkum	6,7	5,1	12,0	12,6	13,7	10,7	9,4	9,1	7,8	579	568	653	744	686	644	586	579	588	
Aðrar eignir	18,9	25,1	29,6	35,8	33,8	33,2	31,8	30,9	25,2	15.825	17.817	20.038	22.442	22.677	22.597	22.980	23.229	23.318	
Áætluð nettó eign viðbót	1,9	-	-	0,0	73,6	71,5	60,8	95,0	92,3	15	-	-	-	6.941	4.797	4.769	7.329	6.552	
Áætluð viðbót við stofn	0,3	-	-	0,0	11,0	10,4	10,4	14,3	13,8	6	-	-	-	6.940	4.797	4.769	7.328	6.552	
Samtals	1.062,3	1.209,1	1.487,7	1.525,0	1.522,4	1.379,4	1.241,4	1.221,3	1.177,2	*	*	*	*	*	*	*	*	*	
Áætluð nettó eign viðbót	42,9	64,7	1,8	-	-	-	70,7	68,7	58,4	2.910	4.051	15	-	-	-	6.941	4.797	4.769	
Áætluð viðbót við stofn	6,4	9,7	0,3	-	-	-	10,6	10,0	9,9	2.906	4.047	6	-	-	-	6.940	4.797	4.769	
Samtals	871,7	948,4	1.019,9	1.160,9	1.428,4	1.464,2	1.461,8	1.324,4	1.192,0	*	*	*	*	*	*	*	*	*	
Fasteignir	3.070,1	3.229,8	3.533,7	3.065,5	2.916,6	2.568,3	2.667,5	2.790,3	2.805,2	93.443	94.537	96.774	97.188	96.516	95.168	94.320	94.454	94.179	
Eignir alls	4.131,2	4.437,9	5.024,4	4.601,5	4.452,6	3.959,4	3.918,8	4.020,8	3.989,3	129.439	132.022	136.797	169.086	178.263	176.838	174.787	180.247	181.862	
Skuldir vegna íbúðarkaupa	1.007,7	1.110,0	1.249,4	1.331,4	1.347,0	1.315,5	1.220,0	1.207,5	1.174,1	69.586	70.733	72.697	71.257	70.447	69.265	68.758	68.736	68.504	
Skuldir	1.545,5	1.751,9	2.003,9	2.118,0	2.215,0	2.145,4	1.909,3	1.859,3	1.787,5	98.329	101.589	105.446	102.606	135.887	144.997	141.400	145.337	146.039	
Eignarskattsstofn, jákvæður	2.206,7	2.272,8	2.456,3	1.992,6	1.892,5	1.635,1	1.740,2	1.884,1	1.919,9	104.830	102.891	105.160	96.496	94.011	86.395	90.842	97.981	100.408	
Eignarskattsstofn, neikvæður	127,9	166,0	186,3	330,5	440,2	532,8	369,7	325,8	295,5	22.651	26.745	28.060	37.320	52.690	59.089	54.499	53.186	51.913	


Eignir hjóna og sambúðarfólks eru taldar fram sameiginlega og því vísa fjöldatölur til fjölda fjölskyldna sem telur fram eignir en ekki til fjölda einstaklinga.

Opinber gjöld einstaklinga

Upphæðir í milljörðum króna á verðlagi í árslok 2013

Álögð gjöld										Fjöldi fjölskyldna								
Álagningarár	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Almennur tekjuskattur	122,2	128,9	128,4	116,7	102,8	104,1	105,7	108,6	112,7	163.450	175.399	178.270	179.521	158.603	151.290	156.018	158.455	163.862
Fjármagnstekjuskattur	20,5	25,7	37,5	24,8	18,4	11,6	11,1	12,2	14,5	84.680	93.078	98.738	184.626	182.699	46.768	39.066	41.675	44.990
Tekjuskattar til ríkissjóðs alls	144,5	154,6	165,9	141,6	121,2	115,7	116,9	120,8	127,1	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Útsvar	130,8	137,4	151,5	136,8	129,0	125,3	141,6	145,0	148,0	234.171	244.883	255.777	257.020	250.070	249.771	251.018	253.606	256.689
Tekjuskattar alls	275,2	292,0	317,5	278,4	250,2	241,0	258,5	265,8	275,1	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Auðlegðarskattur	0,0	0,0	0,0	0,0	4,5	5,5	6,1	5,8	6,2					3.817	4.772	5.212	5.980	6.534
Viðbótarauðlegðarskattur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,0	2,6	3,6	4,7						3.388	4.134	4.988	5.735
Eignarskattar alls	0,0	0,0	0,0	0,0	4,5	7,5	8,7	9,5	10,9	*	*	*	*	3.817	4.772	5.212	5.980	6.534
Gjald í framkvj. aldr.	1,7	1,8	2,0	1,8	1,8	1,7	1,8	1,8	1,8	170.642	181.259	185.532	189.698	180.495	176.846	180.979	182.993	185.522
Útvarpsgjald					3,6	3,6	3,7	3,6	3,6		-	-	187.340	180.459	176.853	180.976	182.858	185.394
Önnur gjöld*	0,6	0,4	0,4	0,4	0,4	0,3	0,4	0,4	0,4	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Tryggingagjald	2,7	2,4	2,2	1,8	1,9	2,3	2,4	2,2	2,4	22.109	19.945	19.418	19.266	20.663	18.115	19.230	19.225	21.489
Samtals gjöld á einstaklinga	280,4	296,6	322,1	286,5	262,4	256,5	275,6	283,3	294,2	*	*	*	*	*	*	*	*	*
-bætur sbr. neðangreint	17,6	20,0	23,0	24,7	24,9	30,0	23,9	19,6	17,5	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Samtals gjöld - bætur	262,7	276,6	299,1	261,8	237,5	226,5	251,6	263,7	276,7	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Bætur																		
Barnabætur	10,1	11,7	12,5	12,1	11,6	9,1	8,1	10,5	9,5	55.481	63.691	66.542	69.129	69.827	55.991	51.762	56.693	53.525
Vaxtabætur	7,6	8,3	9,9	12,6	13,3	13,7	9,6	9,1	8,0	43.902	49.687	58.259	64.900	69.582	56.644	46.415	44.876	41.933
Sérstök niðurgreiðsla vaxta	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	7,2	6,2	0,0	0,0		-	-	-	-	102.652	97.301		
Samtals bætur	17,6	20,0	23,0	24,7	24,9	30,0	23,9	19,6	17,5	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Skattaívilnanir																		
Sjómannaaflsláttur, dagar, þús.	1.555	1.412	1.343	1.278	1.326	1.316	1.377	1.378	1.318	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Sjómannaaflsláttur	2,0	1,7	1,6	1,4	1,5	1,5	1,1	0,7	0,3	6.743	6.255	5.997	5.736	5.720	5.771	5.889	5.811	5.580
Frádr. v. viðhalds fasteigna	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,8	0,0	0,0	0,0		-	-	-	-	18.116	-	-	-
Fjöldi á grunnskrá										241.344	253.911	264.766	267.494	261.436	260.764	261.764	264.193	268.451

* Önnur gjöld eru slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, iðnaðarmálagjald og búnaðargjald.



Eins og gefur að skilja hefur hagnaður af rekstri einstaklinga minnkað í gegnum tíðina þegar færri reka fyrirtæki sín eða starfsemi á eigin kennitölu, heldur stofna sjálfstæðan lögaðila um reksturinn og skilja þannig á milli rekstrarins og persónulegs fjárhags. Hagnaður af rekstri er þá ekki lengur skattlagður í álagningu einstaklinga heldur lögaðila. Hagnaður einstaklinga með rekstur var tæpir 9,2 milljarðar árið 2013, 269 milljónum meiri en árið áður. Árið 1990 voru hreinar tekjur af atvinnurekstri rúmum 16,1 milljarðum. Þrátt fyrir að færri rækju fyrirtæki í eigin nafni jukust hreinar tekjur um tæpa 5,3 milljarða fram til ársins 1999. Þá var hreinn hagnaður af rekstri rúmum 21,4 milljarðum. Hann lækkaði jöfnum skrefum fram til ársins 2010, samtals um tæp 65,9%, en hefur síðan hækkað ár frá ári um 1,8 milljarða. Árið 2013 var hagnaður af rekstri 14.228 þeirra 16.911 einstaklinga sem stóðu í rekstri og reiknuðu sér endurgjald. Um 84,1% fyrirtækjanna sem um ræðir voru því rekin með hagnaði. Þetta er hæsta hlutfall sem menn hafa séð á síðustu 20 árum.

Tryggingagjald

Þeir sem reikna sér endurgjald vegna starfa við eigin atvinnurekstur þurfa að greiða tryggingagjald af launum og lífeyrisiðgjaldi. Tryggingagjald var 7,69% árið 2013 en árið 2012 var það 7,79%. Til viðbótar var greidd 0,65% viðbót af launum sjómanna.

Nú voru lagðir 2,4 milljarðar á einstaklinga í tryggingagjald sem var 174 milljónum meira en í álagningu í fyrra. Gjaldið var lagt á 21.489 einstaklinga eða 2.264 fleiri en í álagningu fyrir ári.

Tryggingagjald er lagt á handreiknaða og þá sem ekki hafa skilað framtali eða eru áætlaðir. Þetta skýrir það af hverju tryggingagjald er lagt á fleiri en þá sem reiknuðu sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur. Tryggingagjald sem er lagt á einstaklinga með rekstur hefur lækkað eftir því sem færri reikna sér endurgjald, líkt og reiknað endurgjald og hreinn hagnaður. Gjaldið hækkaði hins vegar töluvert á milli árunum 2008 og 2011, úr rúmum 1,8 milljörðum í 2,4 milljarða. Á þessum tíma var tryggingagjald hækkað úr 5,34% í 8,65%. Gróft reiknað má því ætla að tryggingagjaldsstofn einstaklinga

hafa lækkað úr 34,2 milljörðum í rúma 26 milljarða, eða um 8,2 milljarða sem er tæpur fjórðungur.

Laun sem arður

Við álagningu árið 2012 var tekin upp svo kölluð 20/50 regla, eða arðs-launareglan. Þessi regla þýddi að ef einstaklingar sem voru í ráðandi stöðu í félagi greiddu meira en 20% arð þá var helmingurinn af því sem fór umfram 20% skattlagður sem laun í miðþrepi skattstigans. Árið 2013 tóku 182 einstaklingar út meira en 20% af eigin fé fyrirtækjanna sem þeir réðu út sem arð og greiddu því almennan tekjuskatt af helmingnum af því sem var umfram 20%. Arður sem kom inn í tekjuskattstofn einstaklinga var 391 milljón árið 2013.

Frá og með janúar á þessu ári fellur þessi regla úr gildi og því verður arður sem er umfram 20% af eigin fé fyrirtækja í eigu ráðandi aðila ekki skattlagður sem laun næst þegar verður lagt á.

Árið 2012 greiddu 212 manns út 508 milljónir umfram leyfilegt hámark, og árið 2011 greiddu 167 eigendur út 397 milljónir umfram leyfilegt hámark. Ef reiknað er með að greiddur hafi verið 25,8% tekjuskattur og 14,4% útsvar af þessum tekjum þá hafa ráðandi aðilar í þessum félögum greitt 521 milljón í skatt af þessum tekjum. Ef 20/50 reglan hefði ekki verið í gildi hefðu þeir greitt 20% fjármagnstekjuskatt af arði, eða samtals 259 milljónir. Að öðru óbreyttu hefur reglan því skilað ríki og sveitarfélögum um 262 milljónum þessi þrjú ár.

Greiðslur frá Tryggingastofnun

Tryggingastofnun greiddi rúman 66,1 milljarð í dagpeninga, dánarbætur, ellilífeyri, endurhæfingarlífeyri, foreldragreiðslur, heimilissuppbót, maka- og umönnunarbætur, mæðra- og feðralaun, örorkulífeyri og örorkustyrk og ýmsar aðrar greiðslur. Greiðslur frá Tryggingastofnun voru tæpum 3,3 milljörðum hærri árið 2013 en árið áður og hafa aldrei verið hærri. Laun voru nú 122,4 milljörðum lægri en árið 2007. Tryggingagreiðslur voru hins vegar 8,6 milljörðum hærri en þá. Þær hafa hækkað um tæp 15% á sama tíma og launagreiðslur hafa lækkað um 13,5%. Laun, lífeyrir og hlunnindi hafa hækkað um tæpan fjórðung frá árinu 2000 en á sama tíma hafa greiðslur frá Tryggingastofnun hækkað um 48,3%.

Ekki þarf að greiða fullan skatt af öllum greiðslum Tryggingastofnunar. Skattfrjálsar greiðslur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum Íslands eru barnalífeyrir, meðlagsgreiðslur, bifreiðakaupastyrkir,

dánarbætur vegna slysa, styrkur til kaupa á sérfæði, umönnunargreiðslur og skattfrjálsar sjúklingatryggingar. Þessar greiðslur voru 9,2 milljarðar árið 2013, eða 106 milljónum hærra en árið áður. Skattfrjálsar greiðslur hækkuðu nokkuð upp úr miðjum tíunda áratugnum. Um 5,4 milljarðar voru greiddar árið 1994. Árið 2003 höfðu þessar greiðslur hækkað í 10,4 milljarða. Þá hafði þeim sem fengu skattfrjálsar greiðslur fjölgað úr 11.270 í 17.501. Nú fengu 18.255 greiðslur frá Tryggingastofnun sem undanskildar eru skattlagningu en virði þeirra í augum viðtakandans er mun meira en ef um sambærilegar launatekjur væri að ræða.


Árið 2013 fengu 52.112 manns skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun, þ.e. 4.223 fleiri en árið áður. Þetta er talsvert mikil aukning í ljósi þess að 2.379 fleiri framteljendur töldu fram laun, hlunnindi og lífeyri. Það er athyglisvert að frá árinu 2011 telja 6.060 fleiri fram greiðslur frá Tryggingastofnun á meðan 5.064 fleiri telja fram laun. Framteljendum sem telja fram tryggingagreiðslur hefur fjölgað um 4.532 frá árinu 2007 en þeim sem telja fram laun hefur fjölgað um 2.906.

Atvinnuleysisbætur

Það er ekki ofsögum sagt að atvinnuleysisbætur hafi aukist gríðarlega mikið eftir vatnaskil urðu í efnahagslífi landsins fyrir rétt um sex árum. Þó að vissulega hafi á stundum syrt í álinn þá hefur atvinnuleysi verið nær óþekkt hér á landi. Atvinnuleysisbætur fóru úr tæpum 2,6 milljörðum árið 2007 í 24 milljarð árið 2009. Um var að ræða alger umskipti. Vinnumálastofnun greiddi 4.560 manns atvinnuleysisbætur árið 2007, 10.370 árið 2008 og 27.638 árið 2009. Síðan þá hefur þeim sem þiggja atvinnuleysisbætur hluta úr ári fækkað og á sama tíma hafa bæturnar lækkað. Árið 2013 fengu 15.607 manns rúma 12,3 milljarða greidda í atvinnuleysisbætur. Bæturnar hafa því lækkað um tæpa 11,7 milljarða frá árinu 2009 og nú síðast um 4,4 milljarða en þá fengu 4.289 færri greiddar bætur. Þeir sem eru atvinnulausir í langan tíma hætta að fá greiddar bætur og þurfa þá að leita eftir aðstoð frá sveitarfélagi.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum

Landið gekk í gegnum miklar efnahags-hremmingar þegar bankakerfið féll. Kaupmáttur greiddra launa rýrnaði um 179,5 milljarða, eða tæp 20%, á árunum 2007 til 2010. Á þessum tíma jukust atvinnuleysisbætur um 19,5 milljarða.




Greiðslur úr lífeyrissjóðum hækkuðu um 22,4 milljarða. Greiðslur úr lífeyrissjóðum hækkuðu um tæpa 45 milljarða á árabílinu 2006 til 2009. Árið 2009 tóku landsmenn 107,4 milljarða út úr lífeyrissjóðum. Þá voru laun, hlunnindi og lífeyrir 730,5 milljarðar.

Landmenn mættu aflabresti og harðæri með sparnaði sem þeir höfðu safnað í lífeyrissjóði til elliáranna. Lögum var breytt þannig að þeir sem náð höfðu lífeyrisaldri gátu tekið út allan séreignarsparnað sinn. Þeir sem ekki höfðu náð lífeyrisaldri fengu að taka út ákveðna upphæð í hverjum

Milljarðar kr.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum



Lífeyrisgreiðslur jukust mikið eftir fall bankanna. Þeim sem ekki höfðu náð lífeyrisaldri var leyft að taka út séreignarsparnað til að mæta tekjufalli eða atvinnuleysi. Þeim sem náð höfðu lífeyrisaldri var leyft að taka út allan séreignarsparnað á einu bretti. Á þessum tíma fóru lífeyrisgreiðslur og atvinnuleysisbætur langt með að bæta landsmönnum upp tekjumissi vegna launa. Frá árinu 2008 hafa landsmenn tekið út tæpa 138,8 milljarða úr séreignarsjóðum en þar af voru 89,6 milljarðar sérstök útborgun séreignarsparnaðar.

mánuði til að mæta fjárhagslegum áföllum. Árið 2009 tóku landsmenn út 42 milljarða af séreignarsparnaði, en þar af voru 24,5 milljarðar sérstök útborgun séreignarsparnaðar til þeirra sem voru ekki orðnir nógu gamlir til að mega taka út séreignarsparnað sinn samkvæmt eldri lögum. Frá árinu 2008 hafa landsmenn tekið út tæpa 138,8 milljarða úr séreignarsjóðum og 415,3 milljarða úr almennum lífeyrissjóðum. Þá hafa innstæður rýrnað. Landsmenn tóku út 93,8 milljarða úr lífeyrissjóðum árið 2013, sem var tæpum 1,3 milljörðum minna en árið áður. Hér munar mest um sérstaka útgreiðslu séreignarsparnaðar sem er að renna sitt skeið. Hún lækkaði um tæpan 6,1 milljarð, úr 14,2 milljörðum í 8,1 milljarð. Greiðslur úr séreignarlífeyrissjóðum hækkuðu um 484 milljónir og eru nú um átta milljarðar. Landsmenn fengu tæpa 77,6 milljarða greidda úr almennum lífeyrissjóðum árið 2013 sem var um 4,3 milljörðum meira en árið áður.

Á undanförunum árum hefur þeim sem fá greitt úr lífeyrissjóðum fjölgað mikið. Greiðslur úr lífeyrissjóðum hafa vaxið mun hraðar en aðrar greiðslur í þjóðfélaginu. Árið 2013 fengu 47.157 manns greitt úr lífeyrisjóði, eða næstum því helmingi fleiri en árið 1990 þegar 23.121 einstaklingur fékk greitt úr lífeyrissjóði. Fleiri greiða í lífeyrissjóði og fleiri eiga lífeyrisréttindi.

Séreignarsjóðir eru til þess að gera nýkomnir til sögunnar. Nú fengu 8.964 manns greitt úr séreignarsjóði og 12.087 nýttu sér heimild til að taka út úr séreignarsjóði skv. sérstakri heimild. Þeim sem nýta sér þessa heimild hefur fækkað. Árið 2009 nýttu 39.184 einstaklingar sérheimildina og tóku þá út tæpan 24,5 milljarða til að drýgja tekjurnar við sérstakar aðstæður.

Vinnandi fólki ber að greiða 4% iðgjald af launum í lífeyrstryggingasjóð. Mótframlag í lífeyrissjóð getur verið mismunandi á milli starfstétta en iðulega var greitt 8% mótframlag í lífeyrissjóðinn. Þá var greitt 7,69% tryggingagjald af launum og lífeyrisiðgjaldi. Útgerðarmenn greiddu 0,65% slysatryggingagjald vegna sjómennsku, samtals 8,34%. Landsmenn greiddu 31,6 milljarða í skylduiðgjöld í lífeyrissjóði árið 2013, sem var um 754 milljónum meira en árið áður. Lífeyrisiðgjöld launamanna hækkuðu um 2,4% á milli ára.

Mönnum ber skylda til að greiða í lífeyrisjóði af launum og reiknuðu endurgjaldi. Árið 2013 greiddu 183.827 einstaklingar iðgjald í lífeyrissjóð. Þá töldu 179.320 manns fram laun og 16.911 manns reiknuðu sér endurgjald. Það lítur því út fyrir að stór hluti þeirra sem reikna sér endurgjald þiggi einnig laun frá launagreiðendum. Það hefur komið mörgum vel að hafa

ákveðið á sínum tíma að greiða viðbótariðgjald í séreignarsjóð. Margir gátu gengið að varasjóði sem hefur eflaust komið í góðar þarfir þegar harðnaði á dalnum. Viðbótariðgjald var kynnt til sögunnar árið 1998. Eins og gefur að skilja er ekki greiddur skattur af iðgjaldinu sem er dregið frá skattstofni. Skatturinn er greiddur þegar sparnaðurinn er tekinn út. Sá sem sparar fær því vexti á þann hluta sparnaðarins sem hefði annars verið greiddur í skatt. Þá eru tekjur lífeyrisþega almennt lægri og því er ekki víst að skattur af lífeyrisgreiðslunum sé jafn hár og skattur af launum sem lífeyrir er greiddur af. Árið 1999 greiddu 30.487 manns tæpa 2,9 milljarða af launum sínum í viðbótariðgjald í lífeyrissjóð. Skattstofninn var lækkaður um samsvarandi upphæð.

Upp úr aldamótum nýttu stöðugt fleiri sér séreignarsparnaðinn. Árið 2008 drógu 104.915 manns 17,9 milljarða frá skattstofni vegna iðgjalds í séreignarsjóð. Þá hafði leyfilegt hámark verið tvöfaldað og var nú fjögur prósent af launum. Mótframlag launagreiðanda var ótakmarkað. Eftir hrun fækkaði aftur þeim sem greiddu í séreignarsjóði. Leyft var að draga 2% frá skattstofni. Árið 2011 lækkaði 89.101 framteljandi skattstofn um 14,8 milljarða vegna greiðslu í séreignarsjóði. Árið 2012 og 2013 fjölgaði þeim sem greiddu í sjóðina talsvert, í 109.406 árið 2012 og 111.897 árið 2013. Greiðslurnar lækkuðu hins vegar um 37,5% árið 2012. Árið 2013 var skattstofninn lækkaður um 9,6 milljarða vegna greiðslu í séreignarlífeyrissjóði sem var 3,7% meira en árið áður.

Styrkir til náms, rannsókna og vísindastarfa

Árið 2013 fengu 22.070 manns tæpa tvo milljarða í náms- og rannsóknarstyrki. Styrkurinn var tíu milljónum hærri að raunvirði en árið áður. Þeim sem fengu námsstyrk fækkaði hins vegar um 215 á milli ára.

Heimilt er að draga frá beinan kostnað á móti náms-, rannsóknar- eða vísindastyrkjum. Rúmur helmingur þeirra sem fá náms- og rannsóknarstyrki dró frá kostnað vegna styrkjanna, eða 12.596 þeirra 22.070 sem fengu styrki. Skattstofninn var lækkaður um tæpa 1,3 milljarða vegna kostnaðar. Tæpar sjöhundruð milljónir voru skattlagðar. Það er ekki óhugsandi að margir átti sig ekki á því að leyfilegt er að draga námskeiðsgjöld frá styrk til að sækja námskeið. Þessir styrkir lækkuðu nokkuð eftir hrun en hafa síðustu þrjú ár hins vegar hækkað aftur.

Aðrar tekjur og styrkir

Aðrar greiðslur eru ýmsar greiðslur, t.d. barnsmeðlög, dagvistunargreiðslur, dvalar- og ferðastyrkir, vinna við eigin íbúðarhúsnæði, framfærslulífeyrir, greiðslur frá sveitarfélögum vegna fósturbarna, greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna, höfundarlaun, skattskyld heiðursverðlaun, skattfrjáls laun frá alþjóðastofnunum, styrkir úr sjúkrasjóðum sveitarfélaga og ýmsir aðrir styrkir, t.d. vegna íþróttaiðkunar og vegna ættleiðingar barna. Þessar greiðslur hafa hækkað mikið síðasta áratuginn. Þær voru 2,7 milljarðar árið 1999 en eru nú tæpir 8,3 milljarðar.

Þá er heimilt að draga frá kostnað á móti styrkjum til sérstakra verkefna, eða starfstengdum greiðslum, án þess að um sjálfstæðan atvinnurekstur sé að ræða. Hér er um að ræða styrki frá Vinnumálastofnun vegna ættleiðingar barna og líkamsræktarstyrk. Ekki er hins vegar heimilt að draga frá kostnað vegna persónulegra útgjalda, s.s. vegna glasafrjövgunar, fóstureyðinga, ættleiðinga, fegrunaraðgerða, krabbameinsskoðunar, gleraugna- og heyrnartækjakaupa eða tannviðgerða. Samtals drógu landsmenn 1,5 milljarða frá skattstofni vegna kostnaðar á móti þessum styrkjum, sem er 86 milljónum meira en fyrir ári. Frádráttur vegna annarra styrkja hefur aukist um 879 milljónir á síðustu fimm árum, eða 133,4%. Þá hefur þeim sem draga frá vegna annarra styrkja fjölgað úr 4.796 árið 2009 í 30.379 árið 2013. Ástæða þessarar miklu fjölgunar er að öllum líkindum sú að nýir styrkir eru nú frádráttarbærir og má þar helst nefna samgöngu- og íþróttastyrk.

Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð og styrkir

Það hefur verið mjög áhugavert að fylgjast með því hvernig þessi liður á skattframtali hefur hækkað ár frá ári síðan efnahagshrunið margumrædda reið yfir. Árið 2007 fengu 3.090 manns félagslega aðstoð og styrk frá sveitarfélögum. Styrkirnir voru þá tæpur einn og hálfur milljarður. Síðan þá hafa styrkir og félagsleg aðstoð aukist á hverju ári, samtals um tæpa 2,1 milljarða, eða 144,1%. Þeir sem þáðu aðstoð voru 2.652 fleiri árið 2013 en árið 2007 og hefur því fjölgað um 85,8%. Árið 2013 fengu 5.742 einstaklingar 3,6 milljarða í húsaleigubætur, félagslega aðstoð og styrki frá sveitarfélögum.

Aðrar skattfrjálsar greiðslur

Það eru ekki aðeins skattfrjálsar ákveðnar bætur frá Tryggingastofnun sem eru

undanþegnar skatti. Sama gildir um ýmsar aðrar greiðslur, s.s. dánarbætur tryggingafélaga og sjúkrasjóða stéttarfélaga sem eru greiddar í einu lagi. Þá eru enn fremur skattfrjálsir dvalar- og ferðastyrkir til jöfnunar námskostnaði, heiðurslaun Norðurlandaráðs, húsaleigubætur, miskabætur og skaðabætur sem greiddar eru vegna eignatjóns eða varanlegrar örorku, styrkir til fatlaðra, styrkir sveitarfélaga til foreldra, samskot og ýmsir aðrir styrkir, t.d. vegna langveikra barna.

Árið 2013 fengu 23.413 manns rúma 16,2 milljarða í slíkar skattfrjálsar greiðslur. Þær hækkuðu um tæpa 1,2 milljarða frá árinu áður. Árið 2012 fengu 22.353 skattfrjálsar greiðslur. Árið 1994 fengu 2.765 manns 2,2 milljarða greidda í skattfrjálsar greiðslur. Sex árum síðar, eða árið 2000,

”

Tekjur ríkisins af almennum tekjuskatti voru því í reynd tíu milljörðum minni en sá tekjuskattur sem var lagður á og greiddur af landsmönnum, eða tæpir 112,7 milljarðar

fengu 7.040 slíkar greiðslur, sem voru þá orðnar rúmir 8,2 milljarðar. Þær jukust svo hratt fram til ársins 2009 en þá fengu 24.156 manns tæpa 17 milljarðar greidda. Greiðslurnar lækkuðu þrátt fyrir að þeim sem teldu slíkar greiðslur fram héldi áfram að fjölga fram til ársins 2010. Þá voru þeir orðnir 28.447. Fram til ársins 2012 lækkuðu þær áfram auk þess sem að þeim sem fengu þær greiddar fækkaði en nú hafa þær aftur hækkað.

Ívilnanir

Í skattalögum er að finna heimild til lækkunar á tekjuskattstofni við tiltekna aðstæður sem hafa í för með sér verulega skert gjaldþol. Hér má nefna veikindi, ellihrönnun eða mannslát sem skerða gjaldþol

gjaldandans; veikindi eða fötlun barns; framfærslu vandamanna, t.d. unglinga og foreldra; eignatjón og tapaðar kröfur, s.s. ábyrgðir sem fallið hafa á framteljanda til greiðslu án möguleika til endurkröfu.

Ríkisskattstjóri ívilnaði 15.385 einstaklingum við álagningu árið 2014, eða 487 færri en árið áður. Skattstofninn var lækkaður um tæpa 2,5 milljarða, sem var um 39 milljónum minni ívilnun en árið 2013.


Á síðustu árum hafa ívilnanir, eins og félagsleg aðstoð, þróast á skjön við þróun launa í landinu. Frá árinu 2004 fram til ársins 2007 lækkuðu ívilnanir úr rúmunum 1,9 milljörðum í tæpa 1,7, eða um 281 milljón. Þetta var lækkun um 14,4%. Ívilnanir jukust svo frá ári til árs allt fram til ársins 2012 en nú lækkuðu þær aftur lítilllega.

Tekjuskatts- og útsvarsstofn

Tekjuskatts- og útsvarsstofn nær til launa, lífeyris og millifærslna, þ.e. ýmissa félagslegra bóta og greiðslna. Fjármagnstekjur voru teknar út úr stofninum þegar sérstakur fjármagnstekjuskattur var tekinn upp árið 1997. Laun hafa iðulega verið um 80% tekjuskattstofns en féllu þó niður í 76,5% árið 2009. Má um kenna þeim hremmingum sem landið gekk í gegnum á þessum tíma. Þá vógu atvinnuleysisbætur og greiðslur úr lífeyrissjóðum að hluta upp hrun launa.

Tekjuskattstofn hækkaði nú minna en laun í landinu, eða um 17,6 milljarða á milli árána 2012 og 2013 sem er 1,8% hækkun. Stofninn var nú 988,1 milljarður, eða rúmunum átta milljörðum hærri en hann var árið 2005, en 46,6 milljörðum lægri en hann var árið 2006, og 123,8 milljörðum lægri en hann var árið 2007. Árið 2010 var tekjuskattstofn 928,1 milljarður, tæpum 183,8 milljörðum lægri en hann hafði verið árið 2007. Hann hafði lækkað um 16,5% á þremur árum.

Þegar fjallað er um skattstofna er mikilvægt að hafa í huga að skattur af tekjum handreiknaðra er yfirleitt reiknaður af tilbúnum skattstofni sem tekur mið af tekjum og dvalartíma í landinu. Þessi tilbúni skattstofn er uppreiknaður til heils árs, eins og ef gjaldandinn hefði dvalið hér á landi allt árið. Skatturinn reiknaður af þessum tilbúna skattstofni og síðan lækkaður aftur miðað við þann tíma sem dvalið var í landinu. Af þessum sökum er ekki til skattstofn fyrir handreiknaða og er þeim því sleppt í upplýsingum um tekjur og skattstofna en þeir eru hins vegar taldir með í tölum um álögð gjöld.



Í stórum dráttum ráðast skattar af skattstofninum, skatthlutföllum og fjölda skattgreiðenda. Skatttekjur ríkisins jukust þegar skattstofnar uxu á tíunda áratugnum og framan af þeim fyrsta. Útsvarið var hækkað á móti tekjuskatti þegar verkefni voru flutt yfir til sveitarfélaganna. Þó að tekjuskattur sé mun hærri en útsvarið hafa sveitarfélögin meiri tekjur af tekjuskatti í staðgreiðslu en ríkið.

Tekjuskattur og útsvar

Það eru skiptar skoðanir um það hverjir eigi að greiða skatta og hve mikið þeir eiga að greiða í skatta. Er ýmist gripið til hugmyndafræði eða hagkvæmnisraka þegar réttlæta á hin ýmsu sjónarmið um skattlagningu. Hér sem víðar í þjóðmálaumræðunni vegast á pólitísk og efnahagsleg sjónarmið.

Skattkerfið samanstendur ekki einvörðungu af skatthlutfallinu heldur ræðst endanlegur skattur ekki síður af því hvernig skattstofninn er skilgreindur, afslætti, frádrætti, ívilnunum og bótum. Í víðara samhengi er skattkerfið, eða tekjuskattur einstaklinga, hluti af tekjuöflunarkerfi hins opinbera sem tekur til allra skatta, beinna og óbeinna, tolla og gjalda sem og sértekna stofnana sem veita borgurum landsins þjónustu. Tekjuskattur, einn og sér, segir því ekki til um það hversu stórt hlutfall hver og einn greiðir til ríkis og sveitarfélaga af tekjum sínum.

Í gegnum tíðina hafa persónuafsláttur, frítekju- og eignamörk, frádráttur, ívilnanir og bætur breyst frá ári til árs. Sama má segja um reglur um reiknað endurgjald, skattmat á ýmsum hlunnindum og reglur um það hvernig bætur eru skertar í álagningunni. Hvort sem lítið er til króna og aura, jaðarskatta eða meðalskatta, hefur skattkerfið því tekið umtalsverðum

breytingum, oft svo að lítið beri á. Oft er heldur ekki ljóst hvort að um raunverulegan skatt er að ræða, eins og í tilfelli skylduöfgjalda í lífeyristryggingasjóði, eða hver, og að hversu miklu leyti, það er sem ber skattinn, eins og er um tryggingagjald og virðisaukaskatt. Er það launagreiðandinn eða launamaður, kaupmaðurinn eða kúnninn?

Sennilega var fjármagnstekjuskattur sem tekinn var upp árið 1997 einhver stærsta skattkerfisbreytingin sem gerð hefur verið frá því að staðgreiðslukerfið var tekið upp árið 1988. Vextir, sem áður höfðu verið að mestu skattfrjálsir, voru settir undir nýjan fjármagnstekjuskatt og sömu sögu var að segja um arð og söluhagnað sem áður höfðu verið skattlögð af fullum þunga, eins og ef um launatekjur væri að ræða. Gamla tekjuskattskerfinu var síðan umbylt árið 2011 þegar lagt var á með margþrepa skattkerfi.

Ríkisskattstjóri lagði tæpan 123,1 milljarð á landsmenn í tekjuskatt á tekjur ársins 2013. Þetta er tæpum 3,9 milljörðum, eða 3,2% meira en árið áður. Tekjuskattur var lagður á 163.862 gjaldendur. Útsvar var hins vegar lagt á 256.689 gjaldendur.

Útsvar er lagt á alla sem eru með tekjuskatts- og útsvarsskyldar tekjur. Það er því tiltölulega auðvelt að sjá að af 268.451 framteljanda á skattgrunnskrá voru ekki

nema 11.762 alveg tekjulausir. Þá voru 163.862 framteljendur sem fullnýttu persónuafslátt upp í tekjuskatt og greiddu því tekjuskatt til ríkis.

Hlutfall framteljenda sem greiða tekjuskatt til ríkis hækkaði á árunum fyrir hrún. Árið 2007 greiddi 69,1% gjaldenda tekjuskatt til ríkis. Síðan lækkaði hlutfall skattgreiðenda niður í 58% árið 2011, hækkaði síðan ár frá ári og var nú 61%.

Ríkið veitir persónuafslátt af sköttum. Eins og gefur að skilja er umtalsverður kostnaður af því að veita persónuafslátt. Skattur var lagður á 256.689 manns sem voru með útsvarsskyldar tekjur. Það má því gera ráð fyrir því að það myndi kosta ríkið rúma milljón að hækka persónuafslátt um fjórar krónur.

Ríkið ábyrgist það að sveitarfélögin fái útsvar af hverri krónu sem gjaldandinn aflar. Þarna eru engin skattleysismörk. Því ber ríkið að fullu kostnaðinn af útsvari þeirra sem eru undir skattleysismörkum og hluta kostnaðar af útsvari þeirra sem eru yfir skattleysismörkum en greiða ekki tekjuskatt til ríkis. Ríkið greiddi sveitarfélögunum í landinu 10,4 milljarða í gegnum persónuafslátt sem skattgreiðendur nýttu ekki til að greiða útsvar árið 2013. Þetta er um 188 milljónum minna en árið áður. Tekjur ríkisins af almennum tekjuskatti voru því í reynd tíu milljörðum minni en sá tekjuskattur sem var lagður á og greiddur af landsmönnum, eða tæpir 112,7 milljarðar.

Það er ekki hægt að segja að miklar breytingar hafi verið gerðar á skattkerfinu frá því fyrir ári. Skatthlutföll í tekjuskatti voru óbreytt frá árinu 2012, fjárhæðamörk skattþrepanna og persónuafsláttur héldu verðgildi sínu. Í neðsta þrepinu var greiddur 22,9% tekjuskattur, í öðru þrepi var greiddur 25,8% skattur og í þriðja þrepi var greiddur 31,8% tekjuskattur. Þessu til viðbótar var svo greitt rúmlega 14,4% útsvar.

Tekjumörkin fyrir hvert þrep breyttust þó að raunvirði. Árið 2012 náði neðsta þrepið upp að 2.874.600 kr. og annað þrep upp að 8.803.357 kr. Þriðja þrepið tók við fyrir ofan það. Nú náði fyrsta þrepið í tekjuskatti upp að 2.897.703 kr. og annað þrepið upp að 8.874.108 kr. Fyrsta þrepið hækkaði því að raungildi um 23.103 kr. og annað þrepið um 70.751 kr. Persónuafsláttur var 581.820 kr., eða 250 kr. hærri en árið áður, sem sagt óbreyttur.

Þrátt fyrir að forsendur tekjuskatts hafi haldið í við verðlag þá héldu þær ekki í við launaþróun í landinu. Sem fyrr segir jókst almennur tekjuskattur um 3,7% á sama tíma og tekjuskatts- og útsvarsstofn

hækkaði um 1,8%. Skatturinn hækkar meira en tekjuskattstofninn og þar með skattbyrðin, vegna þess að viðmiðunar-mörkin lækka miðað við greidd laun í landinu. Fleiri greiða tekjuskatt og fleiri greiða meira í skatt en fyrr. Á sama tíma og framteljendum á skattgrunnskrá fjölgaði um 1,1% fjölgaði þeim sem greiddu tekjuskatt um 3,4%.

Útsvarið er einfaldlega flatur skattur sem leggst á hverja krónu sem aflað er og myndar tekjuskatts- og útsvarsstofn. Tekjur af útsvari ráðast því af tekjuskattstofni og útsvarshlutfallinu, sem var á bilinu 12,44% til 14,48%. Meðalútsvar í staðgreiðslu var 14,42%. Hámarks- og lágmarksútsvar voru óbreytt á milli ára. Meðalútsvar lækkaði um 0,02 prósentustig.

Það getur skipt nokkru hvar menn ákveða að setjast að. Þeir sem bjuggu í sveitarfélagi þar sem útsvarið var í meðal-lagi greiddu 1,98 krónum meira af hverjum 100 krónum sem þeir öfluðu en hinir sem bjuggu í sveitarfélagi sem lagði á lágmarks útsvar. Þeir borguðu því 19.800 krónum meira í skatta af hverri milljón, eða 99 þúsundum krónum meira af hverjum fimm milljónum, sem þeir höfðu í tekjur.

Álagt útsvar var nú tæpir 148 milljarðar, þ.e. rétt tæpum þremur milljörðum eða 2,1% hærra en í álagningu 2013. Eins og þegar hefur komið fram hækkaði tekjuskatts- og útsvarsstofn ekki nema um 1,8% á milli ára. Þennan mismun má skýra með breytingu á fjölda handreiknaðra sem fjölgaði nokkuð á milli ára. Útsvar er lagt á handreiknaða en stofninn er ekki til og því hækkar stofninn ekki til jafns við útsvarið.

Fjármagnstekjur og peningalegar eignir

Leigutekjur

Framteljendur sem hafa tekjur af útleigu fasteigna eða eignaréttinda, sem ekki falla undir atvinnurekstur, þurfa að telja fram leigu. Útleiga á húsnæði sem nýtt er til atvinnurekstrar telst til atvinnurekstrar en útleiga á íbúðarhúsnæði sem er metið á minna en tæpar 30 milljónir hjá einstaklingi, tæpar 60 hjá hjónum, telst ekki til atvinnurekstrar.

Einstaklingar voru með tæpa níu milljarða í tekjur af útleigu fasteigna eða eignaréttinda árið 2013. Leigutekjur lækkuðu um 525 milljónir, eða 5,5% á milli ára sem er athyglisvert því allt frá árinu 1999 hafa leigutekjur einstaklinga ekki lækkað á milli ára. Til að mynda hækkuðu leigu-

tekjur á milli árunna 2008 og 2010 á þeim tíma sem aðrar fjármagnstekjur lækkuðu umtalsvert. Leigutekjur hækkuðu töluvert á milli árunna 2011 og 2012, eða um 1,3 milljarða sem var 15,8%. Þær jukust um 10,2% á milli árunna 2010 og 2011. Fleiri fjölskyldur töldu nú fram leigutekjur, 7.889 fjölskyldur, saman borið við 7.553 í fyrra.

Það er ýmislegt sem er athyglisvert við leigu á íbúðarhúsnæði annað en það að leigutekjur einstaklinga hafa nú lækkað á milli ára. Árið 2013 var 185.391 fjölskylda í landinu. Hér er um að ræða alla þá sem skiluðu eignasíðu með skattframtali. Rétt rúmur helmingur, eða 94.177 þessara fjölskyldna, taldi fram íbúðarhúsnæði á skattframtali og því má gera ráð fyrir að að minnsta kosti helmingur búi í húsnæði sem er í eigu annarra. Í hópi þeirra 91.214 fjölskyldna sem ekki telja fram íbúðarhúsnæði voru 37.529 einhleypingar og 7.375 hjón á aldrinum 26 til 75 ára, samtals 44.904 fjölskyldur. Það má ætla að stór hluti þessa hóps sé fluttur úr foreldra-húsum og sé því á leigumarkaði.

Landsmenn áttu 172.151 fasteign sem var ýmist árituð eða talin fram á skattframtali. Hér eru fasteignir handreiknaðra taldar með. Um sex þúsund fjölskyldur sem voru handreiknaðar áttu fasteign og því áttu í reynd 100.676 fjölskyldur fasteign en ekki 94.177. Þegar fjöldi fasteigna er borinn saman við fjölda þeirra sem eiga fasteign kemur í ljós að einhverjir áttu bersýnilega fleiri en eina fasteign því fasteignir voru fleiri en eigendur. Langflestir, eða 63.055, áttu aðeins eina fasteign, 22.496 áttu tvær fasteignir, 7.437 fjölskyldur áttu þrjár fasteignir og 3.840 fjölskyldur áttu fimm fasteignir eða fleiri. Það vekur athygli að aðeins 964 þessara fjölskyldna töldu fram einhverjar leigutekjur. Þetta þarf þó ekki endilega að þýða að leigutekjur séu ekki taldar fram. Lóðir, mannvirki á bújörðum og sumarhús eru talin til fasteigna á skattframtali og margir eiga einnig hlut í fasteignum. Engu að síður vekur það athygli þegar fólk á fjölda íbúða án þess að hafa af þeim leigutekjur.

Vaxtatekjur

Innstæður í innlendum bönkum og sparisjóðum hafa minnkað árlega að raungildi allt frá því að þær voru fyrst áritaðar á skattframtal árið 2009. Augljós vanhöld voru á því að innstæður væru taldar fram en í álagningu árið 2008 töldu einungis 72.396 fjölskyldur fram innstæður á skattframtali og voru innstæður í árslok árið 2007 394,4 milljarðar.

Innstæður í árslok árið 2008 voru áritaðar á skattframtal árið 2009. Þá voru innstæður 168.693 fjölskyldna áritaðar á skattframtal en einstaklingar áttu þá tæpan 799,1 milljarð í innstæðum í bankainnstæðum, sem var þá rúmum helmingi meira en árið áður.

Innstæður hafa lækkað nær sleitulaust að raunvirði allt frá því að þær voru fyrst áritaðar á skattframtöl í álagningu árið 2009, eða um 331,8 milljarða sem er 41,5%. Hér er um að ræða allar innstæður í bönkum og sparisjóðum, innstæður í innlánsdeildum samvinnufélaga og á orlofsfjáreikningum, og innstæður á gjaldeyrisreikningum sem eru færðar í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok, sbr. gengisskráning Seðlabanka Íslands. Þá eru vörslureikningar um hlutabréf einnig færðir sem innstæður.


Nokkuð hefur dregið úr lækkun innstæðna. Þær hækkuðu að nafnvirði um 4,6 milljarða á milli ára, eða eitt prósent, en rýrnuðu hins vegar um 14,6 milljarða að raunvirði. Nær allir sjálfráða einstaklingar eiga innstæðu í banka. 174.961 fjölskylda taldi fram innstæður, eða 2.421 fleiri en fyrir ári.

Það kunna að vera ýmsar ástæður fyrir því að innstæður hafa rýrnað frá hrúni. Það hefur verið verðbólga og vextir af innlánnum hafa almennt ekki haldið í við hana. Innstæður hafa því misst verðgildi sitt. Þá kann að vera að menn hafi gengið á innstæður þegar harðnaði á dalnum eða fjárfest þegar líða tók frá þeim efnahagslegu sviptingum sem gengu yfir landið auk þess sem einhverjir hafa greitt niður lán.


Vextir af innstæðum hafa þróast á sama hátt og innstæðurnar. Vextir voru fyrst áritaðir á skattframtöl einstaklinga árið 2008 og jukust þeir þá mjög mikið frá árinu á undan, líkt og innstæðurnar, en hafa vaxtatekjur lækkað mikið síðan.

Vextir af innstæðum ráðast af vaxtastigi á innlánsreikningum, gengi krónunnar og upphæðinni sem vextirnir eru reiknaðir af. Árið 2008 voru vextir af innstæðum um 11,7%. Þeir voru 10,8% árið 2009 og 5,2% árið 2010. Undanfarin þrjú ár hafa vextir verið 3,7%, 3,8% og aftur 3,7%. Landsmenn fengu 17,3 milljarða greidda í vexti árið 2013, tæpum 1,2 milljörðum minna en árið áður. Fjöldi þeirra sem taldi fram vexti er nánast sá sami og átti innstæður í árslok eða 175.216. Það lítur út fyrir að um tíu þúsund fjölskyldur noti ekki bankaþjónustu, eigi ekki innstæður og fái ekki greidda vexti.

Innlend og erlend verðbréf og kröfur í eigu einstaklinga lækkuðu um 14,9 millj-



Innstæður í íslenskum bönkum í árslok árið 2008 voru fyrst áritaðar á skattframtal árið 2009. Innstæður voru þá rúmlega helmingi hærri en árið áður. Síðan þá hafa þær lækkað að raungildi ár frá ári, samtals um tæpa 331,8 milljarða, eða 41,5%. Innstæður í árslok árið 2013 voru aðeins tæpum 72,9 milljörðum eða 18,5% hærri en þær voru í árslok árið 2007, árið áður en þær voru fyrst áritaðar.



Vextir og verðbætur af innstæðum eru talin til tekna þegar þau eru færð eiganda til tekna á reikningi. Vextir af verðtryggðum reikningum sem bundnir eru til þriggja ára teljast til tekna þegar þeir eru greiddir eða greiðslukræfir. Vextir og verðbætur af innstæðum hafa þróast með svipuðum hætti og innstæðurnar, vaxtastig, gengi og verðbólga; jukust mikið þegar innstæður voru áritaðar en hafa síðan lækkað mikið.

verðbréfum, sem var þá 40,6% meira en þeir áttu ári áður. Verðbréfaeign hrundi árið 2008 en í árslok það ár voru verðbréf metin á tæpan 265,1 milljarð. Verðbréfaeign jókst svo aftur fram til ársins 2010, en hefur lækkað ár frá ári síðan þá. Nú áttu 45.075 fjölskyldur verðbréf, eða 15 færri en fyrir ári.

Vextir af verðbréfum eru taldir til tekna þegar þeir eru lausir til ráðstöfunar og gefa því nokkra mynd af viðskiptum með verðbréf, ekki síður en vexti á hverjum tíma. Það þarf því ekki að koma á óvart að vaxtatekjur af verðbréfum hækki á sama tíma og verðbréfaeign minnkar, sem var reyndin á milli árána 2012 og 2013. Landsmenn fengu tæpa 13 milljarða í vexti af verðbréfum árið 2013, sem var 700 milljónum meira en árið áður. Þetta er hækkan um 5,7% á milli ára. Færri töldu fram vaxtatekjur, 44.661 saman borið við 46.014 árið 2012.

Það er ekki síður áhugavert að skoða þróun vaxta af verðbréfum á milli árána 2007 og 2008. Sem fyrr segir hrundi verðbréfaeign einstaklinga á milli árána 2007 og 2008 en vaxtatekjur af verðbréfum voru hins vegar 12,5 milljörðum meiri árið 2008 en árið 2007, eða samtals tæpir 41,5 milljarðar. Þær hafa aldrei verið hærri, hvorki fyrr né síðar.

Á sama tíma og verðbréf í eigu einstaklinga hrundu að verðgildi jukust vextir. Vextir eru taldir fram þegar þeir eru greiddir og vaxtatekjur af gengisbreytingum á söluverði, sem eru eins og gefur að skilja í raun söluhagnaður, eru taldar fram þegar þær eru lausar til ráðstöfunar. Það lítur því út fyrir að mikil viðskipti hafi verið með verðbréf árið 2008. Einhverjir hafa losað sig við bréfin og talið fram vaxtatekjur árið 2008 en þeir sem keyptu hafa svo setið í súpunni þegar bréfin féllu í verði.

Arður

Nafnverð hlutabréfa og stofnfjárbréfa sparisjóða í eigu einstaklinga minnkaði um 2,4 milljarða á milli ára, eða tæp 4,8%. Landsmenn áttu hlutabréf sem metin voru á tæpa 48,5 milljarða í árslok 2013. Eins og gefur að skilja gefur nafnverð hlutabréfa enga mynd af raunverulegu verðmæti eða markaðsvirði þessara eignarhluta, hvort heldur litið er til eiginfjár félaganna, hagnaðar, framtíðarhorfa, ávöxtunarkröfu, ávöxtunar eigna eða umframávöxtunar félaganna. Hlutabréfaeign á skattframtali segir til um það hvernig nafnverð hlutabréfa þróast.

arða, eða 5% á milli ára. Einstaklingar áttu tæpa 283,4 milljarða í innlendum og erlendum verðbréfum, t.d. skuldabréfum, hlutadeildarskírteinum, víxlum og stofnfé í árslok árið 2013. Hér til teljast einnig verðbréfasjóðir, peningamarkaðssjóðir og kröfur á einstaklinga og lögaðila. Verðbréf sem skráð eru í kauphöll eru talin

fram til eignar á gengi bréfanna í árslok og hið sama gildir um erlend verðbréf sem eru talin fram á kaupgengi í íslenskum krónum.

Það er mjög áhugavert að skoða þróun verðbréfaeignar landsmanna frá árslokum 2007 til ársloka 2008. Í lok árs 2007 áttu einstaklingar 553,9 milljarða í

Í árslok 2013 áttu 50.054 fjölskyldur hlutabréf í íslenskum hlutafélögum, sem voru hátt í fjörutíu þúsund árið 2013. Mörg þessara félaga eru sjálfsagt einskis virði, í þeim eru litlar sem engar eignir og reksturinn hefur ýmist aldrei staðið undir væntingum eða verið sjálfhætt af öðrum ástæðum. Önnur félög sem metin eru til jafns við þau fyrr nefndu eru margfalt meira virði en nafnvirði hlutafjár félaganna.


Þrátt fyrir að nafnvirði hlutabréfa hafi dregist saman hækkaði arður einstaklinga um tæpa 1,7 milljarða, eða 10% milli áranna 2012 og 2013. Athyglisvert er að allt frá árslokum 2007 hefur nafnverð hlutabréfa dregist saman frá ári til árs. Nokkuð hefur dregið úr fjölgun skráðra félaga eftir að skattur var hækkaður á hagnað og arð. Félög hafa verið afskráð og lögð niður. Arðgreiðslur hrundu frá árinu 2008 til ársins 2010 en síðan hafa þær aukist frá ári til árs. Árið 2008 töldu einstaklingar fram 66 milljarða í arð en árið 2010 voru arðgreiðslur 13,9 milljarður og síðan þá hafa þessar tekjur hækkað frá ári til árs. Frá árinu 2010 hefur nafnverð hlutabréfa hins vegar lækkað um tæpa tíu milljarða, úr 57,8 milljörðum í 48,5 milljarða. Það er aftur áhugavert að sjá hversu mikið var greitt út úr félögum árin 2008 og 2009; um það leyti sem allt hrundi.

Söluhagnaður

Söluhagnaður jókst mikið á milli áranna 2012 og 2013, en hér er um að ræða söluhagnað af hlutabréfum, fasteignum og lausafé. Hann var nú tæpir 19,2 milljarðar, eða 10,3 milljörðum hærri en fyrir ári. Hagnaður hefur þannig aukist um 115,4% á milli ára en þrátt fyrir rúmlega tvöföldun á milli ára er söluhagnaður nú aðeins brot af því sem hann var fyrir nokkrum árum. Árið 2007 var söluhagnaður rúm 224,9 milljarðar, hrundi svo á árunum 2008 til 2010, en árið 2010 töldu landsmenn fram 8,2 milljarð í söluhagnað. Bróðurpartur söluhagnaðar er vegna sölu á hlutabréfum, eða 17,5 og jókst hann um tæpa 10,5 milljarða. Nú töldu 3.514 fjölskyldur fram söluhagnað af hlutabréfum, 1.777 fleiri en í fyrra. Það lítur því út fyrir að markaður með hlutabréf sé að glæðast.

Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur var tekinn upp árið 1997. Lengst af var hann flatur 10% skattur á allar fjármagnstekjur. Sem kunnugt er jukust fjármagnstekjur gríðarlega hratt á fyrsta áratugi aldarinnar. Fjár-




magnstekjuskattstofn var 53,3 milljarðar árið 1999.

Það var ekki aðeins að fjármagnstekjur ykjust frá ári til árs mælt í krónum og aurum heldur jókst vöxturinn einnig. Á milli áranna 2004 og 2005 hækkaði fjármagnstekjuskattstofn um rúm 54,6%, eða 71,3 milljarða. Aukningin var þá

meiri á milli ára en stofninn hafði verið árið 1999. Stofninn jókst svo um 112,1 milljarð á milli áranna 2006 og 2007, eða 44,6%. Þá var fjármagnstekjuskattstofn um 363,5 milljarðar, þannig að hátt í fjórðungur skattskyldra tekna í landinu voru fjármagnstekjur, en stór hluti þessara tekna var söluhagnaður.

Milljarðar kr.


Hlutabréf



Hlutfé færist til eignar í árslok að nafnverði. Nafnverð hlutafjár í eigu einstaklinga náði hámarki í árslok árið 2007. Árið 2003 var síðasta árið sem menn gátu dregið frá skattstofni fjárfestingu í atvinnurekstri á árinu 2002. Í kjölfarið dróst hlutabréfaeign einstaklinga saman. Hún jókst svo aftur fram til ársloka 2007. Nafnverð hlutabréfa hefur lækkað ár frá ári. Það var 73,8 milljörðum lægra í árslok 2013 en árið 2007. Það hefur lækkað um 60,4% á þessum tíma.

Milljarðar kr.

Arður af innlendum og erlendum hlutabréfum



Arður af hlutabréfum jókst mikið í byrjun aldarinnar og náði hámarki árið 2008. Þrátt fyrir að blikur væru farnar að sjást í íslensku efnahagslífi greiddu félög út tæpa 66 milljarða í arð árið 2008 og 48,2 milljarða árið 2009. Þá höfðu aðstæður í þjóðfélaginu breyst. Arðgreiðslur lækkuðu frá árinu 2008 fram til ársins 2010 um tæpan 52,1 milljarð, eða tæp 79%. Þær voru tæpir 19,2 milljarðar árið 2013 og hafa hækkað um 5,3 milljarða frá árinu 2010, eða 38,2%.

Þó að tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti hafi dregist verulega saman hafa þær þó minnkað minna en stofninn. Fjármagnstekjur voru 33,9% lægri árið 2009 en árið áður. Skattur af fjármagnstekjum dróst saman um 26%. Þá lækkuðu fjármagnstekjur aftur um 60,8% á milli árunna 2009 og 2010 og skatturinn af þessum tekjum minnkaði um 37,1%. Þá lækkuðu fjármagnstekjur aftur um 15,1% á milli árunna 2010 og 2011 en skatturinn dróst saman um 3,7%. Síðustu tvö ár, 2012 og 2013, hefur skatturinn fylgt stofninum nokkuð vel. Ætla má að hækkan skattsins hafi skilað ríkinu um 27 milljörðum í viðbótarskatt af arði, vöxtum, leigu og söluhagnaði.

Þótt fjármagnstekjur séu enn með því minnsta sem sést hefur síðastliðin 15 ár þá lítur út fyrir að nokkur þíða hafi verið í þjóðfélaginu árið 2013 og að þess sé skammt að bíða að fjármálageirinn og eignamarkaðir brjótist úr klakaböndum. Fjármagnstekjuskattur var nú 14,5 milljarðar, eða tæpum 2,3 milljörðum hærri en fyrir ári og tekjur af skattinum jukust um 18,8% á milli ára.

Eignir og skuldir í árslok

Eignir einstaklinga rýmuðu að raungildi um 31,5 milljarða, eða um 0,8%. Landsmenn áttu eignir sem metnar voru á 3.989,3 milljarða í árslok 2013. Jákvætt eigið fé fyrirtækja var um 5.192,9 milljarðar í árslok 2012. Flest þessara fyrirtækja eru með einum eða öðrum hætti í eigu íslenskra einstaklinga, ýmist beint eða í gegnum eignarhaldsfélög, en þar sem um sjálfstæða lögaðila er að ræða þá eru þessar eignir ekki taldar fram á skattframtali einstaklinganna sem eiga þær. Þeir telja aðeins fram nafnverð hlutabréfanna, sem var ekki nema 48,5 milljarðar á framtölum.

Þá eru fasteignir, sem eru langstærsti eignaliðurinn, byggðar á mati Fasteignamat ríkisins sem kann að vera annað en raunverulegt markaðsvirði eignanna. Viðskipti með fáeinar eignir geta leitt til þess að framtaldar eignir landsmanna aukast eða minnka um hundruð milljarða. Eignir jukust mikið á uppgangsárunum fyrir hrun uns þær náðu hámarki í árslok 2007. Síðan lækkuðu þær fram til ársins 2010 en eftir þann tíma hafa þær lítið hækkað.

Alger umskipti urðu árið 2008. Fjármagnstekjuskattstofn lækkaði um 118,2. Um mitt ár 2009 var skattinum breytt og árið 2010 var lagður á 15% skattur. Tekjur einstaklings undir 250 þúsund og tvöföldun á þessum mörkum hjá hjónum, báru þó áfram 10% skatt. Þá voru 30% leigutekna undanþeginn fjármagnstekjuskatti. Árið 2011 var lagður

á 18% skattur en 100 þúsund króna frítekjumark var vegna vaxtatekna, tvöfalt hjá hjónum. Árið 2012 var skatturinn svo hækkaður í 20% en aðrar breytingar voru látnar standa óbreyttar. Skatturinn hafði þannig hækkað um 100% á þremur árum. Fjármagnstekjuskattur hefur verið óbreyttur síðastliðin þrjú ár.

Innlendar fasteignir

Fasteignir eru langstærsti einstaki eignaliðurinn á framtali einstaklinga en hér er um að ræða hús og íbúðir, lóðir, jarðir, jarðarparta og útihús, sem og sumar-bústaði í eigu einstaklinga. Landsmenn áttu fasteignir sem voru metnar á 2.805,2 milljarða í árslok 2013. Þær hækkuðu um 14,8 milljarða á milli ára, eða hálft prósent. Eignaukningin fyrir hrun var að miklu leyti vegna hækkandi fasteignaverðs. Eignir landsmanna jukust um 1.647,4 milljarða frá árslokum 2004 til 2007, þar af voru 1.142,4 milljarðar vegna hækkunar fasteignamats, eða 69,3%. Hlutfall fasteigna af eignum var hins vegar nær óbreytt. Eignir landsmanna rýrnuðu um 1.065 milljarða fram til ársloka 2010, þar af voru 965,4 milljarðar vegna lækkunar á fasteignamati, eða 90,7% lækkunarinnar.

Eignir landsmanna hafa þróast með áhugaverðum hætti síðustu tvo áratugi. Fasteignaverð byrjaði að hækka mikið í upphafi fyrsta áratugar aldarinnar, tók stökk árið 2004 og náði hámarki árið 2007. Þeir sem voru svo heppnir að hafa keypt fasteign fyrir árið 2004 sáu verðmæti fasteignanna aukast ár frá ári, oft meira en sem nam tekjum ársins.


Fasteignir í eigu einstaklinga voru 413,9 milljörðum, eða 17,3%, verðmætari að raungildi í árslok 2013 en árið 2004 eða. Þá var matsverð fasteigna 7,4% hærra árið 2010, þegar það náði botni eftir hrun, en það hafði verið í árslok árið 2004. Heildareignir hafa hækkað um 29,9 milljarða frá árinu 2010, eða 0,8% en fasteignamat hefur hækkað á sama tíma um 236,9 milljarða, eða 9,2%. Aðrar eignir, innstæður og verðbréf, hafa því haldið áfram að rýrna. Í lok árs 2013 voru fasteignir í eigu einstaklinga metnar á 413,9 milljörðum meira en í árslok 2004, á upphafsári fasteignabóllunnar.

Í árslok 2013 áttu landsmenn bifreiðar sem voru metnar á 187,4 milljarða, eða 416 milljónum minna en árið áður. Bifreiðaeign landsmanna hefur fallið í verði linnulaust allt frá árinu 2007 en þá var verðmæti þeirra á skattframtölum 274,7 milljarðar, 46,6% hærra en það var um áramótin síðustu. Verðmæti bifreiða hefur fallið um 31,8% frá árinu 2007, en það hefur þó lítið breyst síðustu þrjú ár.

Þrátt fyrir mikla hækkun fasteignamats fram til ársins 2007 voru um 5,5% eign einstaklinga bundin í bifreiðum það árið. Á þessum tíma var auðvelt að fá lán fyrir bílakaupum og því voru margir sem endurnýjuðu bílinn, fengu sér dýrari tegund eða bættu við bílafloða heimilisins.

Milljarðar kr.


Söluhagnaður



Söluhagnaður var sá tekjuliður sem jókst mest í upphafi fyrsta áratugarins. Um aldamótin var söluhagnaður um 26,6 milljarðar. Árið 2007 var hann rúmir 224,9 milljarðar. Söluhagnaður lækkaði um 216,8 milljarða fram til ársins 2010. Hann jókst um tæpa 10,3 milljarða á milli áruna 2012 og 2013, eða 115,4% á milli ára. Samt hefur hann ekki verið lægri síðan árið 1999.

Milljarðar kr.

Fjármagnstekjuskattur



Fjármagnstekjuskattur var lengst af flatur 10% skattur á allar fjármagnstekjur, vexti, leigutekjur, arð og söluhagnað. Skatturinn fylgdi lengst af mikilli aukningu fjármagnstekna. Hann fór úr þremur milljörðum árið 1997 í 37,5 milljarða árið 2007. Fjármagnstekjuskattur var hækkaður eftir hrun. Skatturinn var 15% árið 2009, 18% árið 2010 og 20% árið 2011. Hann var því hækkaður um helming á þremur árum. Á móti vó að frítekjumark var tekið upp og að 30% leigutekna af íbúðarhúsnæði voru undanskilin skatti. Skattur á leigutekjur af húsnæði er því í reynd 14%.

Síðan þá hefur bílafloinn úrelst og fallið í verði. Árið 2013 voru bifreiðar í eigu einstaklinga 4,7% af eignum, sem er lægsta hlutfall sem sést hefur allt frá árinu 1990.


Fasteignir hækka í verði frá ári til árs þegar fasteignamat hækkar en bifreiðar falla hins vegar í verði á milli ára. Á síðustu árum hefur endurnýjun bílafloans

þó haldist í hendur við verðfall notaðra bifreiða. Margir eru enn skuldum vafðir og hafa lítið svigrúm til að endurnýja fjölskyldubílinn.

Undir liðnum „Aðrar eignir“ á skattframtali eru talin fram á kaup- eða kostnaðarverði ýmis konar ökutæki, hjólhýsi og tjaldvagnar, bátar, vélsleðar,

Milljarðar kr.


Eignir og skuldir



Í upphafi fyrsta áratugar aldarinnar jukust eignir einstaklinga mikið. Skuldir jukust hraðar en eignir en þar sem eignir voru mun meiri en skuldir jókst eigið fé engu að síður. Um aldamótin áttu einstaklingar eignir sem metnar voru á 2.565 milljarða. Árið 2004 voru eignir tæpir 3.377 milljarðar. Þær voru orðnar 5.024,4 milljarðar árið 2007. Á þessum tíma fóru skuldir úr 988,2 milljörðum í 2.003,9 milljarða. Eignir höfðu aukist um 2.459,4 milljarða eða 95,9%. Skuldir höfðu aukist um 1.015,7 milljarða eða 102,8%. Eigið fé hafði aukist um 1.443,7 milljarða, eða 91,6%. Síðan þá hafa eignir og skuldir lækkað, eignir um 1.035,1 milljarð og skuldir um 216,4 milljarða. Eigið fé hefur lækkað um tæpa 818,7 milljarða.

Milljarðar kr.

Hrein eign í íbúðarhúsnæði



Bróðurpartur eigna og skulda einstaklinga er bundinn í íbúðarhúsnæði. Frá árinu 2002 til ársins 2007 jókst eigið fé í íbúðarhúsnæði um 1.009,7 milljarða, eða 92,8% það var þá 2.284,3 milljarðar. Það lækkaði aftur um 45,2% fram til ársins 2010 og var þá 1.252,8 milljarðar. Þrátt fyrir hrun hreinnar eignar í húsnæði áttu landsmenn þó tæpum 68,2 milljörðum meira íbúðarhúsnæði en árið 2002. Síðan þá hefur hrein eign í íbúðarhúsnæði aukist um 378,4 milljarða og er nú 130,6 milljörðum meiri en í árslok árið 2004.

Það er ekki gott að segja til um það af hverju þessar eignir hafa minnkað á milli ára en vera kann að lausafé hafi verið selt til að standa undir útgjöldum. Aðrar eignir jukust meira en fasteignir á fyrsta áratugi þessarar aldar, þrefölduðust rúmlega á árabílinu 2001 til 2008, fóru úr 10,2 milljörðum í 35,8 milljarða í árslok 2008. Síðan þá hafa þær rýrnað nokkuð frá ári til árs. Það er þó athyglisvert að þær hafa ekki þróast á sama hátt og bifreiðaeign og fasteignir sem náðu hámarki árið 2007, lækkuðu mikið fram til ársins 2010, en hafa síðan aukist eða staðið að mestu í stað, eða hækkað. Þær eru færðar á kaupverði, sem kann að skýra af hverju „Aðrar eignir“ héldu áfram að aukast fram til ársloka 2008. Þær hafa síðan lækkað frá ári til árs en þó aldrei jafnmikið og nú á milli árunna 2012 og 2013.

Skuldir og vaxtagjöld vegna íbúðarhúsnæðis

Skuldir og vaxtagjöld eru vafalaust með því áhugaverðasta í framtalinu. Lengst af fylgdu skuldir eignum en þegar eignir jukust tók fólk meira að láni og þegar verð á eignum hækkaði þurfti fólk að taka meira að láni til að kaupa eignir. Stór hluti þeirra eigna sem landsmenn keyptu eða seldu dýrum dómum var greiddur með lánsfé. Skuldir jukust þó heldur hraðar en eignir, en þar sem eignir voru mun meiri en skuldir kom það ekki að sök. Þó að eignir ykjast hægar en skuldir að tiltölu jukust þær mun meira í krónum talið. Skuldir héldust nokkurn veginn í hendur við eignir, voru u.þ.b. 40% af eignum.

Eftir að fjármálakerfi landsins riðaði til falls tapaðist mikið af eignum en skuldirnar voru hins vegar ýmist verðtryggðar eða gengistryggðar og héldu því verðgildi sínu og héldu áfram að hækka fram til ársins 2009. Eigið fé ást upp þegar eignir rýrnuðu í verði á sama tíma og skuldir hækkuðu.

Árið 2007 áttu landsmenn 3.020,5 milljarða í skuldlausar eign. Árið 2010 voru eignir umfram skuldir 1.814 milljarðar. Eigið fé hafði þá rýrnað um nær 40% frá því sem mest var. Þá voru 54,2% eigna landsmanna í skuld. Frá árinu 2009 hafa skuldir lækkað frá ári til árs en eignir hafa hins vegar aukist lítillega.

Einstaklingar áttu eignir sem metnar voru á 3.989,3 milljarða á framtali í árslok árið 2013. Það er 31,5 milljörðum minna en árið áður. Eignir hafa ekki haldið í við verðbólgu svo raunvirði þeirra rýrnaði. Skuldirnar lækkuðu þó meira en eignirnar, eða um tæpa 71,8 milljarða. Skuldlausar


vélhjól, flugvélar o.fl. Þá eru peningar og gjaldeyris, lausamunir, málverk, frímerkja-söfn og aðrir verðmætir gripir einnig talin þar skilmerkilega fram. Þá má heldur ekki gleyma að telja fram búpening, sem gera þarf grein fyrir á landbúnaðarskýrslu.

Samkvæmt skattskýrslu áttu landsmenn 25,2 milljarða í ýmsum eignum í árslok árið 2013. Þetta er rúmum 5,6 milljörðum minna en ári fyrr og hefur þessi eignaliður því lækkað um rúm 18,5% á milli ára.

eignir skv. skattframtölum jukust því um 40,3 milljarða. Skuldir lækkuðu um 3,9% á meðan eignir lækkuðu um 0,8%. Þá má ætla að afskriftir af lánum til félaga hafi bætt hag margra hlutafélaga og þar með einstaklinganna sem töldu fram hluta-bréfin á skattframtalinu.

Í gegnum tíðina hefur bróðurpartur skulda einstaklinga verið vegna kaupa á íbúðarhúsnæði. Þetta á ekki að koma neinum á óvart því bróðurpartur eigna einstaklinga er bundinn í íbúðarhúsnæði. Íbúðarhúsnæði í eigu einstaklinga var metið á 2.805,2 milljarða í árslok árið 2013, sem var um 14,9 milljörðum meira en árið áður. Fasteignir voru um 70,3% af framtöldum eignum einstaklinga í árslok árið 2013 en á móti eignum stóðu skuldir upp á tæpan 1.174,1 milljarð. Landsmenn áttu því um 1.631,2 milljarða í skuldlausu í íbúðarhúsnæði í árslok árið 2013 sem var 48,3 milljörðum meira en árið áður, en 653,2 milljörðum minna en í árslok 2007. Hrein eign í íbúðarhúsnæði hefur engu að síður aukist um tæpa 378,4 milljarða frá árinu 2010, en hafði á þeim tímamarki lækkað um rúma 1.031,4 milljarða frá árinu 2007. Hrein eign í íbúðarhúsnæði hafði þannig hrunið um 45,2% á þremur árum þegar skuldir fylgdu verðlagi eða hækkuðu á sama tíma og fasteignir féllu í verði. Þrátt fyrir þessar sviptingar á fasteigna- og lánamarkaði áttu landsmenn meira í íbúðarhúsnæði árið 2010 en í árslok árið 2002. Það má reyndar ætla að þeir sem keyptu fasteign fyrir aldamótin hafi hagnast vel á kaupunum. Fasteignaverð fór að hækka upp úr 1998 og hækkaði mikið fram til ársins 2003 en tók svo stökk á milli árunna 2004 og 2007. Þegar hrein eign landsmanna í fasteignum jókst um 783,7 milljarða.

Á þensluárunum fyrir hrun var auðvelt að fá lán til að kaupa ýmsar eignir aðrar en fasteignir. Lán voru tekin fyrir bifreiðum og ýmis konar ökutækjum og ekki síst fyrir fjárfestingum. Einstaklingar sem höfðu greiðan aðgang að lánsfé gátu tekið há lán fyrir kaupum á verðbréfum. Um miðjan fyrsta áratuginn lækkuðu fasteignaskuldir að tiltölu og aðrar skuldir jukust á móti. Aðrar skuldir voru um þriðjungur skulda einstaklinga á tíunda áratugnum og framan af fyrsta áratugi þessarar aldar. Í árslok árið 2007 voru þær um 37,7%. Í árslok árið 2009 voru aðrar skuldir um 39,2% af skuldum einstaklinga. Þær hækkuðu því meira en skuldir vegna íbúðarkaupa, eða um 113,5 milljarða, á sama tíma og skuldir vegna íbúðarkaupa jukust um 97,6



milljarða. Síðan þá hafa skuldir vegna íbúðarkaupa lækkað um 172,9 milljarða en aðrar skuldir hafa lækkað um tæpa 254,6 milljarða. Aðrar skuldir lækkuðu

”

Þrátt fyrir að fasteignaverð og skuldir vegna íbúðarkaupa hafi hækkað mikið á fyrsta áratugi aldarinnar jukust aðrar skuldir mun meira

um 140,5 milljarða frá árslokum 2010 til ársloka 2011. Þá lækkuðu fasteignaskuldir um 95,6 milljarða. Það er út af fyrir sig áhugavert að frá árinu 2009 hafa skuldir einstaklinga lækkað að raungildi um 427,5 milljarða, eða 19,3%, en þar af hafa aðrar skuldir lækkað um 254,6 milljarða.

Um 59,6% skuldalækkunarinnar er vegna 39,2% skuldanna. Aðrar skuldir hafa lækkað um 29,3% á meðan skuldir vegna íbúðarkaupa hafa lækkað um 12,8%.


Fáir eru tilbúnir til að lána peninga án þess að fá eitthvað fyrir sinn snúð. Íslendingar greiddu tæpa 61,2 milljarða í vexti af fasteignaveðlunum árið 2013, sem var tæpum fjórum milljörðum meira en árið áður. Vextir af fasteignalánum jukust um 7%, talsvert hraðar en skuldirnar sem jukust ekki nema um 2,8% á milli ára. Skuldirnar jukust um 33,4 milljarða og vextir um tæpa fjóra milljarða.

Það er athyglisvert að sjá hvernig vaxtagjöld þróuðust í takt við vexti af skuldum vegna íbúðarlána fram til ársins 2004 er lánastofnanir fóru að bjóða fasteignalán með lágum vöxtum. Vextir af fasteignalánum lækkuðu eða stóðu í stað á sama tíma og lánin hækkuðu mikið. Frá árinu 2004 til 2009 hækkuðu fasteignalán einstaklinga um 456,3 milljarða, eða 51,2%. Á þessum tíma jukust vextir af íbúðarlánum um 8,4 milljarða, eða 14,2%. Skuldir vegna íbúðarkaupa lækkuðu svo aftur um 172,9 milljarða frá árslokum 2009 til 2013, eða um 12,8% en vextir af fasteignalánum lækkuðu hins vegar um tæpa 6,4 milljarða, eða 9,5%.

Þrátt fyrir að fasteignaverð og skuldir vegna íbúðarkaupa hafi hækkað mikið

Milljarðar kr.

Eignarskattar



Hætt var að leggja skatt á eignir árið 2006. Árið 2010 var lagður auðlegðarskattur á eignir efnafólks. Skatturinn hefur hækkað mikið á undanfönum árum. Viðbótarauðlegðarskattur sem er lagður á eigið fé fyrirtækja í árslok tveimur árum áður hefur hækkað sérstaklega mikið. Tæpir 4,5 milljarðar voru lagðir á í auðlegðarskatt árið 2010. Hann hefur hækkað um 6,4 milljarða síðan þá en þar af hefur viðbótarauðlegðarskattur hækkað um 2,7 milljarða. Viðbótarauðlegðarskattur var fyrst lagður á árið 2011. Auðlegðarskattur og viðbótarauðlegðarskattur verður ekki lagður á á næsta ári. Viðbótin verður því lögð á einu ári skemur en almenni skatturinn.

Auðlegðarskattur

Eignarskattur var lagður á síðast árið 2005 en skatturinn var endurvakin árið 2010 undir nýju nafni og þá sem auðlegðarskattur. Um tímabundið úrræði var að ræða. Hann var ekki framlengdur og verður því ekki lagður á á næsta ári. Skatturinn er lagður á í tveimur áföngum; auðlegðarskattur er lagður á skv. skattframtali einstaklinga á hverju ári en viðbótarauðlegðarskattur er lagður á eigið fé fyrirtækja í eigu einstaklinga eftir að þau hafa skilað skattframtali og upplýsingum um eigið fé í lok árs.

Tekjur af auðlegðarskatti hafa aukist talsvert frá því að skatturinn var tekinn upp. Skattstofninn hefur vaxið og eignamörk sigið. Skatturinn hefur hækkað og fleiri greiða hann. Upprunalega var lagður 1,25% skattur á eignir einhleypings sem átti meira en 90 milljónir í hreina eign og hjóna sem áttu meira en 120 milljónir. Þá gaf skatturinn tæpa 4,5 milljarða og var lagður á 3.817 einstaklinga. Árið 2011 var skatturinn hækkaður í 1,5% og eignamörkin lækkuð niður í 75 milljónir hjá einhleypingum og 100 milljónir hjá hjónum. Auðlegðarskattur skilaði þá tæpum 5,5 milljörðum og viðbótarauðlegðarskattur rúmum tveimur milljörðum. Skatturinn var þá lagður á 4.772 einstaklinga. Í álagningu 2012 var kynnt til sögunnar annað skattþrep þannig að einstaklingar greiddu 0,5% skatt aukalega af eignum umfram 150 milljónir og hjón af eignum umfram 200 milljónir. Skatturinn var þá tæpur 6,1 milljarður og lagður á 5.212 einstaklinga. Þó að skatturinn hafi verið óbreyttur frá álagningu 2012 hafa eignamörk sigið að raungildi um tæpa átta prósent. Nú voru lagðir 10,9 milljarðar á eignir 6.534 einstaklinga í auðlegðar- og viðbótarauðlegðarskatt. Auðlegðarskattur og viðbótarauðlegðarskattur voru rúmum 1,4 milljörðum hærri en fyrir ári. Þá var lagður auðlegðarskattur á 5.980 einstaklinga. Auðlegðarskattur verður ekki lagður á árið 2015 og á það jafnt við um almennan auðlegðarskatt og viðbótarauðlegðarskatt. Það er athyglisvert að þeir sem töldu fram skuldlausar eignir í árslok 2013, t.d. fasteignir, bifreiðar, innstæður og skuldabréf sem voru umfram mörk auðlegðarskatts, þurfa að greiða auðlegðarskatt af eignum í árslok 2013. Eignafólk sem á jafn miklar eignir í fyrirtækjum eða hlutabréfum sleppur hins vegar við að greiða skatt af eigin fé fyrirtækja sinna eins og það stóð í árslok 2013, þrátt fyrir að um jafn miklar eignir sé að ræða. ■

á fyrsta áratugi aldarinnar jukust aðrar skuldir mun meira. Óhætt er að fullyrða að margir tóku fasteignalán til að standa undir neyslu eða til að fjárfesta, enda hækkaði svo að segja allt á þessum tíma. Aðrar skuldir jukust um 318,7 milljarða á árunum 2004 til 2007 og á sama tíma jukust skuldir vegna fasteigna um tæpa 358,7 milljarða. Fasteignaskuldir jukust um 40,3% á þessum árum en aðrar skuldir jukust um rúm 73,1%. Skuldir héldu svo áfram að hækka fram til ársins 2009. Þá voru aðrar skuldir orðnar 868 milljarðar og höfðu þá nálega tvöfaldast frá árinu 2004. Frá árinu 2007 til ársloka 2009 hækkuðu aðrar skuldir um 113,5 milljarða á sama tíma og skuldir vegna íbúðarkaupa hækkuðu um tæpa 97,6 milljarða. Ástæðan fyrir þessari miklu hækkun annarra skulda er vafalaust sú að lánin sem stóðu að baki skuldunum voru oft gengistryggð, þ.e. bundin við þróun erlendra gjaldmiðla, ólíkt fasteignalánum sem voru iðulega vísitölutryggð jafngreiðslulán.

Á milli árana 2007 og 2009 jukust vextir af fasteignalánum um 5,4 milljarða, eða 8,7% en vaxtagreiðslur af öðrum lánum jukust hins vegar á sama tíma um 25,5 milljarða, eða 72,5%. Frá árinu 2009

hafa fasteignalán hins vegar lækkað um 172,9 milljarða og önnur lán um 254,6 milljarða. Vaxtagreiðslur af fasteigna-

”

Auðlegðarskattur verður ekki lagður á árið 2015 og á það jafnt við um almennan auðlegðarskatt og viðbótarauðlegðarskatt

lánum hafa lækkað um tæpa 6,4 milljarða en vaxtagreiðslur af öðrum lánum hafa lækkað um rúman 31 milljarð. Skuldir vegna íbúðarkaupa hafa þannig lækkað mun minna en aðrar skuldir.

Úrskurðir yfirkattaneftndar

28/2014

Vaxtabætur – Endurbótalan

Kærðir voru tveir úrskurðir ríkisskattstjóra sem kveðnir voru upp í tilefni af erindi kæranda til ríkisskattstjóra þar sem farið var fram á leiðréttingu á skattframtölum gjaldárin 2006-2012. Ríkisskattstjóri tók erindið til afgreiðslu annars vegar sem kæru vegna álagningar opinberra gjalda gjaldárið 2012 og hins vegar sem beiðni um breytingu á áður álögðum gjöldum gjaldárin 2006-2011.

Beiðni um breytingu á áður álögðum gjöldum gjaldárin 2006-2011 var synjað af hálfu ríkisskattstjóra. Í úrskurði yfirkattaneftndar er kæru vegna þeirrar synjunar vísað frá enda eru synjanir ekki kæranglegar til yfirkattaneftndar eins og ráða má af niðurlagsákvæði 2. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003.

Hvað kærúrskurð ríkisskattstjóra varðaði þá snérist ágreiningurinn um það hvort vaxtagjöld af láni teknu hjá A banka á árinu 2005 mynduðu rétt til vaxtabóta í hendi kæranda á gjaldárinu 2012 með hærri hlutfalli en kærundur miðuðu við í skattskilum sínum, en kærundur höfðu tilfært 55% vaxtagjalda af láninu og eftirstöðvar þess í kafla 5.2 á skattframtalinu. Ríkisskattstjóri hafði í kærúrskurði sínum synjað beiðni kæranda.

Kærundur upplýstu að andvirði umrædds láns hafi í fyrsta lagi runnið til uppgreiðslu áhvílandi lána vegna íbúðarhúsnæðis þeirra, í öðru lagi til uppgreiðslu á húsnæðisláni dóttur þeirra og í þriðja lagi til verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði kæranda.

Í úrskurði yfirkattaneftndar kemur fram að samkvæmt tekjuskattslögum myndi vaxtagjöld af lánum vegna verulegra endurbóta eingöngu rétt til vaxtabóta hafi lánið verið tekið hjá íbúðalánasjóði. Lán kæranda sem tekið var hjá A banka uppfylli þannig ekki skilyrði lagaákvæðisins um lánveitanda og var kröfu kæranda því hafnað.

Vaxtagjöld vegna endurbótalaða mynda ekki rétt til vaxtabóta nema endurbótalánið sé tekið hjá íbúðalánasjóði.

32/2014

Bifreiðagjald

Kærundur óskuðu eftir undanþágu frá greiðslu bifreiðagjalds þar sem þeir nyttu umönnunargreiðslu með barni sínu. Ríkisskattstjóri synjaði beiðninni þar sem kærundur voru eigendur að tveimur bifreiðum og þegar hafði verið fellt niður bifreiðagjald af annarri bifreiðinni. Í synjuninni var vísað til þess að samkvæmt lögum skyldi fella niður bifreiðagjald af þeirri bifreið sem væri þyngst væri sá sem ætti rétt á niðurfellingu eigandi að fleiri en einni bifreið.

Í kærúrskurði yfirkattaneftndar kemur fram af hálfu kæranda að líklegt væri að ákvæði laga um bifreiðagjald sem mæli fyrir um undanþágu vegna þeirrar bifreiðar sem vegi þyngst eigi sér þá skýringu að þyngri bifreiðar beri alla jafna hæsta bifreiðagjaldið. Í tilviki kæranda var aftur á móti þyngri bifreiðin metanbifreið og bar því mjög lágt bifreiðagjald. Kærundur vísuðu til þess að markmið undanþágunnar væri að koma til móts við fjölskyldur barna sem þurfi mikla umönnun og það hljóti því að leiða til þess að fella eigi niður bifreiðagjald af þeirri bifreið sem beri hærri gjald.

Í úrskurði yfirkattaneftndar kemur fram að kærundur séu hjón í samvistum og að ganga verði út frá því að umönnunargreiðslur vegna barns þeirra hafi verið inntar af hendi til þeirra beggja sem framferenda barnsins. Af þeim sökum hafi verið rétt að líta til sameiginlegrar bifreiðaeignar kæranda við ákvörðun um undanþágu frá bifreiðagjaldi. Þá taldi yfirkattaneftnd ekki unnt að líta framhjá beinu orðalagi undanþáguákvæðisins hvað svo sem mætti álykta um tilgang undanþágunnar.

Orðalag um niðurfellingu á bifreiðagjaldi er ótvírætt – fella skal niður bifreiðagjald af þyngri bifreiðinni eigi réttthafi fleiri en eina bifreið.

54/2014

Skattlagning söluhagnaðar

Málavextir eru þeir að með úrskurði sínum hafnaði ríkisskattstjóri færslu söluhagnaðar

aðar hlutabréfa sem myndast hafði á árinu 2004 til lækkunar á kaupverði keyptra hlutabréfa á árinu 2006. Söluhagnaðurinn nam rúmlega einum milljarði og hafði skattlagningu hans verið frestað í samræmi við heimild í tekjuskattslögum. Þessi synjun ríkisskattstjóra leiddi til þess að stofn til tekjuskatts hækkaði gjaldárin 2007 og 2009 en á gjaldárinu 2008 leiddi synjunin til breytinga á yfirfæranlegu tapi. Synjun ríkisskattstjóra var á því byggð að framlagðar kvittanir fyrir tilteknum viðskiptum væru ekki staðfesting á því að hlutabréf hefðu í raun verið andlag viðskipta. Eignarhald kæranda á hlutabréfunum hefði ekki verið skráð í hlutaskrá og það benti til þess að um afleiðuviðskipti væri að ræða en ekki hlutabréfaviðskipti.

Í kærúrskurði yfirkattaneftndar var þess krafist að úrskurður ríkisskattstjóra yrði felldur úr gildi. Kærandi vísaði til þess að félagaformi kæranda hefði verið breytt úr sameignarfélagi í einkahlutafélag á árinu 2009. Úrskurði ríkisskattstjóra hefði verið beint að sameignarfélaginu sem búið væri að afmá úr firmaskrá þegar endurákvörðun ríkisskattstjóra fór fram. Ennfremur vísaði kærandi til þess að hann hafi uppfyllt skilyrði tekjuskattslaga og fjárfest í nýjum hlutabréfum í stað þeirra sem seld voru á árinu 2006. Í málinu hefðu verið lögð fram skjöl frá banka í Lúxemborg sem sýndu að keypt hefðu verið hlutabréf í A-banka og að umrædd hlutabréf hafi verið vistuð á safnreikningi lúxemborgíska bankans hjá A-banka. Samkvæmt reglum um safnskráningar hafi A-banki sjálfur því verið skráður í hlutaskrá bankans sem vörsluðili hlutabréfanna.

Í úrskurði yfirkattaneftndar kemur fram að endurákvörðun ríkisskattstjóra hafi lotið að skattskilum sameignarfélagsins gjaldárin 2007-2009 og með vísan til dómafordæma Hæstaréttar (H 1995:2502, H 1997:3182, H 1192:1314) væri ekki unnt að fallast á að um aðildarskort væri að ræða. Yfirkattaneftnd tók þó undir með kæranda og taldi að réttara hefði verið ef ríkisskattstjóri hefði beint úrskurði sínum að einkahlutafélaginu vegna sameignarfélagsins enda hefði einkahlutafélagið tekið við öllum réttindum og skyldum

sameignarfélagsins. Yfirsattaneftnd taldi jafnframt að þar sem kærandi hefði mótttekið öll bréf ríkisskattstjóra og tekið til varnar á öllum stigum málsins yrði ekki séð að þetta hefði valdið kæranda réttarspjöllum.

Yfirsattaneftnd vísaði til þess að heimildin til að fresta skattlagningu söluhagnaðar á hlutabréfum væri undanþáguregla og að það heyrði undir kæranda að sýna fram á að um raunveruleg hlutabréfakaup hefði verið að ræða. Þá taldi yfirsattaneftnd að kærandi hefði ekki með öyggjandi hætti getað sýnt fram á að um raunveruleg hlutabréfaviðskipti hefði verið að ræða, enda hefði málaltilbúnaður hans verið nokkuð á reiki. Yfirsattaneftnd tiltók einnig að arftaka viðskiptabanka kæranda ætti að vera unnt að staðfesta með öyggjandi hætti hvernig eignarhaldi á umþrættum bréfum hefði verið háttað og að það heyrði undir kæranda að afla slíkra staðfestingar.

Skattaðili sjálfur verður að sýna fram á að skilyrði fyrir frestun skattlagningar á söluhagnaði hlutabréfa séu uppfyllt.

57/2014

Tvísköttunarsamningur – Námsstyrkur

Ágreiningur í málinu laut að skattalegri meðferð námsstyrks sem kærandi fékk greiddan frá Danmörku (SU-styrkur). Við álagningu opinberra gjalda byggði ríkisskattstjóri á því að um væri að ræða tekjur vegna launaðs starfs samkvæmt 15. gr. tvísköttunarsamnings milli Norðurlandanna og hagaði útreikningi álagningar með vísan til undanþáguaðferðarinnar sem mælt er fyrir um í a-lið 4. mgr. 25. gr. samningsins (hlutföllun).

Í úrskurði yfirsattaneftndar kemur fram að kærandi hafi borið fulla og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi á því ári sem um ræðir og var henni því skylt að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sama hvaðan þeirra er aflað, þ.m.t. umræddum styrk.

Þá kemur einnig fram að ágreiningur í málinu hafi falist í því hvort að heimilt hafi verið að taka tillit til styrksins við álagningu opinberra gjalda en engan veginn fékk staðist að fara með umræddan styrk sem endurgjald fyrir launað starf eins og ríkisskattstjóri gerði. Yfirsattaneftnd vísaði til þess að námsmenn sem koma hingað til lands verði skattskyldir hér á landi á meðan á námi stendur og að um þá gildi almennt ákvæði 20. gr.

umrædds tvísköttunarsamnings þannig að tekjur sem eru upprunnar utan Íslands og ætlaðar eru námsmanni til að standa undir framfærslu og námskostnaði koma ekki til skattlagningar. Af því leiði þó ekki að óheimilt sé að taka tillit til teknanna við álagningu opinberra gjalda hér á landi vegna annarra tekna sbr. meginreglu í áður nefndu ákvæði 25. gr.

Skattaleg meðferð teknanna var því í fullu samræmi við íslenska löggjöf og ákvæði tvísköttunarsamningsins.

Heimilt er að taka tillit til námsstyrks frá Danmörku við útreikning skatts á aðrar tekjur.

68/2014

Vaxtabætur – Tímabundin útleiga

Málavextir eru þeir að kærundur leigðu út íbúð sína og námu leigutekjur kr. 540.000. Á sama tíma leigðu kærundur íbúð til búsetu. Í skattframtali sínu fóru kærundur fram á að veittur yrði frádráttur frá leigutekjum vegna greiddrar leigu en við álagningu opinberra gjalda synjaði ríkisskattstjóri kærendum um slíkan frádrátt.

Í úrskurði ríkisskattstjóra kom fram að skilyrði fyrir frádrætti húsaleigugjalda á móti leigutekjum af íbúðarhúsnæði að útleiga eigin íbúðarhúsnæðis væri tímabundin. Kærundur hefðu upplýst að þau hefðu leigt út íbúð sína þar sem hún væri orðin of lítil fyrir fjölskylduna og að sú íbúð hefði svo síðar verið seld. Þá væri leigusamningur sá sem kærundur gerðu þar sem þau tóku á leigu íbúð verið ótímabundinn. Að þessum atvikum virtum væri ekki hægt að fallast á að íbúð kæranda hefði verið í tímabundinni útleigu enda yrði ráðið af skýringum kæranda að ekki hefði verið ætlunin að flytja aftur í íbúðina.

Yfirsattaneftnd vísaði til þess að telja yrði vafalaust að íbúðarhúsnæði geti ekki talist til eigin nota ef eigandi þess ráðgerir ekki að taka það til eigin nota að nýju í framhaldi af útleigu þess. Að virtum framkomnum skýringum kæranda og orðalagi 3. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga og lögskýringargögnum yrði að hafna kröfum kæranda.

Leiga á móti leigu er ekki heimil ef skattaðili hefur ekki í hyggju að nýta húsnæðið aftur til eigin nota.

70/2014

Virðisaukaskattur – Innskattur – Lokað virðisaukaskattsnúmer

Málavextir eru þeir að ríkisskattstjóri hækkaði virðisaukaskatt kæranda á árinu 2011 vegna lækkunar innskatts öll uppgjörstímabil þess árs. Ríkisskattstjóri byggði lækkun innskatts á því að skilyrði innskattsfrádráttar á grundvelli sölureikninga frá B sem kærandi hafði átt í viðskiptum við væru ekki uppfyllt þar sem B hefði verið með lokað virðisaukaskattsnúmer á árinu 2011, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laga um virðisaukaskatt.

Í kæru til yfirsattaneftndar byggði kærandi á því að niðurstaða ríkisskattstjóra ætti sér ekki stöð í orðalagi áður nefnds ákvæðis virðisaukaskattslaga og að ákvarðanir um skattskyldu þurfi að hafa skýra lagastoð. Í öðru lagi byggði kærandi á því að hann hefði í einu og öllu farið eftir gildandi lögum og reglum við uppgjör virðisaukaskatts. Í þriðja lagi sé kærandi nú krafinn um skatt sem hann hafi þegar greitt og það sé í andstöðu við 65. gr. stjórnarskrárinnar. Í fjórða lagi var á því byggt að kæranda sé gert að greiða skatt sem öðrum skattgreiðanda beri að greiða og það sé í andstöðu við 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í fimmta lagi hafi málsmeðferð ríkisskattstjóra ekki verið í samræmi við stjórnsýslulög, sbr. rannsóknarregluna, jafnræðisregluna, meðalhófsregluna o.fl.

Um formhlið málsins kemur fram í úrskurði yfirsattaneftndar að fallast mætti á það með kæranda að svarfrestur vegna fyrirsparnarbréfa ríkisskattstjóra hafi verið framlengdur en það hefði aftur á móti enga þýðingu fyrir úrslit málsins þó að ríkisskattstjóri hafi verið annarrar skoðunar enda tók embættið fram komnar skýringar við fyrirsparnarbréfunum til umfjöllunar í boðunarbréfi sínu. Yfirsattaneftnd vísaði einnig til þess að í bæði boðunarbréfi og úrskurði ríkisskattstjóra hefði verið vísað til viðeigandi lagaákvæða og taldi nefndin enga þá annmarka á málsmeðferð ríkisskattstjóra sem leiða ættu til ógildingar á úrskurði hans.

Yfirsattaneftnd reifaði ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laga um virðisaukaskatt og forsögu þess þar sem fram kemur það skilyrði fyrir innskattsfrádrætti „að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað“. Yfirsattaneftnd vísaði til þess að samkvæmt lögskýringagögnum færi ekki á milli mála að með virðisaukaskattsskrá væri átt við skrá um virðisaukaskattsskylda aðila (grunnskrá virðisaukaskatts) sem ríkisskattstjóri heldur.

Fram kom hjá yfyrskattaneftnd að skráning ríkisskattstjóra á skattskyldum aðila í grunnskrá virðisaukaskatts og úthlutun virðisaukaskattsnúmers væri samofið ferli sem ekki yrði skilið á milli. Sama gildi þegar aðili er felldur af skránni – það leiði af sjálfu sér að skráningarnúmer aðila fellur úr gildi við afskráningu. Þá væri ekkert því til fyrirstöðu að sá sem felldur væri af skrá og fengi sama skráningarnúmer aftur væri hann skráður á skrána að nýju.

Yfyrskattaneftnd vísaði til þess að tilvísun ríkisskattstjóra til þess að inn-skattur hefði verið felldur niður vegna þess að B hefði verið „með lokað virðisaukaskattsnúmer“ frá árinu 1997 bæri að skilja sem svo að umræddur aðili hefði verið felldur af grunnskrá virðisaukaskatts og því ekki skráður samkvæmt lögunum á þeim tíma þegar hann seldi kæranda þjónustu. Þá kom fram hjá yfyrskattaneftnd að við þessar aðstæður hafi frádráttur inn-skatts vegna þessara viðskipta ekki verið heimill.

Ennfremur kom fram hjá nefndinni að ekki væri um það að ræða að kærandi greiddi sama virðisaukaskatt tvisvar sinnum heldur fengi hann ekki endurgreiddan sem innskatt þann virðisaukaskatt sem hann hefði greitt B. Nefndin féllst á að ríkisskattstjóra hefði borið að hafa frumkvæði að því að leiðrétta virðisaukaskattsskil B enda ljóst að engin torkerki voru á því að koma við leiðréttingu gagnvart kæranda í máli þessu. Það breyti þó ekki niðurstöðunni um innskattsfrádrátt kæranda.

Ekki má færa sem innskatt virðisaukaskatt sem greiddur hefur verið aðila með lokað virðisaukaskattsnúmer.

72/2014

Dagpeningar

Málavextir eru þeir að ríkisskattstjóri tók til afgreiðslu erindi kæranda þar sem óskað var eftir leiðréttingum á skattframtölum 2010 og 2011. Í erindinu óskaði kærandi eftir því að tekjufærðir yrðu dagpeningar að fjárhæð kr. 3.234.000 á árinu 2009 og kr. 2.293.200 á árinu 2010 og að sömu fjárhæðir yrðu færðar til frádráttar. Í úrskurði ríkisskattstjóra var fallist á að tekjufæra dagpeninga en synjað var um frádrátt vegna þeirra. Forsendur ríkisskattstjóra fyrir synjun frádráttar voru þær að ekki væri um tilfallandi ferðir utan venjulegs vinnustaðar í skilningi skattmatsreglna að ræða. Dagpeningar hefðu verið greiddir vegna vinnu kæranda á vegum A ehf. í

Noregi en á þeim árum hefði félagið haft verkefni þar í landi og ekki yrði annað séð en að vinnustaður kæranda hefði verið í Noregi enda starfsemi félagsins fyrst og fremst farið fram þar.

Í úrskurði yfyrskattaneftndar kemur fram að frádráttur dagpeninga komi að meginstefnu ekki til álita nema á móti greiðslum sem vinnuveitandi hefur greitt launamanni vegna „tilfallandi ferða á vegum launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar“.

Þá kemur fram í úrskurðinum að kærandi hafi starfað á árunum 2009 og 2010 fyrir A ehf. og að kærandi sé aðalhluthafi þess félags. Samtals var um að ræða 110 ferðadaga á árinu 2009 og 78 ferðadaga á árinu 2010. Kærandi starfaði því að meginstefnu til óslitið í Noregi á því tímabili sem um ræðir og að svo virtist að um samfellda dvöl hefði verið að ræða frá því að störf hófust á miðju ári 2009 og fram á vor 2010. Að þessu virtu tók yfyrskattaneftnd undir það með ríkisskattstjóra að vinnustaður kæranda hefði verið í Noregi á þessum tíma. Yfyrskattaneftnd féllst á að kærandi ætti rétt á frádrætti vegna styttri ferða sem hann hefði farið í til Noregs í ágúst og desember 2010.

Yfyrskattaneftnd vísaði ennfremur til þess að ríkisskattstjóri hefði ekkert vikið að mögulegum rétti kæranda til frádráttar sérgreindum greiðslum sem hann kynni að hafa fengið vegna uppihalds, en sú fjárhæð gæti hæst orðið 30 SDR á dag í allt að þrjú ár, en nefndin taldi augljóst að kærandi ætti rétt á umræddum frádrætti. Að þessu virtu var kæranda ákvarðaður frádráttur í samræmi við þetta.

Ekki er um tilfallandi ferðir á vegum vinnuveitanda að ræða þegar um samfellda langa dvöl er að ræða.

130/2014

Vaxtabætur

Málavextir eru þeir að kærandi tilgreindi þrjú lán frá Íbúðalánasjóði vegna öflunar íbúðarhúsnæðis á skattframtali sínu 2013, en einungis voru tilgreind vaxtagjöld vegna eins láns og var framtalið lagt óbreytt til grundvallar álagningu opinberra gjalda. Með kæru óskaði kærandi eftir því að framtalið yrði leiðrétt þar sem honum hefði láðst að gera grein fyrir vaxtagjöldum vegna íbúðarlána. Í kær- unni kom ennfremur fram að færa bæri gjöld til í skattskilum þegar þau féllu til, fremur en við greiðslu þeirra. Ríkisskattstjóri óskaði eftir því að kærandi legði fram

„samning við lánveitanda um umrædda vexti“ og frekari upplýsingar um vaxtagjöldin. Að fengnum gögnum hafnaði ríkisskattstjóri kröfu kæranda með eftirfarandi rökstuðningi:

„Þar sem ekki kemur fram í fyrirliggjandi gögnum neinn samningur við lánveitanda kæranda um áfallna ógreidda vexti og afborganir af íbúðarlánum er ekki unnt að verða við beiðni kæranda um færslu á umbeðnum vöxtum inn á skattframtal 2013.“

Í úrskurði yfyrskattaneftndar kemur fram að kærandi hafi ekki greitt neinar afborganir af höfuðstól tveggja lána frá Íbúðalánasjóði á árinu 2012 og að kærandi sé í greiðsluáðlögun hjá embætti umboðsmanns skuldara.

Yfyrskattaneftnd vísaði til þess að með lögum nr. 164/2010 hafi ákvæðum tekjuskattslaga um vaxtabætur verið breytt á þann veg að frá og með gjaldárinu 2012 teljast eingöngu greiddir vextir og greiddar verðbætur á afborganir og vexti til vaxtagjalda sem mynda rétt til vaxtabóta. Þar sem það væri ágreiningslaust í málinu að kærandi hefði ekki greitt af umræddum íbúðarlánum á árinu 2012 yrði að hafna kröfu hennar.

Eingöngu greiddir vextir og verðbætur mynda stofn til vaxtabóta.

149/2014

Takmörkuð skattskylda – Vaxtatekjur – Skilaskylda staðgreiðslu á fjármagnstekjur

Málavextir eru þeir að kærandi er fjármálafyrirtæki í slitameðferð og í álitsbeiðni kom fram að félagið ætti í viðræðum við kröfuhafa sína um að ljúka þeirri slitameðferð með nauðasamningi. Í tengslum við fyrirhugaða úthlutun fjármuna samkvæmt slíkum samningi væri nauðsynlegt að fá bindandi álit ríkisskattstjóra á tveimur álitafnum því tengdu.

Annars vegar var óskað eftir því að ríkisskattstjóri veitti bindandi álit um það hvort að úthlutun til erlends kröfuhafa sem keypt hefði kröfu á hendur kæranda hefði í för með sér skattskyldu hins erlenda kröfuhafa í þeim tilvikum þegar stofnverð kröfunnar í hendi viðkomandi kröfuhafa væri lægra en næmi úthlutunarfjárhæð samkvæmt nauðasamningi. Í þessu sambandi var gengið út frá því að upprunaleg krafa væri byggð á skuldabréfi eða lánssamningi og gerður var greinar-

munur á því hvort erlendi kröfuhafinn hefði keypt kröfu sína af öðrum erlendum aðila eða hvort krafan hefði verið keypt af innlendum aðila.

Hins vegar var óskað eftir bindandi áliti ríkisskattstjóra á því hvort að kærandi gæti talist skilaskyldur aðili samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur þannig að honum bæri að halda eftir staðgreiðslu af vaxtatekjum innlendra aðila yrði um slíkar tekjur að ræða vegna úthlutunar samkvæmt nauðasamningi.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra var komist að þeirri niðurstöðu að úthlutun á grundvelli nauðasamnings til erlendra kröfuhafa sem keypt hefðu kröfur á hendur kæranda af öðrum aðilum, innlendum eða erlendum, hefði í för með sér skattskyldu þegar kaupverð kröfunnar væri lægra en úthlutunarfjárhæð samkvæmt nauðasamningi. Í þessu sambandi taldi ríkisskattstjóri að ekki skipti máli hvort aðeins væri um að ræða greiðslu upp í höfuðstól kröfu eða höfuðstól, vexti og verðbætur. Kæranda bæri þannig að halda eftir staðgreiðslu af vöxtum umræddra aðila. Ennfremur komst ríkisskattstjóri að því að kærandi teldist skilaskyldur aðili samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Fram kom hjá yfirkattanefnd að ljóst væri að í viðskiptum með kröfur á hendur kæranda gætu myndast skattskyld afföll í hendi kaupanda kröfu og að ekki léki neinn vafi á því að slíkar tekjur væru skattskyldar skv. 8. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga og gætu því myndað skattskyldu hér á landi, t.d. þegar erlendur aðili kaupir kröfu af aðila sem ber ótakmarkaða skattskyldu hér á landi.

Yfirkattanefnd tiltók sérstaklega að skattskylda á grundvelli 8. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga tæki til allra tekna sem falla undir 3 tölul. C-liðar 7. gr. laganna og af þeim sökum væri ekki unnt að taka undir með kæranda að ákvæði 8. tölul. 3. gr. væri ekki nægilega skýrt.

Þá segir í úrskurði yfirkattanefndar:

„við kaup á kröfu á lægra verði en sem nemur uppreiknuðu nafnverði hennar á kaupdegi hafa kaupanda hlotnast tekjur, þ.e. afföll, samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. eða eftir atvikum 3. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 sem skattleggja ber með þeim hætti sem þar greinir ...“

Yfirkattanefnd vísaði að svo komnu til þess að viðskipti af þessum toga milli aðila sem bæru ótakmarkaða skattskyldu hér á landi myndu baka kaupanda skattskyldu

vegna affalla þegar þau eiga sér stað og gæti ekki komið til neinnar skattlagningar síðar við greiðslu eða annars konar efndir á hinni keyptu kröfu. Orðrétt sagði svo:

„Við þessar aðstæður, þ.e. í þeim tilvikum þegar krafa hefur skipt um hendur, hefur þannig almennt farið fram skattlagning í hendi kaupanda á grundvelli fyrrgreinda ákvæða 8. gr. laga nr. 90/2003 sé á annað borð um að ræða afföll af hinni keyptu kröfu. Verður því ekki talið að greiðsla upp í höfuðstól kröfu við úthlutun samkvæmt nauðasamningi geti talist til vaxtatekna í skilningi 3. tölul. C-liðar 7. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 90/2003.“

Fallist var þannig á það með kæranda að úthlutun samkvæmt nauðasamningi félagsins til kröfuhafa hafi ekki í för með sér takmarkaða skattskyldu hér á landi á grundvelli 8. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga „enda verður ekki talið að nein réttarlegur grundvöllur sé fyrir annars konar meðferð að þessu leyti eftir því hvort um sé að ræða erlenda eða innlenda kröfuhafa.“

Hvað síðara álitaefnið varðaði kemur fram í úrskurði yfirkattanefndar að þrátt fyrir að úrskurður um slit fjármálafyrirtækis leiði til afturköllunar á starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er slitastjórn heimilt, með samþykki og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi að því leyti sem hún er nauðsynleg vegna bústjórnar. Ekki fari þannig á milli mála að fjármálafyrirtæki í slitameðferð telst skilaskyldur aðili samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Úthlutun samkvæmt nauðasamningi til erlendra kröfuhafa sem keypt hafa kröfur af öðrum aðilum, innlendum eða erlendum, á lægra verði en sem nemur eftirstöðum höfuðstóls á kaupdegi hefur ekki í för með sér skattskyldu skv. 8. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga. Fjármálafyrirtæki í slitameðferð telst skilaskyldur aðili samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

166/2014 Auðlegðarskattur

Kærendur kærðu til yfirkattanefndar þá ákvörðun ríkisskattstjóra að fella niður tilfærða skuld í lið 5.5 á skattframtali kæranda 2010. Í framtalinu var tiltekið að um væri að ræða skuldbindingu vegna fjármagnstekjuskatts og í athugasemda-dálki kom fram að umrædd skuldbinding næmi 20% af mismuni raunvirðis eignar

samkvæmt greinargerð um viðbót við auðlegðarskattsstofn sem fylgdi framtalinu og stofnverðs sömu bréfa. Þá var í greinargerðinni gerð grein fyrir mismuni á nafnverði og raunvirði hlutabréfa í eigu kæranda í árslok 2011 og viðbótarstofni til útreiknings auðlegðarskatts gjaldárið 2013.

Ríkisskattstjóri færði fram þau rök fyrir niðurfellingunni að óheimilt væri að telja til skulda í skattframtali opinber gjöld sem lögð væru á tekjur á næsta ári eftir lok reikningsárs.

Í kæru til yfirkattanefndar var byggt á því að annmarkar hafi verið á málsmeðferð ríkisskattstjóra þar sem óheimilt hafi verið að fara eftir 1. mgr. 95. gr. tekjuskattslaga en samkvæmt því ákvæði er ríkisskattstjóra heimilt að leiðrétta fjárhæðir einstakra liða ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli, svo og ef telja má að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi.

Í úrskurði yfirkattanefndar kemur fram að ekki hefði verið unnt að draga aðra ályktun af tilgreiningu kæranda á skattframtalinu en að um væri að ræða skuldbindingu vegna fjármagnstekjuskatts sem kynni að falla til síðar vegna skattskyldra tekna kæranda af hlutabréfaeign. Fyrir ríkisskattstjóra lágu því óyggjandi upplýsingar í skilningi 3. máls. 1. mgr. 95. gr. tekjuskattslaga og að því hafi verið unnt að leiðrétta framtalið hvað þetta atriði varðar. Þá taldi yfirkattanefnd að tilgreining á rangri fjárhæð í tilkynningu til kæranda leiddi ekki til ógildingar á ákvörðun ríkisskattstjóra enda hafði sá annmarki ekki áhrif á ákvörðun ríkisskattstjóra eða valdið kærendum réttarspjöllum.

Hvað efnislegan þátt málsins varðar vísaði yfirkattanefnd til þess að í niðurlagi 1. mgr. 75. gr. tekjuskattslaga komi fram að ekki skuli telja til skuldar þau gjöld sem lögð eru á tekjur á næsta ári eftir lok reikningsárs. Ekki væri annað séð en að sú „skuldbinding vegna fjármagnstekjuskatts“ sem kærendur færðu í skattframtali sínu hafi verið til komin vegna mögulegrar skattskyldu kæranda vegna sölu eða annars konar ráðstöfun. Af þessum sökum var kröfum kæranda hafnað.

Óheimilt er að færa til skuldar skatta sem lagðir verða á tekjur á næsta ári eftir lok reikningsárs.

170/2014

Sala byggingaréttinda – Frestun söluhagnaðar

Málavextir eru þeir að kærandi hafði á árinu 2006 keypt og selt byggingaréttindi á þremur lóðum í Reykjavík. Í skattframtali félagsins 2007, vegna rekstrarársins 2006, var skattlagningu af söluhagnaði umræddra réttinda frestað um tvenn áramót. Á skattframtali 2009 tekjufærði kærandi svo söluhagnaðinn en fyrndi húsnæði í sinni eigu sérstakri fyrningu á móti.

Ríkisskattstjóri felldi niður tilfærðan frestaðan söluhagnað í skattframtali kæranda 2007 og aukafyrningar í skattframtali 2009. Forsendur ríkisskattstjóra fyrir breytingunum voru þær að kæranda væri ekki heimilt að fresta skattlagningu söluhagnaðar vegna sölu byggingaréttinda á lóðum eftir 14. gr. tekjuskattslaga þar sem réttindin væru ekki fyrnanleg eign í skilningi 33. gr. sömu laga. Ríkisskattstjóri vísaði ennfremur til ákvæða 1. mgr. 48. gr. tekjuskattslaga sem embættið taldi ná yfir umrædd réttindi þar sem byggingaréttur gæti ekki rýrnað vegna notkunar. Þá væri ekki séð að byggingaréttur gæti talist til byggingakostnaðar atvinnuhúsnæðis sem heimilt væri að fyrna skv. 33. gr. tekjuskattslaga þar sem engar byggingaframkvæmdir hefðu átt sér stað á þeim lóðum sem um var að ræða. Söluhagnaðurinn væri því skattskyldur að fullu á söluári sbr. 15. gr. tekjuskattslaga.

Í kæru til yfirsattanefndar krafðist kærandi þess að úrskurður ríkisskattstjóra yrði felldur úr gildi af formlegum ástæðum þar sem embættið hefði ekki séð til þess að upplýsa málið nægjanlega, þá hefði verið brotið á andmælarétti kæranda og rökstuðningi verið ábótavant. Varakrafa kæranda laut að því að úrskurður ríkisskattstjóra yrði felldur úr gildi af efnislegum ástæðum og vísað til þess að byggingarétturinn væri eignarréttur sem varinn væri af eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar og væri fyrnanlegur skv. 4. eða 5. tölul. 33. gr. tekjuskattslaga. Þrautavarakrafa kæranda var studd þeim rökum að rétturinn væri fyrnanlegur skv. 2. tölul. 33. gr. og félli ekki undir 1. mgr. 48. gr. tekjuskattslaga enda rýrni hann ekki vegna notkunar en gæti rýrnað t.d. vegna tæknilegra eða fjárhagslegrar úreldingar. Kærandi vísaði ennfremur til þess að undir 15. gr. tekjuskattslaga falli fasteignir en byggingaréttur sé ekki fasteign og að tilvísun 15. gr. til rétt-

inda tengdum fasteignum er átt við afnotaréttindi en ekki lóðaleiguréttindi. Byggingaréttindi séu ekki afnotaréttindi heldur sérstök framseljanleg réttindi. Kærandi taldi ennfremur að líta yrði til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 291/1993 þar sem aflaheimildir hafi ekki verið felldar undir 15. gr. tekjuskattslaga. Að lokum krafðist kærandi þess að ef ekki yrði fallist á að réttindi væru fyrnanleg þá bæri að líta svo á að um framkvæmdakostnað væri að ræða sem telja bæri til eignar með mannvirki sbr. 2. tölul. 33. gr. tekjuskattslaga.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að í skattframtali kæranda 2007 hafi verið gerð grein fyrir sölu lóða og að fram hefði komið að eignirnar hefðu verið keyptar og seldar á sama ári. Við meðferð málsins hefði ríkisskattstjóri aflað gagna vegna viðskipta með lóðirnar þ.m.t. kaupsamninga. Að loknum frekari bréfaskiptum hefði ríkisskattstjóri svo boðað breytingarnar. Yfirsattanefnd benti á að eins og málið lá fyrir ríkisskattstjóra hefði skattframtal kæranda ekki borið með sér að félagið hefði átt í byggingaframkvæmdum á árinu 2006 og hafnaði því kröfu kæranda um ógildingu úrskurðar á grundvelli formgalla.

Yfirsattanefnd rakti ákvæði 33. gr. tekjuskattslaga og þær breytingar sem gerðar hafa verið á ákvæðinu og rakti einnig hluta af þeim Hæstaréttardómi sem kærandi hafði vísað til. Yfirsattanefnd benti á að eftir að Hæstiréttur kvað upp dóm sinn hefði lögum verið breytt, sbr. lög nr. 118/1997, og að eftir þá laga-breytingu hefði dómurinn enga þýðingu.

Í úrskurði sínum tók yfirsattanefnd undir með ríkisskattstjóra að byggingaréttur á lóð rýrnaði ekki að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur og engu breytti þó að verðmæti slíks réttar gæti tekið breytingum í tímans ráðs. Jafnframt kom fram hjá yfirsattanefnd að byggingaréttur á lóð félli ekki undir neinn tölul. í 33. gr. tekjuskattslaga og ekki væri unnt að fallast á að slíkur réttur væri eðlislíkur eignum í 4. og 5. tölul. ákvæðisins enda væru byggingaréttindi yfirleitt hluti venjulegra lóðaréttinda sem sérstaklega væru tilgreind í 1. mgr. 15. gr. með öðrum ófyrnanlegum fasteignaréttindum.

Jafnframt kom fram hjá yfirsattanefnd að venjuleg orðskýring þætti mæla eindregið gegn skilningi kæranda að byggingaréttur á lóð gæti talist mannvirki. Ennfremur þyrfti að hafa í huga að kostnaður vegna öflunar lóðaréttinda s.s. lóðagjöld gætu talist til stofnverðs

atvinnuhúsnæðis skv. 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga.

Með vísan til þessa og þar sem frestunardeild 4. mgr. 15. gr. ætti ekki við og ekki væri annarri lagaheimild fyrir að fara var kröfum kæranda hafnað.

Byggingaréttur telst til yfirleitt hluti venjulegra lóðaréttinda og er ófyrnanlegur.

202/2014

Bifreiðagjald

Málavextir eru þeir að ríkisskattstjóri boðaði kæranda endurákvörðun bifreiðagjalds fyrir tímabilið 4. júlí 2012 til 2. ágúst 2013. Í boðunarbréfi ríkisskattstjóra kom fram að skráning í ökutækjaskrá þann 4. júlí 2012 hefði verið röng og af þeim sökum hefði ekki verið lagt bifreiðagjald á ökutæki kæranda Skráningarnúmer ökutækisins hefðu verið lögð inn 2. ágúst 2013.

Kærandi upplýsti í andmælum sínum til ríkisskattstjóra að umrædd bifreið hefði verið tekin úr umferð þann 25. apríl 2012 en hefði þó verið skráð aftur í umferð 1. júní sama ár þar sem þurft hefði að flytja hana á milli staða. Ekkert hefði orðið úr því verkefni sem bifreiðin var ætluð í og því hefðu númer verið lögð inn 4. júlí 2012. Þá upplýsti kærandi að bifreiðin hefði verið öökufær vegna breytinga en við innlögn skráningarnúmera hafi annarri númeraplötunni verið haldið eftir og hafi hún verið á framhluta bifreiðarinnar. Þetta hefði verið gert til að koma í veg fyrir að unnið yrði tjón á bifreiðinni. Þann 2. ágúst 2013 hefði lögreglan svo klippt númerin af bifreiðinni.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að óumdeilt sé að annað skráningarnúmer bifreiðarinnar hafi ekki verið afhent skráningaraðila til varðveislu og fyrir hafi legið að bifreiðin hafi ekki verið ónýtt. Skilyrði undanþágu frá gjaldskyldu voru þannig ekki uppfyllt og engin lagaheimild fyrir hendi til að fella niður eða lækka bifreiðagjald á þeim grundvelli einum saman að bifreið hafi ekki verið í notkun.

Bifreiðagjald er ekki fellt niður nema bæði skráningarmerki séu lögð inn eða sannað sé að bifreiðin sé ónýtt.



Úr afgreiðslu að Laugavegi 166.

220/2014 Samsköttun lögaðila

Ágreiningsefni málsins laut að því hvort samsköttun kæranda og dótturfélags væri heimil. Skattframtal kæranda árið 2012 hafði borist ríkisskattstjóra í september 2012 og í athugasemdashöfund á framtalinu kom fram að samsköttun væri til staðar milli félaganna. Hreinar tekjur dótturfélagsins voru aftur á móti ekki færðar í tilætlaðan reit á framtali kæranda og var þannig ekki gert ráð fyrir samsköttun þeirra. Ríkisskattstjóri synjaði um samsköttun á þeim grundvelli að umsókn um samsköttun hefði ekki borist innan lögboðins frests en samkvæmt 2. mgr. 55. gr. tekjuskattslaga skal beina umsókn um samsköttun til ríkisskattstjóra eigi síðar en 30 dögum fyrir lok framtalsfrests.

Kærandi byggði á því fyrir yfirsattatnefnd að ekki væri þörf á sérstakri umsókn um samsköttun fyrir umrætt gjaldár þar sem dótturfélagið hefði verið samskattað með A hf. sem þá var móðurfélag þess. Samruni A hf. og kæranda hafi leitt til

þess að hið sameinaða félag hefði tekið við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum A hf., þar með talið heimild til samsköttunar með dótturfélaginu.

Yfirsattatnefnd rakti í úrskurði sínum ákvæði 55. gr. tekjuskattslaga sem fjallar um samsköttun lögaðila. Þá vísaði nefndin til dóms Hæstaréttar í máli nr. 202/2000 en í þeim dómi kemur fram að við samruna skuli það félag sem við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags sem slitið var sbr. lokamálslið 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga. Nefndin vísaði jafnframt til dóms Hæstaréttar í máli nr. 555/2012 þar sem því var slegið föstu að 1. mgr. 51. gr. i.f. verði ekki skýrt óháð öðrum ákvæðum tekjuskattslaga.

Í úrskurði yfirsattatnefndar kemur svo fram að taka verði undir það með ríkisskattstjóra að samsköttunarheimildin feli í sér veigamikil frávik frá almennum reglum tekjuskattslaga um skattlagningu félaga. Þá séu að auki sett ýmis skilyrði í lagagreininni um veitingu samsköttunarheimildar og eftirfylgni með slíkri

heimild. Þetta verði að hafa í huga við túlkun á ákvæði 55. gr.

Ennfremur kemur fram í úrskurði nefndarinnar að þegar A hf. var slitið við samrunann hafi sjálfstæðri tilvist félagsins og skattaðild þess lokið. Þar með hafi fallið niður samsköttun A hf. og dótturfélags þess enda ekki lengur til staðar móðurfélag í þessari tilteknu samstæðu. Með vísan til þess og eðlis samsköttunarheimildarinnar sem fráviks frá almennum skattlagningarreglum var ekki fallist á að það sjónarmið kæranda að um skattaréttarleg réttindi sé að ræða sem falli undir niðurlagsákvæði 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga. Þar sem framtal kæranda barst nokkuð eftir að lengstum mögulegum framtalsfresti lög- aðila lauk var kröfum kæranda hafnað.

Samsköttunarheimild fellur niður ef móðurfélagi er slitið í kjölfar samruna við annað félag þrátt fyrir að samruna- félagið taki yfir skattaréttarlegar skyldur og réttindi.

DÓMAREIFANIR



Dómur Hæstaréttar í máli nr. 726/2013

Auðlegðarskattur – stjórnarskrá – jafnræði

Með dómi Hæstaréttar Íslands sem kveðinn var upp þann 10. apríl 2014 staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 24. október 2013 og sýknaði íslenska ríkið af kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi krafðist þess að auðlegðarskattur sem á hana hafði verið lagður á árunum 2010, 2011 og 2012 yrði felldur niður og að hún fengi endurgreiddan þann skatt sem hún hefði greitt.

Í málinu var ekki deilt um málsatvik heldur hélt áfrýjandi því fram að ákvæði laga um auðlegðarskatt brytu í bága við fyrirmæli stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Í Tíund sem kom út í desember 2013 var gerð grein fyrir málsástæðum og rökum stefnanda og vísast til þeirrar umfjöllunar.

Í dómi Hæstaréttar er rakið að allt frá því að tíund var lögtekin í lok 11. aldar hafi eignir manna sætt skattlagningu í einhverri mynd. Eiginlegur eignarskattur hafi fyrst verið tekinn upp með lögum 74/1921. Samkvæmt þeim lögum voru skattskyldir aðilar einstaklingar og lögaðilar og var skatturinn þrepaskiptur þannig að af fyrstu 5 þúsund kr. greiddist enginn skattur en hæst var greidd 0,7% af eignum yfir 1 milljón króna. Eignarskattur var svo afnuminn með lögum nr. 129/2004 en reglurnar höfðu tekið breytingum á þessum árum sem liðu. Hæst nam skatturinn 1,5% af stofni.

Ákvæði laga nr. 22/1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o.fl. eru einnig rakin í dóminum. Samkvæmt þeim lögum var lagður svokallaður stóreignaskattur á eignir allra skattskyldra einstaklinga í árslok 1949. Lögaðilar voru ekki skattskyldir en hreinum eignum þeirra var skipt niður á eigendur lögaðilanna í réttu hlutfalli við hlutfjár- og stofnfjáreign og töldust þannig með öðrum eignum einstaklinga við álagninguna. Þá var almenna reglan sú að skattstofninn var miðaður við hreina eign, þó með tilteknum undantekningum og t.a.m. skyldu fasteignir metnar skv. fasteignamati margfölduðu annað hvort með 3 eða 6 allt eftir staðsetningu þeirra. Þá var stóreignaskatturinn lagður á til viðbótar við eignarskatt. Til málaferla kom vegna álagningar stóreignaskattsins og í dómi Hæstaréttar frá 15. október 1952 í máli nr. 80/1952 var komist að þeirri niðurstöðu að álagning hans bryti ekki gegn ákvæðum þágildandi stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttarins.

Stóreignaskattur var álagður öðru sinni með lögum nr. 44/1957 og samkvæmt lögum skyldi leggja skattinn á eignir allra skattskyldra einstaklinga í árslok 1956. Líkt og með fyrri stóreignaskattinn var hann ekki lagður á lögaðila heldur skyldi eignum þeirra skipt á milli eigenda líkt og fyrr. Frá meginreglunni um að miða skyldi

við hreina eign voru nokkrar undanþágur og t.d. skyldi meta fasteignir á fasteignamatsverði en í vissum tilvikum átti að hækka það matsverð miðað við áætlað söluverð. Við matsverð flestra eigna skyldi svo bæta 200% álagi. Þessi stóreignaskattur kom til viðbótar við almennan eignarskatt og stóreignaskatt þann sem fjallað var um að framan. Eins og áður risu upp deilumál vegna álagningar skattsins og í dómi Hæstaréttar frá 29. nóvember 1958 í máli nr. 116/1958 kemur fram að ekki væri alveg fullnægjandi ástæða til að telja að sú stefna sem mörkuð var með lögum nr. 44/1957 væri andstæð eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Í sama máli var komist að þeirri niðurstöðu að skattur af hlutfjáreign skyldi miðast við sannvirði hlutabréfa.

Þá rakti Hæstiréttur í dómi sínum ákvæði 24. gr. laga nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins þar sem mælt var fyrir um álagningu auðlegðarskatts og viðbótarauðlegðarskatts. Í almennum athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 128/2009 kom fram að breytingar á skattkerfinu á löngu hagvaxtartímabili hefðu dregið úr getu þess til að afla tekna fyrir það stig almannabjónustu sem byggt hafði verið upp. Auk þess þyrfti að laga kerfið að þörf fyrir aukinn félagslegan jöfnuð og dreifa þyrfti skattbyrðinni með eins sanngjörnum hætti og unnt væri og

æskilegt væri að það stuðlaði að jafnri tekjudreifingu. Að síðustu kom fram í athugasemdum að brýn þörf væri á að afla ríkissjóði viðbótartekna.

Hæstiréttur vísaði til þess að í lagaákvæðum um auðlegðarskatt væri tiltekið hverjum væri skylt að greiða skattinn, hver skattleysismörkin séu og hvert sé hlutfall skattsins. Vegna þeirrar málsástæðu stefnanda að hugtakið „skattalega bókfært eigið fé“ sé ekki nægilega skýrt tók Hæstiréttur fram að ekki færi á milli mála eftir orðalaginu væri átt við eigið fé félags eða annars lögaðila samkvæmt skattframtali eftir að þær breytingar hafa verið gerðar á ársreikningi sem mælt er fyrir um í tekjuskattslögum. Hugtakið væri því alveg skýrt og myndaði fullgildan skattstofn.

Vegna þeirrar málsástæðu áfrýjanda að auðlegðarskatturinn bryti í bága við stjórnarskrána sagði Hæstiréttur að taka yrði tillit til þess að eignir manna hefðu verið skattlagðar hér á landi um aldir og að löggjafinn hefði svigrúm til að haga þeirri skattlagningu þannig að enginn skattur væri greiddur ef verðmæti eigna nái þær ekki tilteknu lágmarki og að skatturinn fari stighækkandi eftir því sem eignir eru verðmeiri. Þá kom fram að ekki mætti ganga svo langt í skattheimtu gagnvart einstökum mönnum að þeim sé mismunað í samanburði við aðra og að á sama hátt og tekjuskattar skerða tekjur manna þá rýrna eignir vegna eignarskatta ef greiðendur skattsins njóta ekki tekna til að standa straum af sköttunum.

Hæstiréttur taldi að horfa yrði til þeirra aðstæðna sem voru uppi þegar löggin voru sett, hvert markmið þeirra hafi verið, hvers eðlis skatturinn sé og hver sé upphæð hans. Orðrétt segir svo í dóminum:

„Þar sem auðlegðarskattur er ein tegund eignarskatts skiptir ekki síst máli að gæta að því hversu íþyngjandi hann er til lengri tíma lítið vegna þess að því hærra sem skatthlutfallið er samanlagt á stuttu árabili þeim mun meiri líkur eru á að skattlagningunni megi jafna til eignaupptöku í skilningi 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar.“

Hæstiréttur vísaði til þess að á þeim tíma sem auðlegðarskattur var lögfestur hafi verið glímt við „einstæðan vanda í ríkisfjármálum“ og að upptaka skattsins hafi m.a. verið rökstudd með því að mikil eignatilfærsla hefði átt sér stað í íslensku samfélagi árin á undan og eignir safnast

á fárra hendur. Þeir sem safnað hefðu að sér eignum hefðu notið hagstæðra skattareglna og af þeim sökum væri ekki óeðlilegt að skattbyrði þess hóps ykist nokkuð.

Í dóminum dregur Hæstiréttur fram þann mun sem er á auðlegðarskattinum annars vegar og eignarskattinum sem síðast var lagður á árinu 2005. Í þeim samanburði kemur fram að skattleysismörk og skatthlutfall auðlegðarskatts sé hærra en á eignarskattinum. Þá sé skattstofn auðlegðarskattsins frábrugðinn „gamla“ eignarskattsstofninum og að auðlegðarskattinum sé markaður tiltekinn gildistími, sem þó hafi verið framlengdur.

Að svo komnu máli taldi Hæstiréttur að skattastefna lagaákvæðanna um auðlegðarskatt gengi ekki gegn ákvæðum

”

Í málinu var ekki deilt um málsatvik heldur hélt áfrýjandi því fram að ákvæði laga um auðlegðarskatt brytu í bága við fyrirmæli stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu

stjórnarskrárinnar. Jafnframt komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að ákvæði laga um fjármagnstekjuskatt hafi ekki þýðingu við úrlausn um stjórnskipulegt gildi auðlegðarskattsins.

Vegna þeirra röksemda áfrýjanda að skattlagning erlendra hlutabréfaeignar sé hagstæðari en innlendra vísaði Hæstiréttur til þess að ekki sé hægt að leggja þetta tvennt að jöfnu. Erlend félög séu ekki framtalsskyld hér á landi og því ekki unnt að skylda þau til að reikna út skattalega bókfært eigið fé á sama hátt og félögum með fulla og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi. Ógerlegt sé því að láta sömu reglu gilda að þessu leyti um erlend og innlend félög.

Hæstiréttur vísaði einnig á bug þeirri röksemd áfrýjanda að það felist mismunun

í því að flytja skattstofn hlutafélags yfir á þá hluthafa eina sem eigi verðmiklar aðrar eignir og leggja viðbótarauðlegðarskatt eingöngu á þá. Af þessu tilefni tiltók Hæstiréttur að löggjafanum sé heimilt innan vissra marka að ákveða að maður greiði engan eignarskatt ef verðmæti eigna hans nær ekki tilteknum mörkum og jafnframt að skatturinn fari stighækkandi eftir því sem eignir eru meiri. Orðrétt segir svo:

„Er hér ekki frekar um mismunun að ræða en í því tilviki að stjórnarmönnum í hlutafélagi er gert að greiða misháan tekjuskatt af stjórналаunum sínum eftir því hverjar skattskyldar tekjur þeirra eru í heild sinni.“

Ennfremur kemur fram í dóminum að fallist sé á með stefnda að unnt væri að gera greinarmun á skattborgurum eftir því hvort þeir séu í hjúskap eða einstæðir. Löggjafanum hefur verið játað verulegt svigrúm til að ákveða þau sjónarmið sem búa að baki skattlagningu. Þar sem auðlegðarskatturinn hafi verið tímabundinn sé ekki næg ástæða til að líta svo á að um brot á jafnræðisreglu stjórnarskrár sé að ræða.

Að síðustu féllst Hæstiréttur ekki á þá röksemd áfrýjanda að farið sé á svig við grundvallarreglu stjórnarskrárákvæðisins að lögmat eign eins skattaðili verði ekki gerð að skattandlagi við ákvörðun skatts annars aðila. Hvað þetta atriði varðar tók Hæstiréttur fram að í raun þyrfti að leysa úr því ágreiningsefni hvort að hlutdeild í skattalega bókfærðu eigin fé endurspegli nokkurn veginn sannvirði hlutabréfanna í hendi hluthafa eða hvort að með þessari aðferð sé verðmæti hlutabréfanna ofmetið til skatts. Hæstiréttur taldi að þegar virtar væru í heild reglur tekjuskattslaga sem fela í sér frávik frá reikningsskilum félaga yrði ekki séð að þær leiði almennt til þess að skattmat hlutabréfa til auðlegðarskatts verði miklum mun hærra en nemur sannvirði þeirra. Þó væri ekki hægt að útiloka það. Ennfremur vísaði Hæstiréttur til þess að samkvæmt ársreikningum tveggja hlutafélaga áfrýjanda væri bókfært verð tiltekinn eignarverð brot af gildandi fasteignamati og váttryggingamati. Hæstiréttur taldi að fasteignamat og váttryggingamat væri líklegra til að endurspegla ætlað raunvirði eignanna umfram bókfært verð. Áfrýjandi hefði þannig ekki sýnt fram á að hlutabréf hennar hafi verið ofmetin við álagningu viðbótarauðlegðarskatts.

Gjöf – eignaskipti sambúðarfólks

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 26. júní 2014 var íslenska ríkið sýknað af kröfum A.

Í málinu var deilt um það hvort skattleggja ætti peningagreiðslu og afsal að fasteign, sem A fékk samkvæmt samningi milli hennar og fyrrverandi sambýlismanns, sem gjöf.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins hafði tekið skattskil stefnanda til rannsóknar og á grundvelli skýrslu skattrannsóknarstjóra endurákræfð ríkisskattstjóri opinber gjöld stefnanda gjaldárin 2007, 2008 og 2009.

Í endurákvörðun ríkisskattstjóra var komist að þeirri niðurstöðu að þau verðmæti sem runnu til stefnanda, samkvæmt eignaskiptasamningi milli hennar og fyrrverandi sambýlismanns og barnsföður, hefðu í raun verið gjöf. Þannig var tekjufærð hjá stefnanda peningagreiðsla að fjárhæð kr. 40.000.000 á skattframtali 2007 og fasteign að verðmæti kr. 76.989.948 á skattframtali 2008.

Stefnandi kærði úrskurð ríkisskattstjóra til yfirséðanefndar sem kvað upp úrskurð í september 2012 og hafnaði kröfum stefnanda. Í úrskurði yfirséðanefndar var vísað til þess að í íslenskum rétti væri við slit á óvígðri sambúð lagt til grundvallar að hvor um sig tæki sínar eignir án þess að eiga tilkall til eigna hins. Yfirséðanefnd vísaði jafnframt til þess að stefnandi hefði ekki sýnt fram á sérstök framlög hennar til eignamyndunar í sambúð og engin gögn verið lögð fram því til stuðnings. Þá hefðu tekjur stefnanda á árunum 2003, 2004 og 2005 verið óverulegar og af þeim sökum taldi yfirséðanefnd ekki hægt að leiða líkur að því að stefnandi hefði með beinum eða óbeinum framlögum á sambúðartíma skapað grundvöll fyrir hlutdeild í eignarrétti að umræddri fasteign. Með sömu rökum komst yfirséðanefnd að þeirri niðurstöðu að peningagreiðsla til stefnanda frá fyrrverandi sambýlismanni væri skattskyld samkvæmt 4. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga.

Að svo komnu máli höfðaði stefnandi mál fyrir héraðsdómi og krafðist þess að

úrskurður yfirséðanefndar yrði felldur úr gildi að hluta og breytt þannig að 40 milljóna króna tekjuviðbótin á árinu 2007 yrði felld niður eða lækkuð verulega, að tekjuviðbót vegna fasteignar að fjárhæð tæplega 80 milljónir yrði felld niður eða lækkuð verulega og að 25% álag yrði fellt niður.

Stefnandi byggði kröfur sínar fyrir héraðsdómi á því að málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga hafi verið brotnar þar sem henni hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta andmælaréttar síns. Í úrskurði yfirséðanefndar hafi verið byggt á þeim grundvelli að ekki hefði verið sýnt fram á eignamyndun á sambúðartíma en það hafi ekki verið gert hjá ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins. Þá hafi yfirséðanefnd ranglega ákvarðað opinber gjöld hjá stefnanda á gjaldárinu 2007 en fjárskiptasamningur sá sem stefnandi og fyrrverandi sambýlismaður hennar gerðu á því ári hafi ekki getað leitt til tekna á árinu 2006. Stefnandi taldi jafnframt að skort hafi á rannsókn skattyfirvalda um hvernig raunverulegri búsetu hennar var háttað á þeim árum sem um ræðir.

Stefnandi byggði í öðru lagi á því að sá fjárskiptasamningur sem hún hafi gert við fyrrverandi sambýlismann sinn hafi verið löglegur og að hvorki stjórnvöld né dómstólar geti vikið honum til hliðar. Efni hans hafi verið sanngjarnt og eðlilegt með hliðsjón af heildareignum og eignamyndun á sambúðartíma og að þeir fjármunir sem runnu til hennar við sambúðarslit geti ekki orðið grundvöllur skattlagningar.

Þá hélt stefnandi því fram að ef komist væri að þeirri niðurstöðu að fjárskiptasamningurinn sé ekki eiginlegt fjárskiptasamkomulag þá hafi verið um að ræða afhendingu eigna til stefnanda sem nota ætti til framfærslu hennar og sonar hennar til framtíðar. Slíka afhendingu bæri ekki að skattleggja hér á landi skv. 3. tölul. 18. gr. tiltekins tvísköttunar-samnings sem Ísland væri aðili að.

Stefnandi vísaði ennfremur til þess að skattyfirvöld hafi ekki litið til skráðs fast-

eignamats þegar fasteignin var tekjufærð heldur hafi verið stuðst við meðalfermetraverð fjölbýlishúsa á sama svæði og umrædd fasteign sé á til að finna út markaðsverðmæti hennar. Í skattalögum sé það aftur á móti meginregla að miða eigi við skráð fasteignamat þegar fasteignir séu metnar í skattalegu tilliti.

Að lokum byggði stefnandi á því að hún hefði ekki verið skattalega heimilisföst á Íslandi á tekjuárinu 2006 en hún hafi flust til landsins í október það ár. 40 milljóna króna tekjuviðbótin hefði verið innt af hendi í janúar það ár, þ.e. áður en hún flutti til landsins og gæti því ekki verið andlag skattlagningar hér á landi. Í kærnu til yfirséðanefndar hafi stefnandi lýst því yfir að þrátt fyrir skráð lögheimili hér á landi þá hafi hún ekki haft búsetu þar heldur hafi hún litið á það sem pósthang.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu af kröfum stefnanda og vísaði til þess að í niðurstöðum ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og í úrskurði yfirséðanefndar hafi komið fram að skattlagning umræddra tekna hjá stefnanda hafi verið byggð á 4. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga. Þannig hafi úrskurður yfirséðanefndar byggt á sama lagagrunni og ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri byggðu á. Þá hafi verið óumdeilt að stefnandi var með skráð lögheimili hér á landi á sambúðartímanum og talið fram hér á landi sem einstætt foreldri á tekjuárunum 2004 og 2005. Stefnandi hafi þar að auki aldrei talið fram til skatts í því ríki sem hún hélt fram að hún hefði verið búsett í. Framtalsmáta hennar hafi verið þannig háttað að ekkert hefði bent til þess að hún bæri annað en fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi og engin gögn hefðu verið lögð fram sem sýndu fram á skattskyldu og heimilisfesti annars staðar.

Ennfremur vísaði stefndi til þess að engin gögn hefðu verið lögð fram til stuðnings eignamyndun stefnanda í sambúðinni. Skattyfirvöldum hefði samkvæmt dómaframkvæmd verið viðurkennd heimild til að leggja sjálfstætt

mat á það hvort einkaréttarlegir gerningar hafi raunverulega leitt til aðstæðna sem á verður byggt við skattlagningu. Skattfyrirvöld væru ekki bundin við mat skattaðila á sömu aðstæðum.

Hvað varðar það verð sem lagt var til grundvallar tekjufærslu á fasteigninni vísaði stefndi til þess að engin gögn hafi verið lögð fram sem staðfestu verðmat fasteignarinnar eins og hún var verðlögð í eignaskiptasamningi stefnanda og fyrrverandi sambýlismanns. Tekjuskattslög mæli ekki fyrir um að nota eigi skráð fasteignamat líkt og stefnandi hélt fram heldur skuli gjafir sem ekki eru í peningum metnar til peningaverðs og aðrar eignir skuli meta á áætluðu matsverði.

Ennfremur vísaði stefndi til þess að framfærsla sonar stefnanda og fyrrverandi sambýlismanns hafi verið tryggð með sérstökum samningi frá því í janúar 2010.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að andmælaréttur nái almennt ekki til hugsanlegra röksemda sem stjórnvöld beita við töku ákvörðunar eða til þess að aðili skuli fyrirfram fá vísbendingar um hvernig stjórnvöld muni túlka lög eða fyrri ákvarðanir. Andmælaréttur taldist þannig ekki brotinn á stefnanda þó svo að yfirsattaneftnd hafi byggt niðurstöðu sína á öðrum grundvelli en ríkisskattstjóri.

Þá hafi lögheimilisskráning stefnanda verið óumdeilanlega hér á landi og jafnframt að hún hafi verið í óskráðri sambúð frá árinu 2001 til desember 2005. Skattframtölum hafi verið skilað hér á landi frá tekjuárinu 2003 og frá tekjuárinu 2004 hafi hún talið fram sem einstætt foreldri. Þá hafi ekki verið lögð fram nákvæm greinargerð um dvöl stefnanda erlendis sem leiða ættu líkum að því að hún hafi

ekki verið skattalega heimilisföst hér á landi á þeim árum sem um ræðir.

Héraðsdómur staðfesti þá meginreglu að við slit óvígðrar sambúðar teljist hvor aðili eiga þau verðmæti sem hann kemur með inn í sambúðina sem og þau verðmæti sem hann eignast á sambúðartímanum. Dómstólar hafi svo vald til að skera úr um það hvort eignaskipti við slit óvígðrar sambúðar hafi farið rétt fram skv. lögum.

Hvað varðar málsástæðu stefnanda sem laut að matsvirði fasteignarinnar þá kemur fram í dómi héraðsdóms að í reglugerð nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt sé mælt fyrir um að meta skuli gjafir til peningaverðs og ef um aðrar eignir sé að ræða þá skuli tekjufæra þær á áætluðu matsverði. Var þessari málsástæðu stefnanda því hafnað.

Íslenska ríkið var samkvæmt framanrituðu sýknað af kröfum stefnanda.

Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 279/2014

Söluhagnaður hlutabréfa – sölutap

Málavextir eru þeir að áfrýjendur seldu hlutabréf sem þau áttu í Glitni banka hf. í apríl 2007 og nam söluhagnaður bréfanna kr. 2.447.289.480. Í ágúst sama ár festu áfrýjendur kaup á „C shares“ í bresku hlutafélagi Melrose PLC gegn greiðslu á GBP 7.004.000. Sjö dögum eftir kaupin voru bréfin í breska félaginu seld Glitni banka gegn greiðslu á GBP 10 eða kr. 1.284 og nam sölutap vegna þeirra bréfa kr. 964.303.339. Sama dag og bréfin voru seld Glitni féll í gjalddaga arðgreiðsla að fjárhæð GBP 7.315.555 sem Melrose PLC greiddi áfrýjendum í ágúst 2007. Bréfunum í Melrose PLC fylgdu mjög takmörkuð réttindi fyrir utan réttinn til áður greindrar arðgreiðslu. Þau veittu engin réttindi til framtíðararðgreiðslna og þeim fylgdu engin réttindi á hluthafafundum.

Á skattframtali 2008 gerðu áfrýjendur grein fyrir framangreindum viðskiptum og drógu sölutap af bréfum Melrose PLC frá söluhagnaði af Glitnis bréfum. Að teknu tilliti til þessa og frítekjumarks kr. 735.250 vegna „sérstakra hlutabréfa“

nam söluhagnaður vegna sölu hlutabréfa á árinu 2007 samtals 1.482.250.891 kr. og var sú fjárhæð færð til skattskyldra tekna á framtalinu.

Ríkisskattstjóri kvað upp úrskurð þann í febrúar 2010 þar sem sölutap vegna Melrose PLC bréfanna var fellt niður og söluhagnaður að fjárhæð kr. 2.446.554.230 var færður stefnendum til tekna að viðbættu 25% álagi.

Úrskurður ríkisskattstjóra var við svo búinn kærður til yfirsattaneftndar sem kvað upp úrskurð sinn í september 2010 þar sem öllum kröfum áfrýjenda var hafnað.

Að svo komnu máli var höfðað mál á hendur íslenska ríkinu og þess krafist aðallega að úrskurður yfirsattaneftndar yrði felldur úr gildi. Til vara var þess krafist að úrskurður yfirsattaneftndar yrði felldur úr gildi að hluta og breytt þannig að álag skv. úrskurði ríkisskattstjóra yrði fellt niður.

Til stuðnings dómkröfum var vísað til þess að skýr lagaheimild 24. gr. tekjuskattslaga heimilaði þann frádrátt sem tilgreindur var í skattframtali stefnanda.

Túlkun yfirsattaneftndar á því að bréfin í Melrose PLC hafi ekki verið hlutabréf heldur einhvers konar krafa eða réttur til arðgreiðslu fái ekki staðist enda geri lög um hlutafélög ráð fyrir því að hlutabréf geti verið mismunandi og þeim geti fylgt mismunandi réttindi.

Bent var á að bréfin í Melrose PLC hafi verið framseld til óháðs og ótengds aðila. Verðlagningin hafi byggst á því að búið hafi verið að greiða arð sem nam stærstum hluta þeirra eigna sem lá að baki þeirri eign sem fólst í bréfunum. Í úrskurði sínum hafi yfirsattaneftnd ekki rökstutt með fullnægjandi hætti að umrædd sala hafi verið að nafni til og af þeim sökum sé ekki unnt að horfa framhjá viðskiptunum líkt og yfirsattaneftnd gerir.

Þá var því haldið fram að farið hefði verið að einu og öllu að lögum í umræddum viðskiptum og að heimilt hafi verið að færa sölutapið til frádráttar frá söluhagnaði. Í stjórnarskrá Íslands sé kveðið á um að skattar verði ekki lagðir á nema samkvæmt skýrum lagaheimildum

og það þurfi að hafa í huga við túlkun á skattalögum og að allan vafa eigi að skýra skattaðilum í hag.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og byggði þá kröfu sína á því að úrskurður yfirsattaneftndar hafi verið í samræmi við gildandi lög og að úrskurðurinn hafi hvorki verið haldinn form- né efnisannmörkum sem leiða ættu til þess að fella ætti hann úr gildi.

Vísaði stefndi til þess að ákvæði 1. mgr. 24. gr. tekjuskattslaga væri undan- tekningarákvæði sem túlka bæri þröngt í framkvæmd. Ákvæðið tilgreini fjögur skilyrði fyrir frádrætti og að uppfylla þurfi öll fjögur eftirtalin skilyrðin:

- sala verður að hafa átt sér stað
- eignirnar verða að vera sams konar
- tap verður að hafa myndast við sölu
- ráðstafanir verða að hafa átt sér stað á sama ári

Stefndi taldi að eingöngu síðasta skilyrðið hefði verið uppfyllt. Hin þrjú hafi ekki verið uppfyllt og þar af leiðandi hafi stefnendum ekki verið heimilt að draga sölutap frá söluhagnaði.

Stendi vísaði einnig til þess að gera þyrfti skýran greinarmun á milli venju- legra hlutabréfa í Melrose PLC, fyrir og eftir arðgreiðslu, annars vegar og hins vegar á „C shares“ sem áfrýjendur hefðu átt. Samkvæmt arðgreiðsluáætlun félags- ins var virði „C shares“ hverfandi og hlutirnir báru nánast ekki nein réttindi. Þá hafi legið fyrir samkvæmt áætluninni að þessi bréf myndu ekki veita rétt til framtíðarhagnaðar í félaginu og eigendur hlutanna ættu engan rétt til frekari greiðslu frá félaginu. Ljóst hafi verið þegar bréfin voru keypt að þau yrðu verðlaus þegar arðgreiðslan hefði farið fram. Í eðli sínu hafi bréfin í Melrose PLC því verið ólík hlutabréfum almennt. Hlutabréfin sem seld voru í Glitni banka hf. hefðu aftur á móti verið annars eðlis. Þeim hafi fylgt hefðbundin réttindi svo sem atkvæðisréttur á hluthafafundum, réttur til arðs o.fl. sem lög um hlutafélög tilgreina.

Að öllu þessu virtu hafi ekki verið uppfyllt það skilyrði sem tilgreint er í 1. mgr. 24. gr. tekjuskattslaga um að eignirnar verði að vera samskonar.

Stefndi benti á að bréfin í Melrose PLC hafi verið verðlaus eða því sem næst verðlaus eftir arðgreiðsluna. Söluverðið virðist hafa verið ákveðið að nafninu til. Sá frádráttur sem stefnendur krefjast feli því í raun í sér afskrift hlutanna og að ekki séu því fyrir hendi skilyrði fyrir frádrætti.

Ennfremur breytti heimild Melrose PLC til innlausnar engu enda hafi verið óheimilt að framselja bréfin. Framsalsbann feli í sér takmörkun á sölu – sala hluta sem verða ekki framseldir hefur ekki gildi í skatta- legum skilningi og að í þeim tilvikum sé um málamyndagerning að ræða sem hafi ekki gildi og sem líta bæri framhjá.

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði íslenska ríkið af kröfum stefnenda og kemur fram í dóminum að það sé megin- regla skattaréttar að greiða skuli skatt af öllum tekjum nema þær séu beinlínis undanþegnar skattlagningu lögum sam- kvæmt. Frá þessari grunnreglu hafi ákvæði 1. mgr. 24. gr. tekjuskattslaga að geyma undantekningu.

Dómurinn taldi að þau bréf sem seld voru í Melrose PLC hafi ekki verið sams konar eign og þau bréf sem seld voru í

”

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að fullnægja þurfi öllum fjórum skilyrðum sem ákvæði 1. mgr. 24. gr. tekjuskattslaga setur fyrir frádrætti sölutaps frá söluhagnaði

Glitni banka hf. enda hafi þeim bréfum fylgt hefðbundin réttindi hlutabréfa eins og greini m.a. í lögum um hlutafélög. Bréfunum í Melrose PLC fylgdu aftur á móti ekki atkvæðisréttur, arðsréttur, þau voru ekki skráð á markaði og voru ófram- seljanleg. Í dóminum sagði:

„Sala hluta sem verða ekki framseldir kaupanda hefur ekkert gildi í skatta- legum skilningi, enda hefur verið litið svo á að málamyndagerningar sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir rétt skattskil hafi enga skattalega þýðingu og beri skattýfirvöldum að horfa framhjá slíkum gerningum.“

Ennfremur kom fram í dóminum að viðskipti með hlutabréf séu í eðli sínu

áhættufjárfesting en engin áhætta hafi verið fyrir hendi þegar stefnendur keyptu hlutina í Melrose PLC.

Dómurinn féllst á niðurstöðu yfir- skattaneftndar að telja yrði hafið yfir allan vafa að bréfin í Melrose PLC hafi verið verðlaus eða því sem næst verðlaus í hendi stefnenda þegar þau ráðstöfuðu bréfunum. Verðlagningin hafi eingöngu verið að nafninu til og ekki verði byggt á ráðstöfuninni í skattalegu tilliti. Að þessu virtu hafi skilyrði 1. mgr. 24. gr. tekjuskattslaga ekki verið uppfyllt af hálfu stefnenda.

Dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var að svo komnu máli áfrýjað til Hæstaréttar Íslands.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að full- nægja þurfi öllum fjórum skilyrðum sem ákvæði 1. mgr. 24. gr. tekjuskattslaga setur fyrir frádrætti sölutaps frá söluhagnaði. Hæstiréttur vísaði til þess að viðskipti með hlutabréf væru í eðli sínu áhættufjárfest- ing sem gætu haft í för með sér tap og hagnað fyrir fjárfestinn. Þá segir:

„Fjárfesting áfrýjenda í hlutabréfum í Glitni banka hf. var þessu marki brennd en þeim hlutabréfum fylgdu öll hefð- bundin réttindi hluthafa í hlutafélagi ... Öðru máli gegnir á hinn bóginn um þau viðskipti sem áfrýjendur áttu með hlutabréf í Melrose PLC ...“

Hæstiréttur benti á að kaupin á C-bréf- unum í Melrose PLC hefðu ekki falið í sér hefðbundin hlutabréfaviðskipti með þeirri áhættu sem slíkum viðskiptum fylgja heldur hefði verið um að ræða kaup á kröfu sem veitti skilyrðislausan rétt til greiðslu arðs úr félaginu í eitt skipti.

Þá kemur fram í dómi Hæstaréttar að legið hafi ljóst fyrir þegar áfrýjendur festu kaup á Melrose PLC bréfunum að þau myndu sjálfkrafa breytast í „eftirleg- uhlutabréf“ sem yrðu innleyst á tilteknum tímapunkti á tilteknu verði.

Hæstiréttur féllst því á það með stefnda, íslenska ríkinu, að áfrýjendur hefðu ekki í skilningi 1. mgr. 24. gr. tekjuskattslaga keypt og síðar selt sams konar eign og hlutabréfin í Glitni banka hf. voru. Skil- yrði ákvæðisins voru þannig ekki uppfyllt og áfrýjendum var því ekki heimilt að færa sölutap af bréfum í Melrose PLC á móti söluhagnaði af hlutabréfum í Glitni banka.

Óvissar tekjur – skatthlutfall – vaxtatekjur

Málavextir eru þeir að með dómi Héraðsdóms Austurlands sem kveðinn var upp í janúar 2011 voru stefnanda dæmdar bætur frá Landsvirkjun vegna framsals og yfirtöku vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar. Þá var Landsvirkjun einnig dæmd til að greiða stefnanda vexti frá og með úrskurðardegi matsnefndar til greiðsludags og dráttarvexti skv. nánari tilgreiningu í dómnum. Dómur héraðsdóms var staðfestur með dómi Hæstaréttar í máli 233/2011 sem kveðinn var upp þann 18. október 2012.

Landsvirkjun greiddi bæturnar og vextina til lögmanns stefnanda í febrúar 2011. Lögmaður stefnanda stóð skil á 20% tekjuskatti af vöxtunum í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Stefnandi undi ekki þessum frádrætti og kærði til ríkisskattstjóra þá ákvörðun lögmannsins að miðað við það staðgreiðsluhlutfall, 20%, sem í gildi var í febrúar 2011. Í kæru krafðist stefnandi þess að staðgreiðsluhlutfall skatts af vöxtum yrði miðað við það hlutfall sem í gildi var á þeim tíma sem vextirnir féllu til, þ.e. í samræmi við þær dagsetningar sem héraðsdómur hefði miðað við í dómsorði sínu. Þannig yrði skatthlutfallið 10% vegna tímabilsins 22. ágúst 2007 til 1. júlí 2009, 15% fyrir tímabilið 1. júlí 2009 til 31. desember sama ár, 18% vegna ársins 2010 og 20% vegna ársins 2011. Ríkisskattstjóri hafnaði kröfum stefnanda og var sú ákvörðun kærð til yfirséðanefndar sem hafnaði að sama skapi kröfum stefnanda með úrskurði sínum 448/2011.

Við þessi málalok undi stefnandi ekki og höfðaði mál gegn íslenska ríkinu og krafðist ógildingar á úrskurði yfirséðanefndar nr. 448/2011 og endurgreiðslu á kr. 29.521 sem hann taldi ofgreiddan tekjuskatt af vöxtum.

Til stuðnings kröfum sínum vísaði stefnandi til þess að það færi í bága við lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur að draga 20% tekjuskatt af vöxtum sem til féllu fyrir 1. janúar 2011. Sú framkvæmd

hafi jafnframt verið andstæð meginreglu stjórnarskrárinnar um bann við afturvirkni skattalaga.

Stefnandi hélt því fram að þau atvik sem réðu skattlagningu í máli hans hafi átt sér stað fyrir hækun fjármagnstekjuskatts úr 10% í 20% enda hafi krafa hans á Landsvirkjun stofnast með úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta sem kveðinn var upp í ágúst 2007.

Stefnandi vísaði einnig til úrskurðar yfirséðanefndar nr. 586/2012 og að ósamræmi væri á milli þess úrskurðar og úrskurðar í máli hans. Í máli stefnanda hefði yfirséðanefnd byggt á því að ágreiningur um greiðsluskyldu Landsvirkjunar hafi haft þá þýðingu að vextir í málinu gætu ekki talist áfallnir eða áunnir fyrir en krafan sjálf var viðurkennd með dómnum. Þessar ályktanir yfirséðanefndar standist ekki skoðun og geti ekki verið grundvöllur fyrir gjörólíkri beitingu skattalaga gagnvart stjórnarskrá.

Krafa stefnanda stofnaðist með úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta en ekki með dómi Héraðsdóms Austurlands. Dómurinn staðfesti tilvist kröfunnar en stofnaði hana ekki. Sjónarmið yfirséðanefndar leiði til þess að viðbrögð gagnaðila ákvarði skattalega meðferð kröfunnar þar til dómur er kveðinn upp. Stefnandi vísaði til 65. gr. stjórnarskrárinnar og taldi niðurstöðu yfirséðanefndar brot á þeirri reglu enda feli niðurstaðan í sér að skattlagning sambærilegra krafna vegna vaxta sem fallið hafi til á sama tímabili geti orðið ólík vegna tilviljanakenndra atvika um afstöðu skuldara til greiðslu kröfunnar.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Stefnandi vísaði til þess að samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins geti vextir af kröfu stefnanda á hendur Landsvirkjun ekki talist áfallnir eða áunnir fyrir en en fjárhæð bótakröfunnar var viðurkennd með dómi héraðsdóms.

Stefnandi sjálfur undi ekki niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta og kröfugerð hans fyrir héraðsdómi og Hæstarétti

sé ekki hægt að skilja á annan hátt en að fjárhæð skaðabóta hafi verið umþrætt. Stefnandi vísaði til þess að sé fjárhæð aðalkröfu umþrætt þá gildi hið sama um vaxtakröfuna enda er sú krafa reiknuð sem hlutfall af aðalkröfu. Aðalkrafa stefnanda var þannig háð óvissu og afleidd krafa hans, vextirnir, voru þannig óvissir að sama skapi.

Að þessu virtu verði að telja að krafa stefnanda á hendur Landsvirkjunar, bæði aðalkrafa og vaxtakrafan, hafi verið óvissar tekjur í skilningi 2. mgr. 59. gr. tekjuskattalaga. Krafan varð ekki greiðslukræf fyrir en með dómi héraðsdóms í ársbyrjun 2011 og á þeim tímapunkti var fyrst hægt að reikna vexti á bæturnar.

Stefndi vísaði til ákvæða 2. tölul. 2. mgr. 8. gr. tekjuskattalaga þar sem fram kemur að áfallnir en ógreiðslukræfir vextir teljist ekki skattskyldir, heldur skuli telja slíka vexti til tekna þegar þeir eru greiddir eða greiðslukræfir. Umþrættir vextir hafi ekki orðið greiðslukræfir fyrir en við uppkvaðningu héraðsdóms í janúar 2011. Þar af leiðandi hafi stefnandi ekki borið að telja þá fram fyrir en á tekjuárinu 2011. Skatthlutfallið sem í gildi var á því ári var 20%.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þann 4. nóvember 2013 var íslenska ríkið sýknað af kröfum stefnanda. Í dómnum eru ákvæði 3. tölul. C-liðar 7. gr. reifuð þar sem fram kemur að vextir teljist til skattskyldra tekna. Þá eru jafnframt reifuð ákvæði 2. mgr. 8. gr. sömu laga þar sem fram kemur að til tekna teljist vextir sem eru greiddir eða greiðslukræfir.

Þá eru raktar þær breytingar sem gerðar voru á skatthlutfalli fjármagnstekna með lögum nr. 164/2010 ásamt því að rakin voru ákvæði laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, þar sem kveðið er á um á hvaða tímamarki eigi að halda eftir staðgreiðslu skatts af vöxtum og en þar kemur fram að tímamarkið sé þegar vextir eru greiddir út eða færðir eiganda til eignar á reikningi.

Ennfremur eru ákvæði 2. mgr. 59. gr. tekjuskattslaga rakin en ákvæðið hefur að geyma þá meginreglu að tekjur beri að telja til tekna á því ári sem þær verða til, þ.e. þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum. Undantekning er svo gerð á þessari meginreglu þegar um er að ræða óvissar tekjur. Í dóminum kemur fram að umrædd regla sé sérregla skattaréttar þar sem tekjufærslan miðist við það hvenær leyst er úr óvissu, en ekki hvenær til kröfuréttinda stofnaðist samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Í dóminum er svo málarekstur stefnanda á hendur Landsvirkjunar rakin og segir svo í héraðsdóminum:

„Ljóst þykir samkvæmt framangreindu að hér var um óvissa kröfu að ræða í skilningi skattaréttar. Af því leiðir að úr þeirri óvissu leystist ekki fyrir en með dómi Héraðsdóms Austurlands 25. janúar 2011, sem síðar var staðfestur með dómi Hæstaréttar Íslands, í máli nr. 233/2011 frá 18. október 2012.“

Hvað varðar þau rök stefnanda um að skattlagningin færi gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar segir í dómi héraðs-

dóms að það sé eitt meginneikenni skattahugtaksins að skatta beri að leggja á eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu. Þetta þýði í raun að skattur verði ekki lagður á tiltekna aðila en ekki á aðra sem eru í sömu stöðu. Lögjafinn hafi þó víðtækt vald til að ákveða hvaða atriði ráða skattlagningu jafnvel þó slíkt geti falið í sér eignaskerðingu, en skilyrði er að skattlagningin byggji á almennum efnislegum mælikvarða og gætt sé að jafnræðisreglum.

Í dóminum segir svo:

„Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að þau atvik sem ráði skattskyldu hafi orðið til með dómi Héraðsdóms Austurlands, sem kveðinn var upp hinn 25. janúar 2011. Af því leiðir að niðurstaða yfirséðanefndar, að miða staðgreiðsluhlutfall teknanna í heild við 20% skatthlutfall, sbr. 1. gr. laga nr. 164/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sbr. 1. málsl. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, hafi ekki falið í sér afturvirka skattlagningu.“

Að síðustu komst héraðsdómur að þeirri niðurstöðu að ekki verði séð að vaxta-

tekjur kæranda hafi verið skattlagðar á annan eða óhagstæðari hátt en annarra skattaðila sem voru í sömu stöðu.

Stefnandi skaut málinu til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi og gerði sömu kröfur og fyrir héraðsdómi.

Hæstiréttur Íslands gerði að umfjöllunar-efni í dómi sínum samning sem gerður var um framsal og yfirtöku vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar sem áfrýjandi var aðili að. Í samningnum var kveðið á um að vextir skyldu vera almennir vextir samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu og dráttavextir skyldu greiddar samkvæmt sömu lögum frá tilteknum degi til greiðsludags. Þá kom einnig fram í samningnum að vaxtaákvæði samningsins myndi ekki gilda í þeim málum sem skotið væri til dómstóla.

Að þessu virtu taldi Hæstiréttur að fallast yrði á það með héraðsdómi að vaxta-tekjur áfrýjanda hafi verið óvissar tekjur í skilningi 2. mgr. 59. gr. tekjuskattslaga og hafi þannig ekki orðið greiðslukræfar fyrir en með dómi Héraðsdóms Austurlands. Sýknudómur Héraðsdóms Reykjavíkur var þannig staðfestur með vísan til forsendna að öðru leyti.



**BLEIKA
SLAUFAN**

Dagur bleiku slaufunnar á Laugavegi 166



Október er mánuður Bleiku slaufunnar, árveknis- og fjárfundaráttaks Krabbameinsfélags Íslands gegn krabbameini hjá konum. Af því tilefni voru landsmenn hvattir til að klæðast bleiku fimmtudaginn 16. október sl. eða hafa bleikan lit í fyrirrúmi þann dag til að sýna samstöðu í baráttunni. Starfsmenn ríkisskattstjóra um allt land létu sitt ekki eftir liggja og tóku þátt í þessu átaki. Á meðfylgjandi mynd má sjá vaskan hóp starfsmanna á starfsstöðinni á Laugavegi með bleiku ívafi.

Hendricus E. Bjarnason

Heima er best!



Eftir að hafa búið 15 ár í Hollandi er ég loksins kominn heim aftur til Íslands. Það var skrítn tilfinning að keyra úr Norrænu og fikra sig upp á Fjarðarheiði á litla bílnum okkar sem hentaði svo vel í Niðurlöndum en virkaði svo pínulítil í þessu stórbrotna landslagi innan um alla erlendu fjallatrúkkana sem sneisafullir voru af útlendingum spenntum að skoða og upplifa land og þjóð.

Ef ég þurfti að fara eitthvað á bílnum í Hollandi var ég algerlega háður staðsetningartækinu, þar sem settur var inn áfangastaðurinn og tækið leiddi mig beinustu eða fljótlegustu leiðina þangað sem ég ætlaði. Það fyrsta sem ég tók eftir hér var að tækið í bílnum virtist eitthvað vera í vandræðum með að finna vegi til að keyra á, landið var einn stór grænn flötur. Í ljós kom að tækið hafði upplýsingar um alla vegi í Evrópu, en Ísland taldist ekki hluti af skilgreiningu framleiðandans á Evrópulandi og í tækinu var því ekkert kort af Íslandi. Hvernig átti maður nú að rata til Reykjavíkur án þess að láta segja sér hvar og hvernig

keyra ætti? Ég pakkaði tækinu niður í hanskahólfíð og ákvað að keyra til Egilsstaða og fá mér vegakort af Íslandi svo ég myndi rata suður.

Við ætluðum að taka þetta rólega og vera svona viku á leiðinni til Reykjavíkur frá Seyðisfirði, skoða landið í leiðinni og fara suðurleiðina því það voru orðin 20 ár síðan við keyrðum þá leið síðast. En í samræmi við veðurspána ákváðum við að fara norðurleiðina, þá væri meiri séns að við fengjum bjartviðri og nóg er einnig að sjá þá leiðina.

Við gistum fyrstu nóttina á Mývatni og gengum í Dimmuborgir og á Hverfjall. Ég var agndofa. Ég var búinn að gleyma því hversu fallett landið mitt er, hversu hrjúft og óskipulegt það er. Ólíkt öðruvísi fegurð en í Hollandi þar sem náttúran er skipulögð út í ystu æsar, trén gróðursett með 10 metra millibili, lækir eru beinir skurðir og vötn eru gamlar sandnámur þar sem áður var náð í sand til að hækka vegi og sleppt er nú seiðum í. Þar sem nánast öll útivistarsvæði eru skipulögð af manna völdum. Þar sem brýr eru ekki eingöngu gerðar fyrir ökutæki til að brúa erfiða vegartálma, heldur einnig fyrir skipasiglingar og villidýraumferð af einu skipulögðu „náttúru“ svæðinu yfir á annað. Þar sem hvarvetna á fjölförnum slóðum eru kaffi- og veitingahús jafnt í bæjum sem á grænum svæðum. Þar sem hægt er að hjóla þvert og um endilangt landið á sérlögðum hjólabrautum. Þar sem þú ert minnst klukkustund að komast í vinnu og klukkutíma heim. Þar sem alltaf er fólk alls staðar og á öllum tímum, þú ert aldrei einn en samt alltaf einn.

Á leiðinni til Reykjavíkur stoppuðum við á ýmsum stöðum. Alls staðar þar sem við stoppuðum til að skoða okkur um voru erlendir ferðamenn í stórum hópum að gera það sama og við, þ.e. að njóta náttúrunnar og nálægðarinnar við hana.

Eftir að hafa notið fegurðar Goðafoss settumst við aðeins á lengdar til að nesta okkur og virða fyrir okkur ferðamennina sem komu til að njóta fossins. Það kom hver rútan á fætur annarri full af erlendum ferðamönnum, með brosið breitt og myndavélarnar spenntar. Streymdu þeir út úr rútunum, stoppuðu í 15 mínútur, tóku ógrynni af myndum og fóru svo upp í rútuna aftur. Það sem er merkilegt var að engin skyldi falla fram af klettunum og út í ána, því ekkert var grindverkið og stóðu sumir alveg á brúninni við myndatökurnar.

Þegar við komum að afleggjaranum að Hvalfjarðargöngunum tókum við þá ákvörðun að aka frekar Hvalfjörðinn og labba upp að fossinum Glym. Mig hafði alltaf langað til þess að sjá fossinn enda sagður ákaflega fallegur og hrikalegur. Inní botni keyrðum við afleggjarann til að komast í göngufæri við Glym. Þegar við erum að komast á leiðarenda og erum að leita að stað til að leggja bílnum sjáum við að allt er fullt af bílum og erfitt að finna bílastæði. Ég var alveg viss um að það væri einhver veisla eða ættarmót í gangi, því hvaða erlendir ferðamaður veit af Glym? Hver fer þangað í miðri viku á miðjum degi? En okkur til mikillar undrunar var engin veisla í gangi heldur voru þetta bílar göngumanna og það sem meira var, flestir voru þetta erlendir ferðamenn. Við héldum þetta vera auðveldi rúmlega klukkustundar göngu og tókum því hvorki með okkur vatn né skótau til lengri gönguferða. Þegar við vorum búin að fylgja straumi ferðamanna í dágóðan tíma hittum við tvo hollenska ferðamenn á leiðinni niður. Þau voru ekki nema 20 ára gömul og sögðust vera hér í tíu daga ferð á eigin vegum að ferðast um landið og voru þau mjög upprifin af því sem þau höfðu séð og upplifað. Fannst Íslendingar vera frábært fólk, almennilegt og hjálpsamt og verðlagið vera svipað og í Hollandi,

ef ekki oftast hagstæðara. Þegar talið beindist að okkar ferð upp að fossi með ekkert með okkur, sögðu þau okkur að við ættum eftir þriggja klukkutíma göngu og þyrftum að klöngrast með bröttum hliðum á keðjum, fara yfir á og niður hinum megin þar sem hluti leiðarinnar væri hál moldargata. Þeim fannst við ekki vera nægilega vel búin til

útbúið. Síðan héldum við niður í bíl og ákváðum að fara seinna að heimsækja Glym og þá betur búin. Maður verður að viðurkenna að hægt sé að læra af ungu fólki og það getur meira að segja verið reynsluríkara en maður sjálfur þótt miklu yngra sé.

Eftir þetta lá leiðin beint í bæinn (Reykjavík), til barnabarnanna og til

stúdentarnir sögðu satt. Á Íslandi er flest á sama verði eða ódýrara en í Hollandi. Laun eru svipuð, skatturinn er svipaður, sjúkrakostnaður er mun lægri hér, hita- og rafmagnskostnaður er mun lægri hér, kalda vatnið er ódýrara og betra hér, námskostnaður er mun lægri hér, matar- kostnaður er svipaður að meðaltali, bensínið er lægra hér en kaup á bílum



Starfsmenn hugbúnaðarhóps tæknisviðs: Ævar Ísberg, Gunnlaugur Guðjónsson, Friðjón Bjarnason, Hendricus Bjarnason, Arnar Vilhjálmsson, Halldór Eiríksson, Steinunn Jónasdóttir og Einar Valur Kristinsson.

þessarar ferðar. Og svo væri alveg nauðsynlegt að hafa eitthvað snarl með og drykk. Þau ráðlögðu okkur að fara aftur í bílinn og græja okkur betur upp. Við vorum nú ekki á því, við þekktum nú landið okkar og færum nú ekki að láta einhverja útlenska krakka sem ekkert vit hafa á landinu segja okkur til með það. Við kvöddum og héldum áfram göngunni. Eftir skamman spöl til viðbótar urðum við að viðurkenna að þau hefðu rétt fyrir sér. Við hvíldum okkur í mjúkum mosanum, mót sólu, aðeins utan við göngubrautina og fylgdumst með göngufólkinu sem var yfirleitt vel

vinnu á nýjum vinnustað nokkrum dögum síðar. Spenningnum fyrir flutningnum/ferðinni var lokið en spenn-ingurinn fyrir framtíðina byggðist upp.

Það er ein spurning sem ég er sífellt spurður að eftir að ég flutti heim. Þ.e. hvort ekki sé mikill munur á framfærslu-kostnaði á Íslandi og í Hollandi. Í byrjun átti ég erfitt með að svara því þar sem ég vissi ekki hvað hlutir eða þjónusta kostuðu hér. Jú, ég gat strax svarað því að bensínið væri mun ódýrara hér. En nú eftir rúmlega ársdvöl er ég búinn að auka við þá vitneskju og reynslu og í sannleika sagt er það sem hollensku

og raftækjum eru dýrari hér, áfengi er dýrara hér, leigukostnaður er hærri hér, íbúðaverð er hærri hér, kostnaður við internetið er svipað, ódýrara í sund hér o.s.frv.

En stóri munurinn er kannski veðrið í Hollandi og nálægð og aðgengi nærliggjandi landa. Sumrin mildari, hlýrri og lengri en hitinn fer iðulega upp fyrir 30 stig og á vetrum niður í -20 með ísköldum austanvindi sem ekki er hægt að klæða af sér.

En þrátt fyrir þennan mun er þegar á heildina er litið bara nokkuð gott að búa á Íslandi. ■

Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2014

Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er nú reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

■ Af fyrstu 290.000 kr.	37,30%
■ Af næstu 494.619 kr.	39,74%
■ Af fjárhæð umfram 784.619 kr.	46,24%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 50.498 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

■ Af fyrstu 66.740* kr.	37,30%
■ Af næstu 113.830 kr.	39,74%
■ Af launum umfram 180.570** kr.	46,24%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* $3.480.000/365 \times 7 = 66.740$ ** $9.415.428/365 \times 7 = 180.570$

Annað

■ Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2014	20%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 180.000 kr.	6%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2014	1.624.603 kr.

Persónuafsláttur 2014

■ Einn mánuður.....	50.498 kr.
■ Hálfur mánuður.....	25.249 kr.
■ 14 dagar.....	23.243 kr.
■ Ein vika.....	11.621 kr.

Tryggingagjald

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	7,59%
■ Viðbót v/sjómannna á fiskiskipum	0,65%

Frádráttur vegna almenns aksturs

Af fyrstu 1.000 km, pr. km:	116 kr.
1.001 - 2.000 km:	114 kr.
2.001 - 3.000 km:	112 kr.
3.001 - 4.000 km:	98 kr.
4.001 - 5.000 km:	96 kr.

Sjá nánar í reglum um skattmat á rsk.is, m.a. vegna aksturs umfram 5.000 km.

Virðisaukaskattur

■ Almenn skattþrep	25,5%
■ Sérstakt skattþrep	7,0%

Barnabætur 2014

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember.

■ Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni	167.564 kr.
- með börnum umfram eitt	199.455 kr.
- Viðbót v/barna yngri en 7 ára	100.000 kr.
■ Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	279.087 kr.
- með börnum umfram eitt	286.288 kr.
- Viðbót v/barna yngri en 7 ára	100.000 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is.

Vaxtabætur 2014

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

■ Hjá einhleypingi	400.000 kr.
■ Hjá einstæðu foreldri	500.000 kr.
■ Hjá hjónum og sambúðarfólki	600.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar.

Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 2/2014

Gildir frá 1. 10. 2014

■ Gisting og fæði í einn sólarhring	24.900 kr.
■ Gisting í einn sólarhring	14.100 kr.
■ Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	10.800 kr.
■ Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	5.400 kr.

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009

Gildir frá 1. 3. 2009

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	187	125	120	80
■ Flokkur 2	SDR	159	106	102	67
■ Flokkur 3	SDR	141	94	90	60
■ Flokkur 4	SDR	125	83	80	54